

## Stjórnsmálin eru sirkus

Ungir kjósendur ræða kosningarnar fram undan

→ 24 og 25



#Ég líka  
Var misnotuð af sundþjálfaranum sínum

Hildur Erla Gísladóttir stígur fram.  
→ 32



Sögulegur sigur stelpnanna okkar  
Unnu Þjóðverja í fyrsta sinn. → 2 og 18



Einn af þeim yngstu  
Sebastian Kurz í Þjóðarflokki ÖVP. → 12

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • ATVINNA

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


GJAFAKORT SMÁRALINDAR

GJÖF SEM GEFUR  
ÓTAL MÖGULEIKA



SMÁRALIND

## Veður



Hægir vindar og skýjað með köflum, en norðankaldi og fer að rigna fyrir austan seinnipartinn, jafnvel slydda til fjalla. Fremur milt í veðri.

**SJÁ SIÐU 48**

## Átta flokkar inni á þingi

**STJÓRNMÁL** „Við verðum bara að sjá. Við munum leggja áherslu á að fá góða niðurstöðu í kosningunum og þá verður allt auðveldara,“ segir Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, um niðurstöður nýs Þjóðarpúls Gallup sem birtar voru í gær.

Átta flokkar ná manni á þing samkvæmt Þjóðarpúlsinum. Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstri græn eru nánast hnífjöfn með fylgi í kringum 23 prósent og fyrirheit um 15 þingmenn hvor. Hin 33 þingsætin dreifast á sex flokka.

„Ég er vöðalega tregur að fara fram úr mér og reyni að taka einn dag í einu núna,“ segir Bjarni inntur eftir því hvaða möguleika hann telji Sjálfstæðisflokkinn eiga á stjórnamyndun miðað við þessa könnun.

Þrátt fyrir að fylgi Sjálfstæðisflokksins sé tiltölulega lítið í sögulegu samhengi segist Bjarni bjartsýnn. „Það er mikill kraftur í Sjálfstæðismönnum og ég er bjartsýnn á síðustu dagana fyrir kosningar.“

Bjarni telur kosningabaráttuna hafa verið að stytta á síðustu árum. „Mér finnst samtalið við kjósendur miklu lausara í reipunum þegar það eru tvær til þrjár vikur til kosninga. Hin eiginlega kosningabaráttan er að fara fram á síðustu tveimur vikunum þegar málfein fara loksins að siast í gegn.“

Samkvæmt könnuninni er Samfylkingin þriðji stærsti flokkurinn með 13 prósent fylgi. Píratar koma þar á eftir og mælast með 11 prósent. Fylgi Miðflokksins mælist 9 prósent, Framsóknarflokks ríflega 7 prósent, Vídreisnar næstum 6 prósent og Flokks fólksins sömuleiðis. Björt framtíð fær rúmlega 1 prósent og Alþýðufylkingin 0,5 prósent. – áá



**Bjarni Benediktsson,**  
formaður Sjálfstæðisflokksins

## Kemst hvorki lönd né strönd



Þota þýska flugfélagsins Air Berlin var kyrrsett af starfsmönnum Isavia á Keflavíkurflugvelli á fimmtudagskvöld vegna vanskila. Tveimur snjó-moksturstækjum var þá lagt fyrir framan og aftan flugvélinu og flugstjóra hennar afhent tilkynning um kyrrsetninguna. MYND/VÍKURFRÉTTIR

## Flutti inn byssur með búslóðinni

**DÓMSMÁL** Færeysk kona á fertugsaldri hefur verið ákærð fyrir tolla- og vopnalagabrot fyrir að hafa flutt til landsins í búslóðarsendingu loftskammbyssu og riffil.

Skotvopnanna var ekki getið í afgreiðsluskjölum sendingarinnar og ekki sótt um tilskilin leyfi. Þar að auki var konan ekki með gilt skotvopnaleyfi hér á landi.

Lögreglustjórnin á Norðurlandi birti í Lögbirtingablaðinu í gær fyrirkall í málinu þar sem ekki hefur tekist að birta konunni ákærana. Er þar tekið fram að hún sé með óþekktan dvalarstað í Færeyjum.

Konan flutti skotvopnin hingað til lands í október í fyrra og var riffillinn af óþektri gerð og án allra auðkenna.

Málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Norðurlands vestra þann 28. nóvember. – hg

# Lokamínúturnar þrjár liðu eins og þrjár vikur

Gömlu kvennalandsliðshetjurnar Ásta B. Gunnlaugsdóttir og Vanda Sigurgeirsdóttir trúðu varla sínum eigin augum þegar þær horfðu á íslenska landsliðið vinna það þýska í gær. Báðar lifðu þær sig inn í leikinn með öskri og hoppum.

**ÍÞRÓTTIR** „Ég sat hérna agndofa og óskraði oft og mörgum sinnum á sjónvarpið,“ segir Ásta B. Gunnlaugsdóttir, sem spilaði á sínum tíma 26 landsleiki fyrir Íslands hönd og skoraði í þeim átta mörk. Líkt og fjölmargir aðrir horfði hún á snilldina sem íslenska kvennalandsliðið bauð upp á í Þýskalandi í gær með stórbrotnum sigri.

Þetta var fyrsti sigur Íslands á sameiginlegu liði Þýskalands hjá bæði A-landsliðum karla og kvenna. Þýska landsliðið er ríkjandi Ólympíumeistari, áttfaldur Evrópumeistari og í öðru sæti á styrkleikalista FIFA, en þær þýsku áttu engin svör við stórkostlegum leik íslenska liðsins.

„Ég hoppaði um húsið og síðustu þrjár mínúturnar voru alveg að fara með mann. Þær liðu eins og þrjár vikur,“ segir Vanda Sigurgeirsdóttir en hún spilaði 37 landsleiki auk þess að þjálfra íslenska kvennalandsliðið um tíma. „Ég er stödd á Hofsósi, og var hérna líka þegar Ísland vann England á EM karla. Ég held að þetta sé einhver happastaður – það er eitthvað í loftinu hérna,“ segir hún.

Þegar úrslit eldri leikja eru skoðuð er ekki oft þar sem landsliðið hafði möguleika gegn Þýskalandi. Einu sinni tapaði liðið 8:0 á afmælisdegi Vöndu. „Þá voru þær í betra formi og miklu fljótar. Fyrst þegar ég spilaði við þær, fékk ég kantmann á móti mér og ég hugsaði með mér; Guð minn góður, hún var svo fljót.“

Síðan hafa verið stigin stór skref í kvennaboltanum hér heima. „Í



Barátta og framúrskarandi fótþoli skiluðu sögulegum sigri. NORDICPHOTOS/GETTY



**Ásta B. Gunnlaugsdóttir,**  
landsliðshetja

Ég er stödd á Hofsósi, og var hérna líka þegar Ísland vann England á EM karla. Ég held að þetta sé einhver happastaður.

Vanda Sigurgeirsdóttir, landsliðshetja



Þessum leik vorum við betri,“ segir Vanda.

Ásta tekur í sama streng en báðar hrósa þjálfarateyminu mikið. „Þetta var rosalega góður leikur og við vorum bara betri en þær. En ég var orðin skithrædd í lokin. En vá. Mér fannst þetta æðislegt og yndislegt á að horfa. Það er eitthvað í vatninu hér á Íslandi þessa dagana. Ég leit oft á stöðuna og trúði henni varla.“

Vanda segir að sigurinn megi skrifa á Frey Alexandersson landsliðsþjálfara og hans teymi. „Mér fannst stelpurnar spila þennan leik listavel. Þetta var íslenska baráttan og taktik og þegar það kemur saman þá gerast góðir hlutir.“

benediktboas@365.is

# 15%

afsláttur af 210 stk. Nicorette nikótínlyfjatyggingummi

- Allar bragðtegundir
- 2 mg og 4 mg

Fruitmint - Classic - Whitemint - Freshmint



Gildir til 12. nóvember 2017

**Apótekarinn+**  
- lægra verð

www.apotekarinn.is

Kringlan

30  
ára

AFMÆLISVEISLA Í DAG

# FAGNIÐ MEÐ OKKUR KRINGLAN Í 30 ÁR

GÖNGUGATAN VERÐUR  
HLAÐIN KRÆSINGUM  
ALLA HELGINA,  
KOMDU OG NJÓTTU

## LAUGARDAGUR

### FRÁ KL. 13

Andlitsmálun fyrir börnin, trúðar, hjólaskautalistamenn og blöðru-gerðarmenn. Loftfimleikar frá Sirkus Íslands.

### KL. 15.30

#### LUKKUHJÓL

með Bjarna töframanni

**YFIR 100 VINNINGAR AÐ  
VERÐMÆTI YFIR 500.000 KR.**

Ókeypis þátttaka

### KL. 15-18

Sigga Kling ásamt fleiri spákonum spá fyrir gestum og gangandi.

### KL. 15.30

Lifandi tónlist á ferðinni undir stjórn Ara Braga Kárasonar.

**CANDYFLOSS, EMESSÍS OG  
KAFFI FRÁ KAFFITÁRI, SÚKKULAÐI  
FRÁ NÓA SÍRÍUS OG KÁTIR  
KRAKKAR FÁ BLÖÐRUR**

## SUNNUDAGUR

### KL. 14-16

Andlitsmálun fyrir börnin. Blöðru-gerðarmenn og trúðar á ferðinni.

**VERSLANIR OG VEITINGASTAÐIR  
BJÓÐA GLÆSILEG AFMÆLISTILBOÐ  
ALLA HELGINA**

LAUGARDAGUR

**10-18**

SUNNUDAGUR

**13-18**

AFMÆLISAFSLÁTTUR

**10-50%**

SKOÐAÐU TILBOÐIN INN Í BLAÐINU


TÖLUR VIKUNNAR 15.10.2017 – 21.10.2017

**200 milljónir**

króna er verðið sem Hveragerðis-bær greiðir Seðlabankanum fyrir svokallað Kambaland.

**42%**


leigjenda nýta sér rétt sinn til húsnæðisbóta. Gert var ráð fyrir 6,4 milljörðum í húsnæðisbætur á fjárlögum í ár. 1,1 milljarður verður eftir í ríkiskassanum í lok árs.

**99**

milljarðar króna verða tekjur ríkissjóðs af tryggingagjaldi samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs.

**2,7 milljörðum**

myndi 76 prósentu hátekjuskattur á þá sem eru með yfir 25 milljónir í árs-laun skila í auknar tekjur ríkissjóðs.

**1.930**

milljarðar voru skuldir heimilanna í lok árs 2016. Fjáreignir stóðu í 5.631 milljarði.

**40 þúsund**

manns á aldrinum 25-64 ára sóttu sér simenntun árið 2016. Er það lækkun um rúm þrjú prósentustig frá árinu á undan.



## Þrjú í fréttum Bolti, bann og synjun

### Dagný Brynjarsdóttir

knattspyrnukona

sem varð bandarískur meistari með liðinu sínu í fótbolta, Portland Thorns, vann þar með sinn ellefta stóra titil á ferlinum. Dagný sagði árið hafa verið mjög erfitt. Hún hefði verið meidd í nokkra mánuði en svo hefði hún verið upp á sitt besta. „Ég er í þessu til að vinna titla og þetta er geggjáð.“



### Jón Trausti Reynisson

ritstjóri Stundarinnar

neitaði að afhenda fulltrúum sýslumanns og lögmanni Glitnis gögn frá Glitni sem fjallað hafði verið um. „Frekar myndum við fara í fangelsi heldur en að afhenda gögn sem við höfum eða heimildir,“ sagði ritstjórinn. Lög-bann var sett á frekari umfjöllun úr gögnunum.



### Freyja Haraldsdóttir

fyrirverandi varapingmaður og baráttukona fyrir bættum réttindum fatlaðs fólks

telur brotið á mannréttindum sínum. Barnaverndarstofa neitaði henni um að gerast varanlegt fösturfórelldri. Ákvörðunin var tekin áður en Freyja hafði setið námskeið þar sem mat fer fram á hæfni til að vera fösturfórelldri. Úrskurðarnefnd velferðarmála staðfesti synjunina.



# Þörf á átaki í landgræðslu til að sporna við óðalöslun næstu ár

Að óbreyttu mun Ísland þurfa að kaupa losunarheimildir til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart Kýótó-bókuninni. Landgræðslustjóri segir mikil sóknarfæri í landgræðslunni þar sem 500 þúsund hektarar biða endurheimtar og landgræðslu. Kostnaður vegna kaupna á losunarkvóta gæti hlaupið á milljörðum.

**UMHVERFISMÁL** Nauðsynlegt er að gera stóratök í endurheimt votlendis til að stemma stigu við losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi að mati Árna Bragasonar landgræðslustjóra. „Við erum ennþá að ræsa fram meira votlendi en við erum að endurheimta. Og það er bara öllum skítsama,“ segir Árni.

Árni sat 10. umhverfisþing umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í gær þar sem Katrín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, greindi frá stöðu Íslands gagnvart Kýótó-bókuninni. Í minnisblaði stofnunarinnar til ráðuneytisins kemur fram að ef ekki verði dregið verulega úr losun hér á landi á öðru tímabili bóknarinnar, eða á árunum 2013 til 2020, muni hún verða langt umfram úthlutaðar heimildir og bindingareiningar.

Umfang áætlaðrar umframlosunar á tímabilinu nemur rúmlega 3.600 kílótonnum (kt) af CO<sub>2</sub>-ígildum, eða vel yfir 16 prósent af heildarlosun á tímabilinu.


Samkvæmt samningi Íslands og ESB hefur Ísland fengið úthlutaðar heimildir fyrir losun 15.327 kt af CO<sub>2</sub>-ígildum á þessu átta ára tímabili. Á árunum 2013 til 2015 var losun Íslands, mæld samkvæmt samningi við ESB, 8.930 kt. Þetta þýðir að landið hefur losað 53 prósent af heimildum sínum fyrir skuldbindingartímabilið, og það á aðeins þremur árum.

Umhverfisstofnun tiltekur tvær

## Áætlað hlutfall milli losunarheimilda Kýótó og losunar umfram inneign

kt CO<sub>2</sub>-ígildi

25.000



ástæður fyrir þessu. Annars vegar er ljóst að mikil fjölgun ferðamanna sem koma til Íslands og hagvöxtur vegna hennar hefur áhrif á losun, t.d. frá samgöngum og í byggingariðnaði. Hins vegar er útlit fyrir að kolefnisbinding í skógrækt og landgræðslu verði minni en gert var ráð fyrir í aðgerðaáætlun árið 2010.

Yfir 40 prósent af heildarlosun á Íslandi koma til vegna framræsts

**Við erum ennþá að ræsa fram meira votlendi en við erum að endurheimta. Og það er bara öllum skítsama.**

Árni Bragason, landgræðslustjóri



## Mögulegur kostnaður

Erfitt er að áætla mögulegan kostnað Íslands vegna kaupna á losunarkvóta. Miðað við núverandi gengi heimildanna, 0,2 evrur, gæti 3.612 kt. eininga þörf numið rúmlega 90 milljónum króna. Hins vegar er líklegt að gengið muni hækka verulega á næstu árum. Hollensk yfirvöld berjast nú fyrir því að gengið verði 20 evrur. Slík sviðsmynd þýðir kaup á heimildum fyrir rúmlega 9 milljarða króna.

votlendis og beitilands sem er illa farið. Aðildarríki Kýótó-bóknarinnar geta talið sér bindingu kolefnis til tekna að einhverju leyti, en að hámarki 1.000 kt á tímabilinu.

Árni segir mikilvægt að finna leiðir til að auka vægi þessa þáttar í loftslagsbókhalda landsins, en í millitíðinni verði engu að síður að einblína á stóru tölurnar en ekki þau 4 prósent sem rekja má til bíla og 12 prósent sem rekja má til iðnaðarframleiðslu, þó svo að minni losun frá þessum geirum sé auðvitað mikilvægt markmið.

„Í landgræðslunni erum við með 500 þúsund hektara sem hrópa á aðgerðir og við erum að endurheimta um 16 þúsund hektara á ári,“ segir Árni. „Við erum með innviði til staðar til að gera miklu, miklu meira.“ [kjartanh@frettabladid.is](mailto:kjartanh@frettabladid.is)

**Átt þú rétt á slysabótum?**  
Við hjálpum þér

HAFÐU SAMBAND 511 5008

**TORT**  
INNHEIMTA SLYSABÓTA

## Fremst Norðurlanda í jafnréttismálum

**SAMFÉLAG** Íslendingar standa sig best Norðurlandþjóða í jafnréttismálum hvað varðar fjölda kvenna í stjórnnum fyrirtækja og íslenskir feður eru duglegastir fedra á Norðurlöndum við að taka fæðingarorlof. Þetta sýna tölur Norræna ráðsins um tölfærði Norðurlandþjóðanna árið 2016.

Atvinnuleysi er langminnst á Íslandi og Færeyjum en atvinnuleysi karla í Svíþjóð, Finnlandi og á Grænlandi mældist yfir átta prósent í lok árs 2016.

Ísland sker sig svo örlítið úr hvað varðar jafnréttismál. Hlutfall heildarfæðingarorlofs karla er hæst hér á landi eða 30 prósent, örlítið hærra en hjá Svíum en 21 prósent fæðingarorlofs í Svíþjóð er tekið af karlmönnum. Fæðingarorlof karla í Danmörku er aðeins tíund heildarfæðingarorlofs Dana og reka þeir lestina af þeim fimm ríkjum sem skoðuð voru.



Þó litlir sigar hafa unnist er langt í að jafnrétti sé náð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**» Hlutfall heildarfæðingarorlofs karla er hæst hér á landi, eða 30 prósent.**

Einnig var kannaður fjöldi kvenna í stjórnnum stórra fyrirtækja. Danir reka þar einnig lestina með um fjórðung kvenna í stjórnnum fyrirtækja. Hér á landi er munur kynjanna mun minni, 56 prósent karla á móti 44 prósentum kvenna. – sa



ÍSLENSKIR KJÓSENDUR EIGA SKILIÐ AÐ

STJÓRN MÁLAMENN VINNI AF HEILINDUM.

GETUM VIÐ EKKI ÖLL VERIÐ

SAMMÁLA UM ÞAÐ?



*Lilja Alfreðsdóttir*

1. sæti í Reykjavík suður

Mynd: UN Photo/Cia Pak



*Kjósum Lilju og Sigurð Inga til forystu!*





Framkvæmdir á Mýrargötu.  
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Gagnrýni sögð vera villandi

**SKIPULAGSMÁL** Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarráði segja að deiliskipulagsbreyting sem ráðið samþykkti í gær fyrir svokallaðan Allianz-reit við Reykjavíkurborg feli í sér að byggingarmagn ofanjarðar meira en tvöfaldist. „Fleiri og hærri byggingar valda því að útsýni úr hverfinu skerðist til vesturs og skuggavarp eykst,“ segir í bókun Sjálfstæðismanna.

Borgarráðsfulltrúar meirihluta Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og VG sögðu bókun Sjálfstæðisflokksins afar villandi. „Enda er skautað fram hjá því að byggingarmagn á svæðinu hefur þvert á móti verið minnkað umtalsvert frá því skipulagi sem var í gildi þegar Reykjavíkurborg keypti reitinn.“ – gar

## Tók á móti stjórnarher Filippseyja



Rodrigo Duterte, forseti Filippseyja, tók í gær á móti hermönnum stjórnarhersins á flugvelli í borginni Cagayan de Oro sem náðu að frelsa borgina Marawi úr klóm hryðjuverkamanna. Vigamennirnir, sem hliðhollir eru Íslamska ríkinu, lutu þar í lægra haldi á þriðjudag. Stóðu bardagar yfir í fimm mánuði og um þúsund manns létu lífið í átökunum. Um fjögur hundruð þúsund þurftu að yfirgefa heimili sína. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Óttarr ákveður framtíð sjúkrahótelsins

Heilbrigðisráðherra tekur ákvörðun um hvort ríkið eða einkaaðilar muni sjá um rekstur nýs sjúkra- og sjúklingahótel sem verið er að byggja við Hringbraut á næstu dögum. Hótelid átti að vera tilbúið í júní síðastliðnum en lokaskil dragast fram í miðjan desember.

**STJÓRNSÝSLA** Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra ætlar að tilkynna á næstu dögum hvert rekstrarform nýs sjúkra- og sjúklingahótel á lóð Landspítalans við Hringbraut verður. Framkvæmdir við byggingu hótelsins hafa dregist verulega.

Endanleg ákvörðun um hvort Landspítalinn reki hótelid, það verði boðið út til einkaaðila eða rekstrarformid verði blanda af hvoru tveggja, hefur legið á borði heilbrigðisráðherra um nokkra hrið. Fyrst hjá Kristjáni Þór Júlíussyni og nú Óttari Proppé. Þótt aðeins vika sé í kosningar og starfsstjórn í landinu segir Sigrún Gunnarsdóttir, aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra, að ákvörðunar-

takan verði ekki látin ganga til næsta ráðherra. Vinna við málið sé á lokametrunum.

„Gert er ráð fyrir að ákvörðun liggja fyrir á næstu dögum,“ segir Sigrún.

Hinn 16. desember 2015 skipaði Kristján Þór starfshóp sem falið var að skoða mismunandi rekstrarform sjúkrahótelsins. Starfshópurinn skilaði af sér í júlí í fyrra þar sem þrjár leiðir komu helst til greina en skiptar skoðanir voru innan starfshópsins þar sem skilað var nokkrum sérálitum.

Kristján Þór eftirlét eftirmanni sínum að taka ákvörðunina og hefur málið verið í vinnslu innan velferðarráðuneytisins síðan.



Framkvæmdir við sjúkrahótelid við Hringbraut hafa dregist verulega eins og ákvörðunin um hvert rekstrarform þess verður. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Upphaflega átti framkvæmdum að ljúka í júní síðastliðnum. Það stóðst ekki og tilkynnt var að verklok hefðu dregist fram á haust. Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri Nýs Landspítala ohf., segir að samkvæmt nýrri verkáætlun verktakans sé gert ráð fyrir lokaskilum 15. desember. Standist það mun afhending hins nýja fjögur þúsund fermetra sjúkrahótel hafa dregist um nærri hálf ár. En þessi dráttur þýðir einnig að ekki hefur legið eins mikið á að ákveða rekstrarformid, sem ljóst er að kann að vera umdeild ákvörðun, hvernig sem fer. Óttarr Proppé hyggst hins vegar taka þá ákvörðun fyrir næstu ríkisstjórn. mikael@frettabladid.is



## Náttúruleg vörn gegn óþægindum á kynfærasvæði

Rosonia og Liljonia frá Florealis byggja á vísindalegum grunni og hafa viðurkennda virkni gegn kláða, sviða og bólgum á ytra kynfærasvæði og í leggöngum.

Rosonia og Liljonia má nota saman ef einkenni eru bæði á ytri og innri kynfærum.

Sjá meira á [florealis.com](http://florealis.com)



**Liljonia**  
Hylki í leggöng



**Rosonia**  
Fröða fyrir ytri kynfæri

# Nýr Tiguan á ómótstæðilegu haustverði.

Vetrarpakki með 50% afslætti  
býðst með öllum Tiguan til áramóta:

- Vetrardekk 110.000 kr.
- Dráttarkrókur 165.000 kr.
- Gúmmimotta í farangursrými 25.000 kr.

Samtals 300.000 kr. með 50% afslætti  
150.000 kr.



## Betur búinn Tiguan með kaupauka fyrir veturinn.

Við bjóðum sérlega vel útbúna Volkswagen Tiguan á ótrúlega góðu verði. Skarpar línur, rúmgott innanrými og sniðugar tækninýjungar gera hann að spennandi kosti ef þú ert í bílahugleiðingum. Hann skartar ríkulegum staðalbúnaði og nú býðst einnig freistandi vetrarpakki með öllum nýjum Tiguan. Komdu og prófaðu, við tökum vel á móti þér.

### Tiguan Offroad

- „Offroad“ útlit, 20 cm veghæð
- Margmiðlunartæki með 8" glerskjá
- Mirror Link og Apple CarPlay
- Upplýsingaskjári í lit í mælaborði
- Loftkæling
- Akreinavari
- Nálgunarvarar að framan og aftan
- Hraðastillir
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Pakbogur
- Bakkmyndavél
- Montana 17" álfelgur

Tilboðsverð

**4.990.000 kr.**

Listaverð 5.490.000 kr.

### Fjór hjóladrífinn TSI

Bensínmotor  
Sjálfskiptur DSG6  
150 hestöfl | 250 Nm tog  
Meðaleyðsla 6.9 l/100 km  
2.200 kg dráttargeta

Tilboðsverð

**5.490.000 kr.**

Listaverð 5.890.000 kr.

### Fjór hjóladrífinn TDI

Disilmotor  
Sjálfskiptur DSG6  
150 hestöfl | 340 Nm Tog  
Meðaleyðsla 5.7 l/100km  
2.500 kg dráttargeta

### Tiguan Comfortline +

- Margmiðlunartæki með 8" glerskjá
- Mirror Link og Apple CarPlay
- LED aðalljós
- Upplýsingaskjári í lit í mælaborði
- Þrískipt tölvustýrð loftkæling
- Akreinavari
- Nálgunarvarar að framan og aftan
- Hraðastillir
- Hiti í stýri
- Dökkar rúður að aftan og í afturhlara
- Þriggja svæða loftkæling
- Pakbogur
- Bakkmyndavél og bílastæðaaðstoð
- Montana 17" álfelgur
- Rafmagnshleri
- Lyklalaust aðgengi
- Aðfellanlegir speglar

**5.990.000 kr.**

### Fjór hjóladrífinn TSI

Bensínmotor  
Sjálfskiptur DSG6  
150 hestöfl | 250 Nm tog  
Meðaleyðsla 6.9 l/100 km  
2.200 kg dráttargeta

**6.390.000 kr.**

### Fjór hjóladrífinn TDI

Disilmotor  
Sjálfskiptur DSG6  
150 hestöfl | 340 Nm Tog  
Meðaleyðsla 5.7 l/100km  
2.500 kg dráttargeta



Volkswagen

Við látum framtíðina rætast.



# Þýsk börn send í einangrun til Íslands

Þýskt einkafyrirtæki sendi börn á íslensk fósturheimili til þess að brjóta niður bjargir þeirra. Bragi Guðbrandsson segir íslensk barnaverndaryfirvöld ekki hafa haft heimild til að banna starfsemina. Ekki var staðið við skilyrði um að flytja börnin aftur til Þýskalands.

**SAMFÉLAG** Þýsk börn voru send hingað til lands í fóstur fyrir um tveimur áratugum í óþökk íslenskra barnaverndaryfirvalda. Tilgangurinn var að brjóta niður allar bjargir þeirra og aftengja þau vöndum félagskap.

Stöð 2 sagði frá því á fimmtudagskvöld að Útlendingastofnun hefur ákveðið að vísa þýskum brotamanni, Marcel Wojcik, úr landi. Marcel hefur búið á Íslandi í rúm 15 ár eða allt frá því að hann var sendur til landsins sextán ára gamall í vistun til fósturforeldra í sveit. Hann hafði fengið dóm í Þýskalandi og var boðið að taka út hluta hans í sveit á Íslandi.

Saga Marcel's vekur athygli en Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir það ekki einsdæmi að hingað hafi komið börn í vistun frá Þýskalandi. Fyrir um það bil 20 árum, fáeinum árum eftir að Barnaverndarstofa var stofnuð, hafi þeim borist fréttir af því að þýskt einkafyrirtæki hefði ráðstafað börnum í fóstur á nokkur íslensk sveitaheimili.

„Það verður að ræði að við förum og könnum þetta. Þetta var tvíþætt. Annars vegar eru nokkrir starfsmenn þessa fyrirtækis sem bjuggu á afskekktum bæ, í Miðfirði minnir mig, með nokkrum þýskum börnum og síðan höfðu þeir komið hluta af þessum börnum í fóstur til bænda á svæðinu,“ segir Bragi. Barnaverndarstofa hafi talið þetta mjög óheppilegt „þarna var verið að taka þau út úr sínu þjóðfélagi, flytja þau í einangrun upp í sveit á Íslandi þar sem þau voru eiginlega ósjálfbjarga í harðri náttúru og töluðu ekki neitt tungumál. Þetta var byggt á einhvers konar uppeldiskenningum um það að brjóta niður allar bjargir þessara einstaklinga þannig að þeir gætu ekki manípúlarað, gætu ekki strokið og þetta átti að vera leið til að aftengja þá vöndum félagskap, munnsöfnuði og öðru slíku,“ segir Bragi. Barnaverndarstofa hafi hreinlega viljað banna þessa starfsemi á Íslandi.

Bragi bendir á að þýska barna-



Ísland

16

ára gamall þýskur drengur var sendur hingað til lands í vistun í sveit.

» Forstjóri Barnaverndarstofu segir þýska barnaverndarkerfið allt öðruvísi en hið íslenska. Einkaaðilum hafi þar verið falið að taka við börnum í vistun.

Flogið var með þýsk börn til Íslands og þau send í vist í Skagafirði og Húnavatnssýslu.

verndarkerfið sé allt öðruvísi en hið íslenska. Þar hafi einkaaðilum verið falið að taka við börnunum og annast þau og lítið eftirlit hafi verið með afdrifum þeirra. „En þar sem þetta

var einkafyrirtæki, þá hafði það samkvæmt reglum EES heimild til þess að starfa innan EES-svæðisins. Við höfðum því ekki heimild til þess að banna þessa starfsemi.“

Forstjórinn segir að Barnaverndarstofa hafi getað gert kröfur til þess að þetta fyrirtæki færi að íslenskum lögum. „Það næst samkomulag um ákveðna tilhögun á þessu dæmi. Það


Þarna var verið að taka þau út úr sínu þjóðfélagi, flytja þau í einangrun upp í sveit á Íslandi þar sem þau voru eiginlega ósjálfbjarga í harðri náttúru og töluðu ekki neitt tungumál.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu



er fólgið í því að þeim bar að upplýsa okkur um hvaða börn kæmu til landsins og hver vandamál þeirra væru. Í öðru lagi gerðum við kröfur um að þeir gerðu samninga við skólafólk og tryggðu viðeigandi kennslu. Í þriðja lagi að það yrði gerður samningur til að tryggja þessum börnum viðeigandi heilbrigðisþjónustu og í fjórða lagi að þau myndu greiða fyrir öll inngrip sem þyrfti til af hálfu Íslands. Til dæmis vistun á neyðarvistun Stuðla sem þurfti í einhverjum tilfellum. Þegar þessari dvöl væri lokið ættu þeir að taka þessi börn til Þýskalands en ekki skilja þau hér eftir. Síðan kom í ljós að þeir áttu í basli með að uppfylla þær kröfur og ákvæði sem samningurinn kvað á um,“ segir Bragi. Eftir það hafi starfsemin lagst af.

Bragi segist hafa talið að öll þessi þýsku börn hefðu horfið til baka til Þýskalands og hafði ekki hugmynd um tilvist Marcel's Wojcik. Bragi þekkir ekki til þess að í dag séu fyrirtæki að gera svipaða samninga og þetta þýska fyrirtæki gerði. „Ég held að það myndi ekki fara fram hjá okkur í dag.“ [jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)



Starhagi 1 - lóð til sölu

## Lóð fyrir flutningshús

Reykjavíkurborg býður til sölu byggingarrétt á Starhaga 1 á föstu verði.

Umsókn skal innihalda myndir af húsi, innan og utan, teikningar af flutningshúsi ef til eru, upplýsingar um stærð grunnflatar, mænishæð, aldur húss og núverandi staðsetningu, auk byggingarsögu ef til er. Húsið þarf að falla vel að umhverfinu og vera í svipaðri stærð og nærliggjandi hús í samræmi við ákvæði gildandi deiliskipulags.

Umsóknarfrestur er til kl. 14:00 miðvikudaginn 1. nóvember 2017  
Sjá nánari upplýsingar á vef Reykjavíkurborgar - [reykjavik.is/lodir](http://reykjavik.is/lodir)

[www.reykjavik.is/lodir](http://www.reykjavik.is/lodir)



Enginn geðlæknir er á fangelsinu Litla-Hrauni. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

## Páll vonar að ný úttekt ýti við heilbrigðisýfirvöldum

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég er mjög ánægður með að fá enn eina úttektina og vona að hún skili meiru en allar hinar úttektirnar sem hafa verið gerðar og hafa ekki skilað neinu af hálfu Alþingis,“ segir Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, um stjórnsluendurskoðun sem Ríkisendurskoðun vinnur nú að um heilbrigðisþjónustu fanga.

Ríkisendurskoðun vann skýrslu um skipulag og úrræði í fangelsismálum árið 2010, þar sem bent var á að úrbóta væri þörf. Skýrslunni var fylgt eftir árin 2013 og 2016. Þrátt fyrir að velferðarráðuneytið segðist hafa unnið að úrbótum telur Ríkisendurskoðun lítinn sjáanlegan árangur af þeim. Þetta kemur fram á vef Ríkisendurskoðunar.

Stofnunin hóf forkönnun á heilbrigðisþjónustu fanga í júní síðastliðnum og niðurstöður hennar benda

til að þótt almenn heilbrigðisþjónusta virðist viðunandi sé úrbóta þörf í geðheilbrigðismálum og áfengis- og vímuefnamedferð. Þá sé almennri stefnumörkun í heilbrigðismálum fanga ábótavant. Því hefur Ríkisendurskoðun ákveðið að hefja aðalúttekt á heilbrigðisþjónustu fyrir fanga.

Páll segir engar úrbætur hafa verið gerðar af hálfu heilbrigðisfyrvalda frá því að fyrsta úttektin var gerð á þessum málaflokk fyrir nokkrum árum. „Það hefur ekkert breyst á þessum tíma. Það eina sem hefur verið gert, er að það hefur verið opnað stórt fangelsi og það er ekki einu sinni búið að bjóða út heilbrigðisþjónustu fyrir það,“ segir Páll.

Stefnt er að því að stofnunin birti opinbera skýrslu til Alþingis með niðurstöðum úttektarinnar í mars á næsta ári. – áá



# Ford KA+



## SNJALLASTUR

Ford Ka+ er snjall bíll með litríkan persónuleika sem skín í gegnum nýtt útlit hans með töffaralegu Ford grilli og rennilegum framljósum. Ford Ka+ er svo snjall að í honum getur þú með raddstýringu hringt og svarað símtölum, hlustað á sms skilaboð eða spilað uppáhalds tónlistina þína. Samhliða því upplifir þú svo frábæra aksturseiginleika, notagildi og Ford gæði.

VERÐ FRÁ:

**1.790.000** KR.

**26.264 kr.**  
á mánuði

- Miðað við 90% Lykillán
  - Kaupverð 1.790.000 kr.
  - Útborgun 179.000 kr.
  - Vextir 8,15%
  - Lánstími 84 mánuðir
  - Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,84%
- Útborgun í formi uppþökubíls er að sjálfsgöðu möguleiki



**Ford er frábær!**  
**Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Ka+**

[ford.is](http://ford.is)



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:  
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17  
og laugardaga kl. 12-16



## Átt þú sumarhús eða íbúð sem þú vilt leigja?

Orlofssjóður BHM óskar eftir að taka á leigu sumarhús eða íbúðir um land allt og annars staðar í Evrópu til að framleigja til sjóðfélaga sumarið 2018.

Húsnæðið þarf að vera í mjög góðu ástandi, fullbúið húsgögnum og öðrum viðeigandi húsbúnaði. Þar þarf jafnframt að vera pláss fyrir 6–8 manns í gistingu.

Áhugasamir húseigendur sendi tölvupóst með myndum af eigninni á [obhm@bhm.is](mailto:obhm@bhm.is). Fram komi upplýsingar um staðsetningu, byggingarár, ástand, stærð, fjölda svefnplássna og hugmyndir um leiguverð.



Orlofssjóður  
BHM

# Að hlaupa hraðar og hraðar í ranga átt

Christian Ørsted, danskur stjórnunarráðgjafi og höfundur metsölubókarinnar um lífshættulega stjórnunarhætti, er staddur hér á landi og gefur íslenskum stjórnendum hollráð. Hann brýnir fyrir þeim að vondir stjórnunarhættir minnki árangur. Mikilvægt sé að gæta að sköpunargleði og hugmyndaauði starfsmanna fyrirtækja.

**STJÓRNUN** Stjórnunaraðferðir fyrirtækja nútímans hafa þróast frá byrjun síðustu aldar. Aðferðafræði sem beitt var í hernaði var snúid upp á stjórnun fyrirtækja. Á þetta bendir Christian Ørsted, danskur stjórnunarráðgjafi, sem var staddur hér á landi til að tala á ráðstefnu á vegum Sensa um breytta stjórnunarhætti. Christian er höfundur metsölubókarinnar Livsfarlig leðelse, eða Lífshættuleg stjórnun.

„Áherslan er að auka framleiðni og það virðist alltaf vera svarið við öllum vandamálum. Afleiðingin er hins vegar meiri streita. Á vinnustaðnum, í fjölskyldunni og í samfélaginu öllu,“ segir Christian.

„Ég hef starfað við ráðgjöf til stjórnenda í tuttugu ár. Eg gaf stjórnendum net- og tæknifyrirtækja ráð. Mikið af ungu fólki fékk aukna ábyrgð á þessum tíma. Ég komst seinna að því að mörg þeirra vandamála sem ég var kallaður til að leysa voru vegna fyrirtækjamenningar en ekki vegna tregðu stjórnenda til að innleiða breytingar,“ segir Christian frá. „Á þessum tíma datt mér ekki í hug að stjórnendur sýndu tregðu við að innleiða breytingar vegna þess að þær væru hreinlega illa hugsaðar.“

Christian lærði af reynslunni. „Þessi bók er játning stjórnendarráðgjafa. Hún er byggð á mistökum sem ég hef gert.“

En hver eru þá helstu mistökinn? „Ég skoða fjórar mýtur um stjórnun. Mýtu um hvatningu starfsfólks, hvernig við metum hvert annað og árangur í starfi, mýtu um teymisvinnu og mýtu um þróun í starfi. Ég tek það fram að ég er ekki á móti því að starfsfólk sé hvatt áfram, að það sé metið að verðleikum eða teymisvinnu. Ég er að benda á mistök sem við gerum þegar við framkvæmum þessa þætti í stjórnun og verða til þess að fólk brennur út.“

Við tölum ekki um þessar auka- verkanir nútímastjórnunar. Við viljum að allir sinni starfi sínu af ástríðu, líði vel, finnist þeir metnir að verðleikum. En við erum ekki að horfa til þeirra förna sem fólk færir. Þess álags sem fólk er undir og veldur því skaða. Og stundum er vinnusemin bara of mikil. Fólk hleypur hraðar og hraðar en kemst ekki í



Christian segist hafa lært af mistökum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

mark. Það er að hlaupa í vitlaus átt. Það missir sköpunargleðina.

Ég hef tekið þátt í því að hvetja til þessarar fyrirtækjamenningar. Það sem við erum til dæmis að gera rangt er að hlusta ekki nægilega á þá kyrrlátu í fyrirtækinu. Þá sem skila góðu starfi, eru tryggir og hæfir en hafa sig ekki í frammí. Ef til vill hafa þeir efasemdir um stefnu fyrirtækisins og verkefni. Það skiptir miklu máli að hlusta á þetta starfsfólk. Ég hef komist að því að þeir sem eru afar hæfir í starfi sínu hafa efasemdir og skynja betur en aðrir áhrif breytinga í fyrirtækinu,“ segir Christian og segir mikilvægt fyrir stjórnendur að hlúa þannig að fyrirtækjamenningu að öllu starfsfólki líði vel með að ræða verkefni sín, hugmyndir og efasemdir.

„En það gerum við ekki yfirleitt. Við lofum sjálfsöryggi og hraða. Það er eitruð fyrirtækjamenning. Það

má líka greina þetta í pólitíkinni, þar treystum við á sjálfsörugga stjórnmalamenn. Það þykir ekki fint fyrir stjórnmalamenn að efast. En það er í raun og veru skelfilegt til þess að hugsa að efasemdir og gagnrýni á eigin stefnu þyki ekki eðlilegur hlutur. Enda lifum við í flóknu umhverfi.“

En hvað er það mikilvægasta sem stjórnandi getur gert? „Ég hef verið þrúpur að þessu. Besta ráðið sem ég get gefið er að vera opinn fyrir fólki, vanda sig við að skoða allar hliðar, tala ekki alltaf við sama fólkið. Sýna starfsfólki raunverulega umhyggju. Vera forvitinn um lausnir. Líka þegar illa gengur. Þegar starfsfólki er hrósað dugur að vera einlægur og nákvæmur. Hrósa framtaki fremur en niðurstöðu eða eiginleikum. Að viðurkenna að þótt teymisvinna sé verðmæt geti hún leitt til einsleitrar hugsunar.“  
kristjanbjorg@frettabladid.is

## Tröppur og stigar

**MÚRBÚÐARVERÐ**

LLA-211  
PRO álstigi/trappa  
2x11 þrep  
**16.990**

A015-105  
Áltrappa fyrir fagmanninn  
m/vinnuborði. 5 þrep.  
**16.790**  
6 þrep 19.750,-  
7 þrep 21.730,-

Áltrappa 3 þrep  
**3.990**  
Áltrappa 4 þrep 4.940  
5 þrep 6.390

LLA-308  
PRO álstigi 3x8 þrep  
2,27-5,05 m  
**18.990**

**Í ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM**

**MÚRBÚÐIN**  
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Kletthálsi Reykjavík  
Reykjanesbæ

**MARAFON NOW OG  
11GB Á 3.990 KR.\***

\*á mánuði

**365**

## Nú er Nicorette® í nýjum pakkningum ...en er að öðru leyti alveg óbreytt

Núverandi útlit

Nýtt útlit

Lyfjatyggigúmmí Munnholsúði Munnsogstöflur Forðaplástur Innsogslyf Tungurótartöflur Nefúði

Nicorette nikótínlyf (innihalda nikótín) eru notuð við tóbaksfíkn. Þau draga úr nikótínþörf og fráhravferkennum og auðvelda reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tóbaki. Lyfjatyggigúmmí skal tyggja rólega og láta liggja kyrrt í munnum öðru hverju. Innsogslyfi skal anda að sér í gegnum munnslykið. Nefúða er úað í hvora nösina. Forðaplástur er settur á húð. Munnsogstöflur eru látnar leysast upp í munn. Tungurótartöflur eru látnar leysast upp undir tungu. Munnholsúðin skal úða í munn. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette og munnholsúðinn og munnsogstöflurnar eru ekki ætlaðar yngri en 18 ára. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfjans. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is)

# HAUSTTILBOÐ

## Stórlækkað verð á völdum bílum



500.000 kr. afsláttur

Verð nú  
**3.950.000 kr.**  
verð áður 4.450.000 kr.

### Volkswagen Tiguan

Árgerð 2015, ekinn 65 þús. km, dísil, 140 hö.,  
1.968 cc, sjálfskiptur, fjórhjóladrif

Raðnúmer: 290851

**31.800 kr. á mánuði\***

\*m.v. 50% útborgun og lán í 84 mánuði með 7,75% vöxtum og árlegri hlutfallstólu kostnaðar 9,38%



700.000 kr. afsláttur

Verð nú  
**3.590.000 kr.**  
verð áður 4.350.000 kr.

### Mercedes-Benz B 180

Árgerð 2015, ekinn 47 þús. km, dísil, 109 hö.,  
1.461 cc, sjálfskiptur, framhjóladrif

Raðnúmer: 320442

**28.900 kr. á mánuði\***



340.000 kr. afsláttur

### Kia Sorento

Árgerð 2011, ekinn 123 þús. km,  
dísil, 198 hö., 2.199 cc, sjálfskiptur,  
framhjóladrif

Raðnúmer: 992300

verð áður 3.290.000 kr.

**2.950.000 kr.**



200.000 kr. afsláttur

### Volkswagen Passat

Árgerð 2011, ekinn 73 þús. km,  
bensín, 150 hö., 1.390 cc, sjálfskiptur,  
framhjóladrif

Raðnúmer: 290824

verð áður 2.190.000 kr.

**1.990.000 kr.**



400.000 kr. afsláttur

### Chevrolet Captiva

Árgerð 2009, ekinn 157 þús. km,  
dísil, 150 hö., 1.991 cc, sjálfskiptur,  
fjórhjóladrif

Raðnúmer: 290770

verð áður 1.890.000 kr.

**1.490.000 kr.**



200.000 kr. afsláttur

### Kia Soul

Árgerð 2015, ekinn 71 þús. km,  
dísil, 128 hö., 1.582 cc, sjálfskiptur,  
framhjóladrif

Raðnúmer: 992187

verð áður 2.390.000 kr.

**2.190.000 kr.**



160.000 kr. afsláttur

### Ford Mondeo

Árgerð 2011, ekinn 112 þús. km,  
dísil, 116 hö., 1.560 cc, beinskíptur,  
framhjóladrif

Raðnúmer: 992220

verð áður 1.750.000 kr.

**1.590.000 kr.**



220.000 kr. afsláttur

### Suzuki Vitara

Árgerð 2011, ekinn 126 þús. km,  
bensín, 169 hö., 2.393 cc, beinskíptur,  
fjórhjóladrif

Raðnúmer: 992294

verð áður 2.190.000 kr.

**1.970.000 kr.**



700.000 kr. afsláttur

### Mercedes-Benz E-class

Árgerð 2015, ekinn 12 þús. km,  
dísil, 170 hö., 2.143 cc, sjálfskiptur,  
fjórhjóladrif

Raðnúmer: 290225

verð áður 6.290.000 kr.

**5.570.000 kr.**



500.000 kr. afsláttur

### Mercedes-Benz B-class

Árgerð 2013, ekinn 80 þús. km,  
dísil, 109 hö., 1.796 cc, sjálfskiptur,  
framhjóladrif

Raðnúmer: 320640

verð áður 3.190.000 kr.

**2.690.000 kr.**



300.000 kr. afsláttur

### Volkswagen Tiguan

Árgerð 2014, ekinn 80 þús. km,  
dísil, 140 hö., 1.968 cc, sjálfskiptur,  
fjórhjóladrif

Raðnúmer: 320564

verð áður 2.990.000 kr.

**2.690.000 kr.**



500.000 kr. afsláttur

### Mercedes-Benz CLA 180

Árgerð 2016, ekinn 7 þús. km,  
bensín, 123 hö., 1.595 cc, sjálfskiptur,  
framhjóladrif

Raðnúmer: 320528

verð áður 5.490.000 kr.

**4.990.000 kr.**



500.000 kr. afsláttur

### Mercedes-Benz GLA 220 CDI 4MATIC

Árgerð 2015, ekinn 55 þús. km,  
dísil, 170 hö., 2.143 cc, sjálfskiptur,  
fjórhjóladrif

Raðnúmer: 290512

verð áður 5.990.000 kr.

**5.490.000 kr.**



500.000 kr. afsláttur

### Mercedes-Benz GL500

Árgerð 2013, ekinn 64 þús. km,  
bensín, 436 hö., 4.663 cc, sjálfskiptur,  
fjórhjóladrif

Raðnúmer: 991719

verð áður 9.490.000 kr.

**8.990.000 kr.**



**NOTAÐIR BÍLAR**  
www.notadir.is

Kletthálsi 2  
110 Reykjavík  
590 2160

**Opunartímar:**  
Virka daga 10–18  
Laugardaga 12–16

**Lykill**  
fjármögnun



RANGE ROVER EVOQUE

# HÖNNUN Í FREMSTU LÍNU



ABOVE & BEYOND



Nýr Range Rover Evoque er hlaðinn hrífandi nýjungum sem fullkomna útlit þessa einstaka sportjeppa. Ný 2,0 lítra INGENIUM dísilvél Evoque er ekki einungis léttari og aflmeiri heldur nýtir hún eldsneytið að meðaltali um 17% betur og hefur að sama skapi 17% minni CO<sub>2</sub> útblástur. Við bjóðum ykkur velkomin að reynsluaka nýjum Range Rover Evoque.

**Range Rover Evoque SE**  
dísil, sjálfskiptur. Verð 6.890.000 kr.

[www.landrover.is](http://www.landrover.is)

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)



# Kringlan

## 30 ára

**G-STAR RAW**

30% afsláttur af öllum yfirhöfnum

**fierra GARDURINN**  
-klædir þig vel

30% afsláttur af Eterna skyrtum og Gardeur buxum

**BOSS**  
HUGO BOSS

30% afsláttur af völdum vörum

**UNDER ARMOUR**

30% af öllum skóm. Fleiri tilboð

**GEYSIR**

20% afsláttur af GANNI

**SALT**

15% afsláttur af völdum vörum og 2 fyrir 1 af Royal Reykjavík kertum

**VERO MODA**

30% afsláttur fyrir 30 heppna viðskiptavini

**Leonard**

20% afsláttur af öllum vörum og 30% af völdum vörum



**Domino's**

Stór pizza með þremur áleggsgteg. á 1.490 kr ef þú sækir

**URBAN**

20% afsláttur af öllum Adidas vörum

**FINNSKA BÚÐIN**

30% af öllum fatnaði

**ENGLABÖRNIN**

Falleg fót á stelpur og stráka...

30% afsláttur af öllum buxum

**ORG**

20% afsláttur af völdum vörum

**NON**  
KRINGLUNNI

30% afsláttur af völdum vörum og af öllum Stance sokkum

**MOTOR & MIA**

20% afsláttur af öllum vörum & 50% af völdum vörum

**MICHELSÉN**  
ÚRSMÍÐIR

20% afsláttur af Fossil og Daniel Wellington, 10% af Georg Jensen

**DÚKA**

30% afsláttur af völdum vörum  
10% afsláttur af öllum vörum

**BEAUTY BAR**  
KRINGLUNNI

10-50% afsláttur af öllum vörum



20% afsláttur af öllum vörum

**DOGMA**

20% afsláttur af öllum vörum

**BIANCO.**  
FOOTWEAR

20-40% afsláttur af öllum vörum

**Café roma**

30% afsláttur af belgískum vöfllum með sultu og rjóma

**L'OCCITANE**  
EN PROVENCE

30% afsláttur af völdum vörum

**JÚNÍK**

20% afsláttur af Blaq Carbon vörum



10-40% afsláttur af öllum vörum

**KAREN MILLEN**

20% afsláttur af öllum vörum

**vodafone**

10% afsláttur af iPhone 7

**SIX**

3 fyrir 2

**Timberland**

20% afsláttur af öllum vörum

**Levi's**

30% afsláttur af jökkum/úlpum

**eCCO**

20-30% afsláttur af völdum vörum

**name it.**

30% af Bomber jökkum, 30 heppnir fá 30% afslátt af öllu



30% afsláttur af Uppsteyt skartgripum og 15% af öllu í verslun

**Kaupfélagið**

20% afsláttur af öllum vörum

**FREDDY**

20% afsláttur af völdum vörum

**Lyf & heilsa**  
Kringlunni

20% afsláttur af öllum snyrtivörum, ilmum og sokkabuxum



30% afsláttur af combo (djús og samloka)

**byggto og búio**  
Kringlunni

30% af búshalda- og gjafavörum, 15% af raftækjum

**ZIKZAK**  
TÍSKUHÚS

20-50% afsláttur af völdum vörum



20% afsláttur af öllum tölvuleikjum (nýjum og spiluðum)

**POLARN O. PYRET**

20% afsláttur af öllum vörum




































**Kultur**  
menn

20% afsláttur af Tiger of Sweden

# 30 ÁRA

## STÓRGLÆSILEG AFMÆLISTILBOÐ

LAUGARDAGUR  
**10-18**  
SUNNUDAGUR  
**13-18**

|  |  |  |   |   |   |
|--|--|--|---|---|---|
|  <p>20% afsláttur af öllum buxum og Herschel</p>              |  <p>20% afsláttur af öllum úlpum (dömu, herra, barna)</p> |  <p>30% afsláttur af 30 flottum vörum</p>             |  <p>20% afsláttur af völdum merkjum</p>                             |  <p>20% afsláttur af öllum buxum</p>                           |  <p>20% afsláttur af öllum peysum</p>                                    |
|  <p>20% afsláttur af öllum buxum</p>                          |  <p>30% afsláttur af öllum fatnaði</p>                    |  <p>30% afsláttur af vörum frá Hunky Dory</p>         |  <p>20-30% afsláttur af völdum vörum</p>                            |  <p>30% afsláttur af völdum vörum</p>                          |  <p>30% afsláttur af öllum forréttum og eftirréttum til kl. 17</p>       |
|  <p>20% afsláttur af öllum kaffi- og tepokum</p>             |  <p>20% afsláttur af öllum vörum</p>                     |  <p>Gjaldfrjáls gjafakort</p>                        |  <p>20% afsláttur af öllum vörum</p>                               |  <p>30% afsláttur af öllum ferðatöskum</p>                    |  <p>30% afsláttur fyrir 30 heppna viðskiptavini</p>                     |
|  <p>25% afsláttur af öllum vörum</p>                        |  <p>30% afsláttur af 30 vörum</p>                       |  <p>20% afsláttur af völdum vörum</p>               |  <p>30% afsláttur af öllum vörum</p>                              |  <p>BBQ Burrito/ Quesadilla + 0,5 L Kristall á 1.399 kr.</p> |  <p>Húfa fylgir hverri keyptri úlpu, Garri og Garún á 40% afslætti</p> |
|  <p>2 fyrir 1 af kaffidrykkjum (greitt fyrir dýrari)</p>    |  <p>3 fyrir 2</p>                                       |  <p>20% afsláttur af silfurskartgripum</p>          |  <p>20% afsláttur af öllum vörum, 30% afsláttur af gallabuxum</p> |  <p>30% afsláttur af miðaverði</p>                           |  <p>15% afsláttur af öllum vefjum (með og án franskra)</p>             |
|  <p>30% af öllum vörum</p>                                  |  <p>30% afsláttur af öllum gleraugum</p>                |  <p>20-50% afsláttur af völdum bökkum</p>           |  <p>25% afsláttur af völdum matvörum</p>                          |  <p>10-30% afsláttur af völdum vörum</p>                     |  <p>20% afsláttur af vintage fatnaði</p>                               |
|  <p>20% afsláttur af öllum baðbombum frá Bomb Cosmetics</p> |  <p>20-30% afsláttur af völdum vörum</p>                |  <p>30% afsláttur fyrir 30 heppna viðskiptavini</p> |  <p>15-30% afsláttur af völdum vörum</p>                          |  <p>20-30% afsláttur af völdum vörum</p>                     |  <p>30% afsláttur af fiski dagsins og kjötsúpu</p>                     |
|  <p>30% afsláttur af öllu</p>                               |  <p>20-30% afsláttur af völdum vörum</p>                |  <p>Taxfree af öllum snyrtivörum</p>                |  <p>10% afsláttur af öllum vörum</p>                              |  <p>20% afsláttur af öllum vörum</p>                         |  <p>20% afsláttur af öllum buxum</p>                                   |

# Ryk í augu kjósenda



Kristín Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

Það er umhugsunarvert þegar fjöldi stjórnmálama-  
manna leggur sig fram um að blekkja almenn-  
ing með yfirlýsingum sínum um að hægt sé að  
lækka vexti verulega með því einu að banna  
verðtryggingu. Þetta er sennilega ein glæfra-  
legasta og vitlausasta hugmynd sem sett hefur  
verið fram af stjórnmálamönnum hér á landi í seinni tíð.

Þarna hitti Þorsteinn Víglundsson, frambjóðandi Við-  
reisnar og félagsmálaráðherra, naglann á höfuðið í inn-  
sendri grein í Fréttablaðinu í vikunni. Því miður eru allt of  
fáir íslenskir stjórnmálamenn sem hugsa hlutina til enda.  
Í þessum efnum virðast menn endurtaka vitleysuna hver  
eftir öðrum án þess að kynna sér málið til hlítar.

Eða, varla ætlum við nokkrum stjórnmálamanni að  
tala gegn eigin sannfæringu?

Krónublinda margra íslenskra stjórnmálama-  
manna og annarra framámanna í þjóðlífinu er mögulega skýrasta  
dæmið um þetta. Vaxtastig er mæling á áhættu. Ástæðan  
fyrir háum vöxtum hér á landi hefur þannig ekkert með  
verðtryggingu að gera.

Verðtryggingin er séríslenskt tæki til að verja atvinnu-  
lífið fyrir verðbólgunni og þeim miklu sveiflum sem  
sögulega hafa verið á gengi krónunnar. Lögbundin verð-  
trygging þekkt heldur varla annars staðar á byggðu bóli,  
og alls ekki í evrulöndunum svo dæmi sé tekið.

Rétt er að benda á að sérfræðinganevnd Seðlabankans  
hefur varað við því að heimilin í landinu myndu stór-  
tapa á afnámi verðtryggingar, enda myndi kaupmáttur  
minnka, fasteignaverð stórlækka og landsframleiðsla  
dragast saman.

Ástæða fyrir háum vöxtum hér á landi er krónan, og sú  
staðreynd að viðskipti í krónum fela í sér meiri áhættu og  
þar af leiðandi hærra verðmiða en viðskipti með myntir  
flestra landa sem við erum samferða í veröldinni. Döpur  
reynslan kennir okkur að það er í besta falli óraumsætt og í  
versta falli óheildarlegt að halda öðru fram.

Stórar hugmyndir Miðflokksins um endurskipulagn-  
ingu bankakerfisins eru því miður sama marki brenndar.  
Hluti þeirra gerir ráð fyrir stofnun netbanka sem falið  
verður að lækka vaxtastig og bæta önnur kjör. Aftur er  
verið að leita sökudólgs á röngum stað. Vaxtastigið er ekki  
bónkunum að kenna, heldur gjaldmiðlinum.

Þjóðmálaumræða hér á landi, og að því er virðist sér-  
staklega fyrir þessar kosningar, einkennist því miður of  
oft af innihaldslausum klisjum án þess að hugsað sé á  
nokkurn hátt um útfærsluna.

Verðtryggingin og vaxtastigið er eitt, og annað eru  
útgjaldahugmyndir Vinstri grænna og fleiri sem lofa  
tugmilljarða innviðafjárfestingu. Þær á að borga með  
hátekju- og auðlegðarskatti. Gallinn er sá að þegar fræð-  
imenn líta undir húddið kemur í ljós að slíkur skattur gæti  
í besta falli fjármagnað fjögur til átján prósent útgjalda-  
loforðanna.

Parf ekki að gera kröfur um nákvæmari framsetningu  
hjá fólki sem vill komast í ríkisstjórn?



Eða, varla  
ætlum við  
nokkrum  
stjórnmála-  
manni að  
tala gegn  
eigin sann-  
færingu?



– gerum betur



Gunnar



## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir

### Kosningabaráttan í tólf myllumerkjum



Vika er til kosninga. Áttu erfitt með að ákveða þig?  
Hér koma markverðustu leiftur kosningabarátt-  
unnar í tólf myllumerkjum:

**#lifidernúna** – Hvers vegna er verið að kjósa? Það  
man enginn lengur – eða allavega ekki samkvæmt  
honum þarna fyrrverandi formanni Viðreisnar, hvað  
hann nú heitir aftur ...

**#xA** – Björt hvað?

**#nofilter** – Sigmundur Davíð Gunnlaugsson kom  
ríðandi á hvítum hesti inn í kosningabaráttuna og  
sannaði þar með fyrir þjóðinni að hann hefði borgað  
alla Panamapeningana sína í skatt því ekki var króna  
eftir til að fá auglýsingastofu til að búa til lógó fyrir nýja  
flokkin hans sem hann varð því að hanna sjálfur í  
Microsoft Paint fyrir Windows 95.

**#fokkoffeldi** – Sigmundur stofnaði Miðflokkinn af  
sinni alkunnu hugsjón eftir að hafa gengið úr Fram-  
sóknarflokknunum því – eins og hann orðaði það sjálfur –  
„til hvers að berjast fyrir því að þú getir starfað áfram  
með fólki sem lítur á það sem meginmarkmið að drepa  
þig?“ Þrjár helstu kosningaáherslur flokksins eru: 1)  
Sigmundur 2) Sigmundur og 3) Sigmundur.

**#xM** – Dómsmálaráðuneytið tók óþol fyrrverandi  
flokksfélaga Sigmundar til greina er það valdi hinu  
nýja framboði listabókstafinn M. XM, eða exem eins og  
flestir þekkja það, er húðsjúkdómur sem stafar gjarnan  
af ofnæmi og veldur kláða, roða, þurrki og sprungum í  
húð. Exem er oft langvinnur sjúkdómur en Sigmundur  
hefur staðfest að svo verði í þessu tilfelli: „Ég verð alltaf  
umdeildur.“ Landlæknisembættið fylgist með þróun  
mála og mælir með góðu kremi til að halda einkenn-  
unum í skefjum þótt það vinni ekki á rót sjúkdómsins.

**#TheTruthIsOutThere** – Hver skaut JFK? Hver stóð  
í raun og veru að árásumum á tvíburaturnana í New  
York? Jú, auðvitað RÚV. Þegar RÚV flutti fréttir af því  
að þýska alríkislögreglan hefði miðlað til Íslands upp-  
lýsingum um málefni Sigmundar Davíðs Gunnlaugs-  
sonar sem byggðu á rannsóknum hennar á Panama-  
skjölunum var Sigmundur ekki lengi að hlaupa niður í

gamla „bönkerinn“ sinn í skjól undan loftárásunum.

**#metoo** – Þar hitti hann fyrir Bjarna Benediktsson  
sem sagði pressuna líka með samsæri gegn sér. „Hvaða  
skynsami fjárfestir sem er hefði verið að ihuga að selja á  
þessum tíma.“

**#höfumhátt** – Grunsemdir Bjarna um að hann og  
flokkur hans væru fórnarlömb samsæris og þöggunar  
fengust staðfestar er lögbann var sett á Stundina. „Það  
kemur sér illa fyrir mig núna.“

**#foodporn** – Hvað eiga Bjarni Ben og Martha Stew-  
art sameiginlegt? Nei, krakkar, ekki innherjavíðskipti  
– þetta er ekki heimboð fyrir Sýslumanninn í Reykjavík.  
Ég þarf að minnsta kosti að taka til fyrst. Svarið er köku-  
bakstur. Það sem fólk hefur helst saknað úr kosninga-  
baráttunni er að sjá Bjarna sýna kökuskreytingahæfi-  
leika sína líkt og hann gerði í þeirri síðustu.

**#LetThemEatCake** – En talandi um kökur. Marie  
Antoinette okkar Íslendinga, Brynjar Nielsson, lét ekki  
sitt eftir liggja og í umræðum um niðurfellingu á 50  
milljóna króna sjálfskuldarábyrgð Bjarna Benedikt-  
sonar á kúluláni sagði hann 50 milljónir klink sem  
annar hver ellilífeyrisþegi svæfi með undir koddanum.  
„Let them eat cake“ – fleyg orð sem hafa áður komið  
áhrifafólki á spjöld sögunnar.

**#freethenipple** – Og enn um kökur. Framan af fór  
lítið fyrir þeim flokki sem vill skipta þjóðarkökunni  
jafnt og um tíma virtist sem jafnaðarmannaflokkur  
Íslands, Samfylkingin, myndi þurrkast út. En þegar  
orðrómur komst á kreik um að formaður flokksins,  
Logi Már Einarsson, hefði setið fyrir nakinn í Mynd-  
listarskólanum á Akureyri á yngri árum og einhvers  
staðar kynnu að leynast af honum blýantsskissur í allri  
sinni dýrd reis flokkurinn eins og Fönix úr öskunni á  
þöndum bingó-vængjum formannsins.

Svo virðist sem viðkvæmir hafi ætlað að setja lögbann  
á nektina en ekki hafi viljað betur til en svo að lögbannið  
blés á vitlausan Loga, Loga Bergmann, sem fær ekki að  
loga aftur fyrr en eftir tólf mánuði.

**#málefni** – Ha, hvaða málefni?





**RENAULT**  
Passion for life

# NÝR MEGANE

Hlaðinn tækninýjungum og staðalbúnaði.



**250.000 KR. AUKAPAKKI**

**FYLGIR NÝJUM MEGANE Í OKTÓBER**

**RENAULT MEGANE ZEN**

1,5 DÍSil, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM\*

**VERÐ: 3.040.000 KR.**

ESP stöðugleikastýring, ASR spólvörn, 6 öryggispúðar (5 stjörnur í EuroNCAP), LED dagljós, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, Bluetooth símabúnaður með raddstýringu, 2ja svæða tölvustýrð loftkæling, upphitun framsæti, fjarlægðarvarar að aftan og framan, 16" álfelgur, regnskynjari fyrir rúðupurrkur, sjálfvirk há/lág ljós (High beam assist), akreinavari (Lane departure warning), vegaskiltisnemi (Roadsign recognition).



**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR  
Á RENAULT“**

**OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12–16**

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





Sælutilfinning. Gleði stelpnanna okkar var fölskvalaus eftir leikinn og það skiljanlega. Ótrúlegt afrek hjá þeim. NORDICPHOTOS/GETTY

# Stærra afrek en ég áttaði mig á

Stelpurnar okkar unnu sögulegan sigur, 2-3, á Þýskalandi í gær. Fyrsti sigur Íslands á sameiginlegu liði Þýskalands í karla- og kvennaflokki. Þjálfarinn sagði að þýska liðið hefði ekki borið virðingu fyrir Íslandi.

**FÓTBOLTI** Það höfðu líklega ekki margir trú á stelpunum okkar er þær spiluðu við eitt besta landslið heims, Þýskaland, á útivelli í gær. Skiljanlega enda er Þýskaland stórveldi í kvennaboltanum líkt og í karlaboltanum.

Þýska liðið er ríkjandi Ólympíumeistari, hefur unnið HM tvisvar og EM átta sinnum. Liðið er í öðru sæti á FIFA-listanum og þetta var fyrsta tap Þýskalands í undankeppni HM síðan 1997. Þetta segir allt um hversu rosalega öflugt þýska landsliðið er.

## Gegguð frammistaða

Stelpurnar í íslenska landsliðinu báru aftur á móti enga virðingu fyrir þýska liðinu í gær og keyrðu á þær þýsku. Dagný Brynjarsdóttir skoraði tvö mörk fyrir íslenska liðið og Elín Metta Jensen eitt. Elín Metta lagði þess utan upp bæði mörk Dagnýjar og Dagný lagði upp mark Mettu sem var einkar glæsilegt. Gegguð frammistaða hjá þeim.

Allt liðið var hins vegar stórkostlegt og íslenska liðið leiddi, 1-3, þar til tvær mínútur voru eftir af leiknum. Lokamínúturnar voru fánalega spennandi fyrir bæði leikmenn sem og áhorfendur sem nógudu neglurnar.

Stelpurnar héldu þó út og fögnuðu að vonum vel og innilega eftir leikinn. Gegguð frammistaða hjá þeim gegn liði sem Ísland hafði ekki skorað gegn í 30 ár. Draumurinn um fyrsta HM hjá kvennalandsliðinu lifir því góðu lífi.

„Þetta er einn af bestu leikjum liðsins undir minni stjórn. Leikurinn gegn Frökkum á EM var líka



Freyr fagnar öðru marki Dagnýjar Brynjarsdóttur með henni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

með þeim betri,” sagði Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari yfirveg aður nokkrum tímum eftir leik.

Freyr segir að það hafi vissulega nánast allt gengið upp sem hann lagði upp með fyrir leikinn.

## Mikið framfaraskref

„Það kom ekki margt á óvart hjá þeim og framkvæmdin hjá leikmönnum var framúrskarandi. Við tókum mikið framfaraskref í þessum leik,” segir Freyr en hvernig leið honum með stöðuna 1-1 í hálfleik þegar Ísland hefði hæglega getað leitt með þremur mörkum?

„Ég get alveg sagt það núna eftir leik að þegar við klikkum á tveimur

dauðafærum í stöðunni 1-0, þá hugsaði ég að okkur yrði refsað. Maður verður að klára svona færi gegn Þýskalandi. Það er oft sagt að það sé verst að fá á sig mark rétt fyrir lok hálfleikja en ég ætla að snúa því við og segja að það sé best. Við vorum að verða passifar þarna og ég náði að grípa inn í þegar kom hálfleikur. Það var frábært.“

## Flökurt á hliðarlinunni

Þýskaland minnkaði muninn í eitt mark tveimur mínútum fyrir leiklok og lokamínúturnar tóku á hjá þjálfaranum.

„Síðustu mínúturnar eru alveg hrikalegar því þá getur maður ekki

**Síðustu þrjár mínúturnar var ég eins nálægt því að verða flökurt í fótboldaleik og hægt er.**

Freyr Alexandersson

haft nein áhrif og það getur verið erfitt fyrir mann eins og mig sem vill stýra öllu. Síðustu þrjár mínúturnar var ég eins nálægt því að verða flökurt í fótboldaleik og hægt er. Sæluhrollurinn sem kom þegar flautað var af er eitthvað sem mann hefur dreymt um. Líka stoltið því ég er svo stoltur af stelpunum,” segir Freyr en þarna var hann loksins kominn á flug um hvað afrekið væri stórt.

## Sagði ég bara vá

„Ég vissi ekki að þær hefðu unnið alla þessa leiki á heimavelli í svona mörg ár og þegar ég vissi af því þá sagði ég bara vá. Þetta er stærra en ég áttaði mig á þó svo ég vissi að það væri stórt að vinna Þýskaland á útivelli,” segir Freyr og bætir við að allir í kringum þýska liðið hafi verið í losti eftir leik en hann vorkenndi þeim ekki.

„Þær báru enga virðingu fyrir okkur. Frá því dregið var í riðla ætluðu þær að vaða yfir öll lið og vildu að allt myndi snúast í kringum þær. Við gáfum ekkert eftir og það fór í taugarnar á þeim að við skyldum ekki leggjast niður og gera allt sem þær báðu okkur um að gera. Þetta var því einstaklega sætt að öllu leyti.“ [henry@frettabladid.is](mailto:henry@frettabladid.is)

## Nýjast

### Domino's-deild karla í körfubolta

#### Njarðvík - Stjarnan 91-81

**Njarðvík:** Terrell Vinson 38, Logi Gunnarsson 18, Vilhjálmur Jónsson 9, Oddur Rúnar Kristjánsson 9, Snjólfur Stefánsson 7.

**Stjarnan:** Tómas Þórður Hilmarsson 26, Hlynur Bæringsson 16/9 fráköst/7 stoðsendingar, Röbert Sigurðsson 15.

#### Haukar - Þór Þorl. 96-64

**Haukar:** Paul Anthony Jones III 22, Finnur Atli Magnússon 15/10 frák., Emil Barja 13/10 stoðsendingar, Kári Jónsson 11/4 fráköst.

**Þór Þorl.:** Halldór Hermannsson 13, Adam Ásgeirsson 11/6 fráköst, Magnús Breki Þórðason 9, Snorri Hrafnkelsson 6.

### Stig liðanna

| Efst       |   | Neðst     |   |
|------------|---|-----------|---|
| Haukar     | 4 | Grindavík | 4 |
| Keflavík   | 4 | Njarðvík  | 4 |
| Tindastóll | 4 | Þór Ak.   | 2 |
| Stjarnan   | 4 | Valur     | 2 |
| ÍR         | 4 | Þór Þ.    | 0 |
| KR         | 4 | Höttur    | 0 |

### BREYTINGAR Á MEISTARAEILD

Frá árinu 2020 munu aðeins tólf félög komast í Meistaradeildina í handbolta en 28 lið eru þar núna. Það verður því miklu erfiðara fyrir íslensk lið að komast í Meistaradeildina eftir þrjú ár.

Átta meistaralið frá átta bestu deildum Evrópu komast í Meistaradeildina og við það bætast síðan fjögur úrvalslið.

Þessum tólf liðum verður skipt niður í tvo sex liða riðla þar sem allir spila við alla og fjögur efstu liðin komast í átta liða úrslit.

Möguleiki er síðan að stækka Meistaradeildina upp í sextán lið seinna.

Um leið og Meistaradeildin verður að stað fyrir allra bestu lið álfunnar þá mun EHF setja af stað Evrópudeild.

Evrópudeildin mun innihalda fjóra sex liða riðla þar sem sextán lið komast áfram í útslátarkeppnina.

## Helgin

### Laugardagur:

|                                   |         |
|-----------------------------------|---------|
| <b>11.20 Chelsea - Watford</b>    | Sport   |
| <b>13.25 Augsburg - Hannover.</b> | Sport 2 |
| <b>13.50 Huddersf. - Man. Utd</b> | Sport   |
| <b>16.00 Laugardagsmörkin</b>     | Sport   |
| <b>16.20 Southampt. - WBA</b>     | Sport   |
| <b>16.25 Hamburg - Bayern</b>     | Sport 2 |
| <b>18.40 Barcelona - Malaga</b>   | Sport   |
| <b>19.00 UFC: Cerrone v Till</b>  | Sport   |
| <b>20.50 F1: Tímataka í USA</b>   | Sport   |
| <b>02.00 The CJ Cup</b>           | Golfst. |
| <b>04.00 LPGA í Tævan</b>         | Sport 4 |

### Frumskýningar

|                                    |         |
|------------------------------------|---------|
| <b>16.15 Man. City - Burnley</b>   | Sport 4 |
| <b>17.00 Newcastle - C. Palace</b> | Sport 3 |
| <b>18.00 Swansea - Leicester</b>   | Sport 4 |
| <b>18.40 Stoke - Bournem.</b>      | Sport 3 |

### Sunnudagur:

|                                    |         |
|------------------------------------|---------|
| <b>12.20 Everton - Arsenal</b>     | Sport   |
| <b>14.50 Tottenham - Liverpool</b> | Sport   |
| <b>17.00 Messan</b>                | Sport   |
| <b>17.00 Rams - Cardinals</b>      | Sport 5 |
| <b>17.00 Vikings - Ravens</b>      | Sport 3 |
| <b>17.50 Fjölnir - Grótta</b>      | Sport 4 |
| <b>18.30 Formúla í USA</b>         | Sport   |
| <b>18.40 Real Madrid - Eibar</b>   | Sport 6 |
| <b>19.15 Valur - FH</b>            | Sport 2 |
| <b>19.50 Fjölnir - Stjarnan</b>    | Sport 4 |
| <b>20.20 49ers - Cowboys</b>       | Sport 3 |

### Olís-deild karla í handbolta:

|                                    |
|------------------------------------|
| <b>S16.00 Grótta - Afturelding</b> |
| <b>S17.00 ÍR - ÍBV</b>             |
| <b>S17.00 Víkingur - Fram</b>      |
| <b>S19.30 Haukar - Selfoss</b>     |
| <b>S19.30 Valur - FH</b>           |
| <b>S14.00 Fjölnir - Stjarnan</b>   |

### Olís-deild kvenna í handbolta:

|                                |
|--------------------------------|
| <b>S18.00 Fjölnir - Grótta</b> |
|--------------------------------|

### Domino's-deild kv. í körfubolta:

|                                  |
|----------------------------------|
| <b>L15.00 Snæfell - Stjarnan</b> |
|----------------------------------|

CR-V

**HONDA**  
The Power of Dreams

# Drifkraftur Já og miklu meira



**Honda CR-V Elegance Navi**  
4x4, bensín, sjálfskiptur kr. 5.590.000  
4x4, dísil, sjálfskiptur kr. 5.990.000



[www.honda.is](http://www.honda.is)

Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum. Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari. Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.  
**Já, og meira fyrir peninginn.**



Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • [www.bernhard.is](http://www.bernhard.is)

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

Honda CR-V á mynd er með aukabúnaði.



### WIGAN

Borðstofustóll, svart PU-leður.

6.990 kr. ~~9.990 kr.~~



### SIKO

Borðstofustóll. Olíuborin eik og svart leður.

39.990 kr. ~~49.990 kr.~~



### DENVER

Borðstofustóll. Hvíttuð eða olíuborin eik og svart leður.

49.990 kr. ~~66.990 kr.~~

# Borðstofan er hjarta heimilsins

## Ótrúlegt úrval borðstofuborða og -stóla



Stækkanlegt í 255 cm með innbyggðri stækkun.

### SKOVBY #22

Borðstofuborð. Olíuborin eik, hvíttuð eða óhvíttuð. Stærð: 100 x 175 H: 74 cm

199.990 kr.

~~249.990 kr.~~

### ELLIOT

Borðstofuborð. Villt eik, svört grind og svartir fætur. Stærð: 220 x 95 cm.



Borð 49.990 kr. ~~69.990 kr.~~

Stækkun 10.000 kr. ~~14.990 kr.~~



### A-LINE

Borðstofuborð. Hvíttuð eik. Stærð: 210 x 100 x H: 74 cm. Stækkanlegt í 310 cm með tveimur stækkunum sem fylgja.

139.990 kr.

~~169.990 kr.~~



HÚSGAGNA HÖLLIN

Borðstofan er hjarta heimilisins

TIMBER Borðstofuborð. Olíuborin eik. Fætur úr lágri svartstál. Einnig fætur úr lágri eik. Stærð: 200 x 100 cm. 179.990 kr. ~~219.990 kr.~~ IDesign

Reykjavík 10 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður 10 – 18 virka daga  
Skeiði 1 11 – 16 laugardaga

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Reykjavík 10 – 20  
Akureyri 10 – 16  
Ísafjörður 10 – 16  
www.husgagnahollin.is



Stækkanlegt í 230 cm með 2 stækkunum sem fylgja og stuðningsfæti. Viðbótarstækkanir upp í 330 cm seldar sér.

**SONORA**

Borðstofuborð. Óstækkað er borðið hringlaga. Þvermál 130 cm. H: 74 cm

Borð **209.990 kr.**  
~~259.990 kr.~~

Viðbótarstækkanir 2 stk. **26.990 kr.**  
~~33.990 kr.~~



**ROMANCE**

Hægindastóll. Svart PVC leður. Stærð: 88 x 82 x 87 cm.

**99.990 kr.** ~~139.990 kr.~~



**MARTE**

Sófaborð úr hvíttaðri eik. Stærð: 130 x 70 H:50 cm

**49.990 kr.** ~~69.990 kr.~~

**50%**  
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SMÁVÖRUM FRÁ POMAX



1. Pomax Betty loftljós, nokkrir litir 36.490 **50% afsláttur 18.245 kr.** 2. Pomax Pliage loftljós 24.990 **50% afsláttur 12.495 kr.** 3. Pomax Borea loftljós 34.990 **50% afsláttur 17.495 kr.** 4. Pomax vínglós **50% afsláttur 1.790 kr. 895 kr.** 5. Pomax bambusluktir **50% afsláttur**, tvær stærðir, 9.990/13.990 kr. **4.995/6.995 kr.** 6. Pomax Be Pure lampi, lítill 24.990 stór. 29.990 kr **50% afsláttur 12.495/14.995 kr.** 7. Pomax skálar, tvær stærðir **50% afsláttur 1.290/1.990 kr. 645/995 kr.**



**CHARA**

Borðstofuskenkur, villt eik. Stærð: 101,3 x 40 x H: 71 cm.

**79.990 kr.**  
~~99.990 kr.~~

**COVER**

Borðstofuskenkur, hvítur, eikarfætur. Stærð: 180 x 42 x H: 58 cm

**129.990 kr.**  
~~169.990 kr.~~



**ROMANCE**

2,5 sæta sófi. Stærð: 170 x 82 x 87 cm

Svart PVC leður **179.990 kr.**  
~~219.990 kr.~~

Grátt áklæði **139.990 kr.**  
~~169.990 kr.~~

**MISTRAL**

Borðstofuskenkur hvítur. Stærð: 177 x 42 x 61 cm (+fætur).

**99.990 kr.**  
~~139.940 kr.~~



# Gleðja börn sem fá annars ekki jólagjöf

Verkefnið Jól í skókassa er farið af stað. Sjálfboðaliðar verkefnisins taka á móti gjöfum í kassa víðsvegar um landið. Gjafirnar fá börn í Úkraínu sem búa við fátækt og eiga fáa að.

**G**ríma Katrín Ólafsdóttir er einn af fjölmörgum sjálfboðaliðum Jóla í skókassa. Hún segir að vinna við verkefnið sé besti tími ársins og að hún, eins og margir, geti ekki beðið, enda eru þau allan ársins hring að undirbúa og redda öllu mögulegu. „Það eru ófáir sem kaupa inn fyrir verkefnið þegar þeir rekast á útsölur, þótt þær séu í janúar. Einnig eru saumaklúbbar og hópar sem hittast allt árið og t.d. þrjóna sokka eða húfur. Fullt af fólki stendur að verkefninu, t.d. með því að útvega styrki, sníkja tóma skókassa, elda og baka fyrir sjálfboðaliða og auglýsa og kynna verkefnið. Ballið er byrjað, þar sem fólk er nú þegar byrjað að skila inn kössum,“ segir Gríma en um hundrað kassar eru nú þegar komnir í hús á Holtavegi 28, húsnæði KFUM.

Skókassarnir eru sendir til barna í Úkraínu sem búa við bág kjör. „Megintilgangur verkefnisins er að gleðja börn sem annars fengu ekki jólagjöf. Þau búa við sára fátækt og eiga sum enga að. Flestir þakkarir fara á munaðarleysingjaheimili. Aðrir fara á sjúkrahús og til einstæðra mæðra,“ segir Gríma frá.

Gríma fer til Úkraínu í ár til að fylgja verkefninu eftir. „Þetta er í fyrsta sinn sem ég fer með. En ég hef

## Hvað eru „Jól í skókassa“?

„Jól í skókassa“ er verkefni sem hefur verið í gangi síðan 2004. Það felst í því að börn og full-orðnir búa til jólagjafir fyrir börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika. Gjafirnar eru settar í skókassa sem pakkað er inn og í þeim eru leikföng, sælgæti, skóládót, föt og hreinlætisvörur.

**Hvert fara skókassarnir?** Skókassarnir eru sendir til Úkraínu. Í Úkraínu búa um 46 milljónir manna en þar er mikið atvinnuleysi og fátækt. Íslensku skókössunum er meðal annars dreift á munaðarleysingjaheimili, barnaspítala og til barna einstæðra mæðra sem búa við sára fátækt.

heyr frá fólki sem hefur farið að það geisli ólýsanlegt þakktæti og gleði úr augum barnanna. Þau hafa sum aldrei fengið gjafir og skilja hreinlega ekki af hverju fólk einhvers staðar á Íslandi sé að gefa þeim gjafir. Aðstandendur barnanna eru líka mjög þakklátir, eiga ekki til orð og trúa þessu varla.“

Verkefnið hefur gengið vel á



Gríma Katrín Ólafsdóttir hefur starfað sem sjálfboðaliði í verkefninu Jól í skókassa síðustu þrjú ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÉG HEF HEYRT FRÁ FÓLKI SEM HEFUR FARIÐ AÐ**

**ÞAÐ GEISLI ÓLÝSANLEGT ÞAKKLÆTI OG GLEÐI ÚR**

**AUGUM BARNANNA. ÞAU**

**HAFU SUM ALDREI FENGIÐ GJAFIR.**

Íslandi. Þetta er í fjórtánda sinn sem gjafir eru sendar til bágstaddir barna með þessum hætti. Fyrsta árið, 2004, söfnuðust 500 kassar. Verkefnið vatt upp á sig smám saman og seinustu tíu ár hafa safnast u.þ.b. 5.000 kassar á ári. Í fyrra voru 5.429 kassar sendir út. Það er nóg pláss í gámunum svo að þessi tala verður vonandi hærrí í ár,“ segir Gríma frá en tekið verður á móti kössum víðsvegar um landið til 11. nóvember. Upplýsingar um móttökustaði má finna á heimasíðu KFUM. [kristjanabjorg@frettabladid.is](mailto:kristjanabjorg@frettabladid.is)



Dæmi um innihald skókassa. Til að kassarnir séu svipaðir skal setja einn hlut úr eftirtöldum flokkum. Leikföng, skóládót, hreinlætisvörur, sælgæti, föt. Ekki má setja illa farna hluti, stríðsdót, vökva, lyf, brothætta hluti og spilastokka í kassana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hvernig á að búa til kassa?

1. Pakkið tónum skókassa inn í jólapappír. Athugið að pakka lokinu sérstaklega inn þannig að hægt sé að opna kassann.
2. Ákveðið fyrir hvaða aldur og kyn þakinn sé. Aldurshóparnir eru eftirfarandi; (3-6), (7-10), (11-14) og (15-18). Skrifðu kyn og aldur á miða og limið á kassann.
3. Setjið 500 - 1.000 krónur í umslag og leggið efst í kassann. Peningurinn er fyrir kostnaði sem fylgir verkefninu.
4. Lokið kassanum með því að setja teygju utan um hann.

## Um helgina


### HORFÐU Á

Kvikmyndina *We are X* með aðalhetju myndarinnar, Yoshiki, í *Bíói Paradís*. Tónlistarmaðurinn Yoshiki sjálfur verður viðstaddur sýninguna og eftir myndina gefst gestum tækifæri til að spyrja hann spjörum um úr. Hann er ein skærasta stjarna Japana og er í hljómsveitinni X Japan sem hefur selt yfir 30 milljónir platna.



### LESTU


Nýjustu bók Gerðar Kristnýjar, *Smartís*. Sagan gerist á á nýnda áratug liðinnar aldar og segir frá unglingsstúlku sem er að reyna að átta sig á framtíðinni. Í heiminum geisar kalt stríð og heimsendir virðist jafn raunverulegur og ný peysa úr Ping Pong við Laugaveg.



### SLAGGA OG NJÓDDA

Ég ætla að fagna því að vera búin með meistaranámið mitt. Kannski leyfir 10 mánaða sonur minn mér að sofa smá út, jafnvel til 7.00 ef heppnin er með mér. Annars bara slagga og njódda og lifa!

Anna Margrét Gunnarsdóttir, markaðs- og upplýsingafulltrúi H&M á Íslandi



### SKOÐAÐU

Sýninguna Stór-Ísland í Hafnarhúsinu. Á henni eru sýnd verk sjö listamanna sem koma frá Svíþjóð, Pýskalandi, Ítalíu, Hollandi, Bandaríkjunum, Finnlandi og Danmörku en hafa búið og starfað á Íslandi um lengri eða skemmri tíma.



# Til hamingju Kringlan með 30 ára afmælið



JÓNSSON & LEWACKS • JULIUS • SÍA

Fjörutíu þúsund manns voru við opnun Kringlunnar þann 13. ágúst 1987. Á þeim 30 árum sem síðan eru liðin hafa tugir milljóna sótt verslunarmiðstöðina og ekkert lát er á aðsókninni. Reitir rekja upphaf starfsemi sinnar til byggingar Kringlunnar og saga fyrirtækisins er á margvíslegan hátt samofin sögu Kringlunnar.

Við óskum rekstraraðilum, meðeigendum og starfsfólki Kringlunnar, innilega til hamingju með afmælið og hlökkum til áframhaldandi þróunar Kringlureitsins.

**REITIR 30**

1987-2017

# Kynslóðin sem hefur kosið of oft

Kynslóðin sem fékk kosningarétt á árunum eftir hrun er þreytt á sirkusnum í stjórnmalunum. Mál-efnin eru á undan- haldi, það vantar mannamál í stjórn- málin, betri forgangs- röðun og minna rugl.

Aðalheiður  
Ámundadóttir  
adalheidur@frettabladid.is



**H**vernig get ég gert eitthvað til að þessi sirkus hætti? spyr Selma Margrét Sværisdóttir sem fékk kosningarétt árið 2008 og hefur tekið þátt í fleiri kosningum en hún hefur tölu á.

Bládamadur Fréttablaðsins ræddi við nokkra unga Íslendinga sem fengu kosningarétt á eftirhruns- árunum. Öll eiga þau sameiginlegt að muna ekki hve oft þau hafa kosið, en segjast öll kjósa.

*Hvernig blasa stjórnmalin og stjórnmalamenningin við ykkur í dag?*

**Íris:** Það er kominn pirringur gagn- vart stjórnmalum, finnst mér. Það er alveg sama hvað við gerum, við förum og kjósum og það gerist ekki neitt. Það endar allt í rugli. Það er ekkert tekið mark á því sem maður er að kjósa.

**Tinna:** Það er náttúrulega óþolandi að það þurfi alltaf að kjósa aftur og aftur. Maður kys flokk og svo er mynduð stjórn og svo fuðrar bara allt upp af því að einhver bara hættir. Segir bara upp! Það er alveg fátán- legt. Það er svo mikið ábyrgðarleysi í stjórnmalunum.

**Baron:** Mér finnst þetta svo oft líta út eins og skrípaleikur. Flokkarnir liggja í einhverjum dvala, og svo þegar fer að stytast í kosningar og enginn hefur staðið við lofordin þá kemur þetta „nú þurfum við að fara að vakna, það eru að koma kosningar. Nú þurfum við að fara að lofa aftur“. Þá koma lofordin og auglýsingaher- ferðirnar og björkvöldin og leikurinn byrjar upp á nýtt. Þetta er bara enda- laus þannig hringrás.

**Íris:** Svo gerist aldrei neitt. Það eru allir flokkarnir búnir að vera með heilbrigðismálin á dagskrá í 10 ár



Bládamadur Fréttablaðsins hitti nýja kjósendur eftirhrunsáranna á Alþingi til að ræða stjórnmalin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

og það lagast ekkert, heldur versnar bara og versnar.

**Baron:** Einmitt, sem er mjög skrítið, því einkageirinn í heilbrigðiskerfinu er að blómstra.

**Íris:** Er það kannski þess vegna sem þeir svelta heilbrigðiskerfið? Vilja

þeir það ekki bara?

*Hvernig finnst ykkur viðhorfin til stjórnmalaflokka vera í dag?*

**Egill:** Við verðum eiginlega ekkert vör við þá, nema rétt fyrir kosningar og svo reyna þeir vöðla lítið að tala við fólk. Koma bara, eins og í skólana, og rétta fram lausnirnar og svo eru þeir farnir.

**Selma:** Margir vanda sig og taka sér tíma í að kynna sér flokkana og áherslurnar til að taka upplýsta ákvörðun en svo fer allt í steik og maður hugsar með sér: Á ég að nenna að gera þetta allt aftur eða á ég bara að kjósa það fyrsta sem mér dettur í hug?

**Baron:** Þegar þetta er orðið svona, þá náttúrulega minnkar áhuginn.

**Tinna:** Mér finnst ekki rétt að fólk sé að kjósa einhvern flokk til að losna við vesen. Maður á alltaf að kjósa sinn flokk, sem maður hefur mesta trú á. Mér finnst við megum ekki gefast upp. Maður verður að hafa trú á að hlutirnir gangi upp frekar en að vera svartstýnn á stjórnmalin.

**Egill:** Áherslurnar breytast líka svo rosalega fljótt, finnst mér. Flokkarnir eru ekki með sömu áherslur og þeir voru með bara fyrir ári. Þeir eru að leggja upp með allt aðrars áherslur en þeir voru fyrir ári síðan. Mér finnst það alveg steikt!

**Tinna:** Er það ekki bara í takt við nútímann? Samfélagið er alltaf að breytast og áherslurnar í leiðinni. Mér finnst það alveg skiljanlegt.

## Kosningar undan- farinn áratug

- Alþingiskosningar 2007
- Alþingiskosningar 2009
- Sveitarstjórnarkosningar 2010
- Ríkisábyrgð vegna Icesave 2010
- Stjórnlagabingskosningar 2010
- Ríkisábyrgð vegna Icesave 2011
- Forsetakosningar 2012
- Tillögur stjórnlagaráðs 2012
- Alþingiskosningar 2013
- Sveitarstjórnarkosningar 2014
- Forsetakosningar 2016
- Alþingiskosningar 2016
- Alþingiskosningar 2017

*Hvernig ákveður fólk hver fær atkvæði þess í þessum kosningum?*

**Íris:** Það ætti að vera heilbrigðis- kerfið, menntakerfið og flóttamanna- vandinn. Þessi mál sem snerta okkur öll. En ég held það sé líka bara spurn- ingin um hver er ekki að fara að skíta upp á bak og gera eitthvað heimsku- legt til að allt hrynji aftur.

**Tinna:** Mér finnst við megum ekki kjósa þannig, bara til að losna við vesen. Við þurfum að standa með málefnum og hafa trú á að fólk geti unnið saman. Við megum ekki vera svartstýnn etc....

**Baron:** Það er alltaf verið að tala um stöðugleika og ég held að fólk sækist eftir stöðugleika frá spillingunni í rauninni og að við þurfum ekki alltaf



AF HVERJU ERUM VIÐ

AÐ LEGGJA ENDALAUSA

HJÓLREIÐASTÍGA ÞEGAR

SPÍTALINN ER AÐ MYGLA?

AF HVERJU ERU ÞEIR Í

FORGANGI?

Tinna, 22 ára

að hafa áhyggjur af því hvað er verið að gera á bak við tjöldin, hvaða „við- skipta“-vinir eru núna að hafa áhrif á pólitíkina okkar.

**Íris:** Það er eitt sem ég skil alls ekki. Við erum með spilla stjórnma- lamennt, en samt eru stjórnmalin eins og trúarbrögð. Fólk bara tilheyrir sínum flokki og fjölskyldan er öll þar og gefur sér ekkert svigrúm til að breyta.

**Jóhann:** Ég held að þessi flokksholl- usta sé á undanhandi. Margt eldra fólk lætur eins og þetta sé fótballiðið þess og stendur með sínum flokki í gegnum súrt og sætt. Þá er alveg sama þótt það rigni eldi og brennisteini, það kys samt sinn Framsóknar- flokk, Sjálfstæðisflokk eða kratana. Og hugsar svona „ég er nú búinn að leggja svo mikið í þetta að ég get ekki farið að yfirgefa flokkinn“.

Ég held samt að þetta sé að breyt- ast. Yngri kynslóðirnar eru upplýstari og fylgja ekki endilega skoðunum foreldra sinna eins og áður.

**Tinna:** Það eru örugglega margir sem verða fyrir áhrifum frá foreldr- um sínum. En það skiptir líka máli hvernig maður er alinn upp. Það er ekki endilega þannig að foreldrar manns segi manni hvað maður á að kjósa en lífsviðhorf mótast líka af upplidinu.

*Er eitthvað í kerfinu sem má laga?*

**Íris:** Mér finnst við ættum að kjósa fólk frekar en flokka. Það meikar miklu meiri sens. Ég veit til dæmis alveg hvern ég myndi vilja sem for- sætisráðherra. En ég veit ekkert hvort ég vil endilega kjósa þann flokk.

**Tinna:** Mér finnst það ekki. Ég held að það myndi allt lenda í kaos og leiðindum og skapa miklu meira rífrildi ef við kysum bara fólk. Fólk vill fá að vinna í hópi og gefa kost á sér saman.

**Egill:** Fólk þarf að geta sagt nei og á ekki að þurfa að treysta bara á að for- setinn geri það. Það er ákvæði í nýju stjórnarskránni um að fólk geti lagt fram frumvörp og sett ákveðna umræðu í gang á Alþingi. Það þarf að neyða þingið til að hlusta á þjóðina.

**Íris:** Það þarf að virkja þjóðina betur. Til dæmis með netkosningum. Mér finnst Alþingi vera bara orðið ein- hvern veginn fyrir ofan okkur og við erum ekki í neinu sambandi við Alþingi.

**Jóhann:** Vandamálið við þjóðar- atkvæðagreiðslur, eins og í Sviss, er að þar er hræðilega léleg kjórsókn og þar geta hagsmunaflokkir heldur betur látið til sín taka.

**Baron:** Okkur vantar samt leiðir til að láta fulltrúa almennings hlusta betur á almenning og kjósendur.

**Egill:** Annað sem má laga er að þótt þessi fimm prósent regla sé alveg góð þá myndi ég vilja geta kosið annan flokk til vara ef minn kæmist ekki á þing.

*Finnst ykkur þið nægilega inni í öllum málum?*

**Baron:** Pólitíkin er eiginlega þannig að þú þarft að demba þér alveg inn í hana til að geta skilið þetta. Þetta er svo sérhæft. Pólitíkin notar allt annan orðaforða heldur en almenn- ingur. Þetta er allt annað tungumál. Við viljum bara fá að vera samfélags-

## ERTU LÖNGU HÆTTUR AÐ TAKA Í NEFIÐ EN SITUR UPPI MEÐ SKEMMDIRNAR!



Okkar sérsvið er háráðsáttis meðferðir. Fyrir þá sem vilja alvöru árangur!



Snyrtistofan Hafblik

Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrt@snyrt.is • www.snyrt.is



## Hvað setja þau á oddinn?

**Tinna**  
22 ára,  
þjónustufulltrúi  
á viðskipta-  
bankaviði  
Arion banka



Ísland er að missa unga fólkið frá sér út af menntastefnunni hérna. Það verður að styðja betur við námsmenn eins og gert er á Norðurlöndunum. Svo er tekinn endalaus skattur af manni og maður nær ekkert að leggja fyrir. Ungu fólkið er að reyna að komast áfram í lífinu og það er allt gert til að stoppa mann.

**Jóhann**  
27 ára,  
útibússtjóri hjá  
Blue Car Rental



Við verðum að losa okkur við íslensku krónuna og koma okkur úr þessu örhagkerfi í kringum hana. Ég sé ekki tilganginn í því að vera endalaust að reyna að laga krónuna, þegar við þurfum þess ekki. Þetta er eins og að troða filnum í gegnum skrárgatið.

**Selma**  
27 ára,  
háskólanemi í  
fæðingarorlofi



Mér finnst fólk ekki vera að einblína á hvaða flokkur henti því best og hvaða málefni, heldur erum við aðallega að hugsa: Hvernig get ég gert eitthvað til þess að þessi sirkus hætti?

**Baron**  
26 ára,  
ráðgjafi og  
jógakennari



Staðan í geðheilbrigðismálum er mjög slæm. Þar vantar mikið upp á þjónustuna og starfsfólkið er útbrunnið. Það þarf að fjölga fólki alls staðar, ekki bara sálfræðingum, heldur ráðgjöfum líka.

**Egill**  
18 ára,  
framhalds-  
skólanemi



Fyrir mér snúast þessar kosningar ekki um heilbrigðismál eða húsnæðismál. Þetta snýst um að fólk er bara að gefast upp á þessu kerfi eins og staðan er núna. Það þarf í rauninni bara að fara hart í það að setja niður þessa nýju stjórnarskrá.

**Íris**  
23 ára,  
viðskipta-  
fræðingur og  
starfandi  
flugfreyja



Heilbrigðiskerfið er búið að vera stefnumál allra flokka í tíu ár, samt gerist ekkert og þetta bara versnar og versnar. Er þeir að svelta heilbrigðiskerfið viljandi til að einkarekna kerfið geti tekið við?

þegar og geta einbeitt okkur að okkar eigin málum og maður hefur ekki tíma til að kynna sér öll mál í þaula. Þessi orðaforði stjórnmálanna er ekkert að hjálpa manni, sko.

**Egill:** Svo eru þessar leiðir sem stjórnmálamenn vilja fara. „Við viljum fara dönsku leiðina í efnahagsmálum,“ segja þeir og svo er ætlast til að maður gúgli bara ‚danska leiðin‘ og fara marga hringi á internetinu til að finna út hvað danskt efnahagskerfi er.

**Selma:** Einmitt, og hver nennir því?  
**Jóhann:** Fjölmíðlarnir mættu líka alveg bæta sig í framsetningu fréttu. Þeir eru ekki alltaf sérfræðingar í því sem þeir eru að fjalla um heldur sérfræðingar í að segja fréttir. Til dæmis þegar sérfræðingur er fenginn til að

útskýra eitthvað og það er bara birt beint, þá verður það of langt, þurrt og leiðinlegt og enginn nennir að lesa það.

**Finnst ykkur ungt fólk nægilega upplýst um stjórnmál og stjórnmála-kerfið?**

**Íris:** Nei, það finnst mér ekki. Ef fólk hefði verið kennt þetta í skólum held ég að fólk hefði meiri áhuga á að kjósa – ef það vissi betur hvað þetta fólk gerði og hver gerði hvað.

**Selma:** Það situr alveg fast í mér allt sem við lærðum um landnámið og um sjálfstæðisbaráttuna en ég man ekki eftir því að hafa fengið samþærilega kennslu um stjórnmál og stjórnmál.

**Tinna:** Ég er mjög sammála. Ég skil

ekki af hverju ég þurfti að taka tvo söguáfanga í menntaskóla um einhverja Rómverja en ég lærði aldrei neitt um þetta; um stjórnmál og stjórnmál. Ég veit í rauninni of lítið um hver ber ábyrgð á hverju og hvað er á valdsviði hvers. Það er bara geðveikt asnalegt að þetta sé ekki kennt. Ég veit ekki hvenær ég á eiginlega að nota þessar upplýsingar um Rómverjana. Ég er ekkert að fara segja neinum sögur af Rómverjum! Svona er íslenska menntakerfið í hnotskurn.

**Er þetta kannski eitthvað sem á að vera á ábyrgð foreldranna?**

**Selma:** Það er náttúrulega ekki víst að kennslan yrði eins í Vesturbænum og Garðabænum en má ekki kenna þetta bara eins og trúarbragðafræð-

ina? Það má fræða um kerfið án þess að vera með trúboð.

**Egill:** Það á kannski ekki að vera að kenna hvað flokkarnir standa fyrir vegna þess að það getur farið mjög illa. En það má kenna hvað orð þýða og hvernig kerfið virkar. Eins og með stjórnarskrána til dæmis, fara í gegnum hvað stjórnarskráin gerir og hver er tilgangurinn með henni til dæmis.

**Selma:** Það þarf líka að byrja áður en krakkar verða feimnir að spyrja. Ef menn byrja ekki á þessari kennslu fyrir en í unglingadeild, þá þora þau ekki spyrja. Það er miklu betra að byrja fyrir þegar þau vita ekkert hvað þetta er, þá ekkert í því og finnst ekkert asnalegt að vita ekkert um þetta.

**SIEMENS**

**Skráðu þig inn þegar þú ert úti.**

Nýjung! Ný Siemens heimilistæki með Home Connect-appi.

[www.siemens-home.bsh-group.com/se/](http://www.siemens-home.bsh-group.com/se/)

BSH-samsteypan er leyfshafi vörumerkis í eigu Siemens AG

Ertu á leið heim til að athuga hvað er til í kælikápnum? Sleptu því vegna þess að nú geturðu gægst inn í kælikápin í snjallsímanum þínum. Home Connect-appið gerir þér nefnilega kleift að tengjast þráðlaust nýjum sérhönnuðum heimilistækjum frá Siemens á auðveldan og þægilegan hátt hvort sem þú ert í vinnunni, á ferðalagi eða situr í sófanum heima.

Með Home Connect-appinu eru Siemens heimilistækin aldrei lengra frá þér en snjallsíminn eða spjaldtölvun. Kveiktu á ofninum þegar þú ert á leiðinni heim, athugaðu hvort þvottavélin er búin að þvo eða fáðu dásamlegar uppskriftir að kvöldmatnum inni á recipeWorld.

Home Connect-appið er fyrir þig og aðra þá sem þrá lausnir sem einfalda lífið. Kannaðu fleiri kosti á heimasíðu Siemens, [www.siemens-home.bsh-group.com/se/](http://www.siemens-home.bsh-group.com/se/).

Heimilistækin  
þín í einu  
appi.

HOME  
CONNECT

Siemens heimilistækin fást hjá Smith & Norland.

**SMITH &  
NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
[www.sminor.is](http://www.sminor.is)

# Straumar og stefnur í baráttunni

Flokkarnir deila um nýjan spítala, krónuna, sjávarútveginn og landbúnaðarmál, svo eitt-hvað sé nefnt. Hér birtist stefna stjórnmálaflokkanna í helstu málaflokkum og sýn valinna álitsgjafa sem kalla eftir umræðu um umhverfismál, einn saknar fjórflokkakerfisins og annar vill að vinstriflokkarnir útskýri hvernig á að fjármagna kosningaloforðin.

## Vinstrið lofar öllu fögru

Vinstri flokkarnir þrír, Vinstri grænir, Samfylkingin og Píratar, lofa kjósendum öllu fögru, en verjast allra fréttu um, hvernig eigi að standa straum af þessum loforðum. Væri hægt að kjósa lífskjör, þá væri öll fátækt auðvitað fyrir löngu horfin. Íslendingar búa við einstakt góðari þessi misserin. Sjálfstæðisflokkurinn er eini flokkurinn, sem virðist hafa áhuga á að halda áfram á sömu braut. Hinir flokkarnir ætla allir að breyta stefnunni, en eru ófúsir að upplýsa, hvert á að fara.

**Hannes Hólmsteinn Gissurason, prófessor í stjórnmálafræði**



Hannes Hólmsteinn Gissurason

## Vill fjórflokkinn aftur

Ég hef lítið getað kynnt mér öll þessi framboð. Auðvitað finnst mér það tímaskelkja. Í hinum vestrænu ríkjum er öflugt flokkakerfi, íhaldsflokkur á hægrikantinum, framsóknarflokkur á miðjunni og verkamannaflokkur til vinstri. Ég sakna þess kerfis sem hér ríkti og reyndist þessari þjóð vel og það er fjórflokkakerfið. Auðvitað eru allir flokkarnir með góð mál á stefnu-skrá sinni, en ég leita nú mest eftir því hvernig flokkarnir ætla að halda þeim stöðugleika sem kominn er, uppgangi í atvinnulífinu án skatta-hækkana og standa vörð um félagslegt kerfi okkar, menntamál og heilbrigðiskerfið. Mér finnst óskaplega sorglegt að þegar allt er í uppgangi á Íslandi skuli pólitíkin vera svona brothætt og veik.

**Guðni Ágústsson, skemmtikraftur**



Guðni Ágústsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins



**MÉR FINNST ÓSKAPLEGA SORGLEGT AÐ ÞEGAR ALLT ER Í UPPGANGI Á ÍSLANDI SKULI PÓLITÍKIN VERA SVONA BROTHÆTT OG VEIK.**

## Meiri umræðu um menningu



Kristín Helga Gunnarsdóttir, fyrrverandi frambjóðandi VG

Ég sakna þess mjög mikið að það sé talað um menningarmál og menntun. Mér finnst það alltaf vera það sem við tölum um á stóru stundunum en gleymist í kosningaþvarginu út af efnahagsmálum. En þetta hangir allt á sömu spýttunni. Það er stórt efnahagsmál að hafa hér öfluga menningu, hlúa að tungumáli og hafa sterkt menntakerfi. Það er efnahagskerfi og ég sakna umræðu um þetta. Kristín Helga fagnar umræðunni um afnám virðisaukaskatts á bækur. Það eru dásamleg tíðindi og það gleðilega er að þar er þverpólitísk samstaða.

**Kristín Helga Gunnarsdóttir, formaður Ríthöfundasambands Íslands.**

## Saknar umræðu um samgöngur

Ég sakna umfjöllunar um samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu, en það er ekkert nýtt í þessari baráttu. Mér finnst of mikið um það að flokkarnir gleymi þessum stóra og mikilvæga þætti og er orðinn úrkula vonar um að hann komist í umræðuna fyrir alþingiskosningar. Það sem einna helst stendur upp úr er í raun og veru hvað lítið hefur borið á alvöru átökum um grundvallarmál. Mér finnst það mest afgerandi við þessa baráttu. Hún hefur verið stutt en aldrei náð flugi um grundvallarmál.

**Jón Kaldal, fjölmiðlamaður**



**ÞAÐ SEM EINNA HELST STENDUR UPP ÚR ER Í RAUN OG VERU HVAD LÍTIÐ HEFUR BORIÐ Á ALVÖRU ÁTÖKUM UM GRUNDVALLARMÁL.**



Jón Kaldal

## Vill skýrari sýn á umhverfismál

Ég vil fá skýrari umræðu um umhverfismál heldur en hefur verið. Flokkarnir eru nokkuð sammála um úrbætur í heilbrigðismálum, menntamálum, húsnæðismálum og nokkur samhljómur líka varðandi samgöngumál en það vantar miklu skýrari svör hvað varðar umhverfismál. Ég er mjög sátt við minn gamla flokk og þá breytingu sem hefur orðið hjá Samfylkingunni, hvernig hún heldur á málum og raðar upp sínum forgangsmálum. Mér finnst áherslurnar vera skýrari og frábært fólk á framboðslistanum.

**Margrét Frimannsdóttir, fyrrverandi forstöðumaður Litla-Hrauns**



Margrét Frimannsdóttir, fyrrverandi þingmaður Samfylkingar

FJARÐARKAUP OG GÓA KYNNNA MED STOLTI

10. & 11. DESEMBER  
Í HÖRPU

# Jólagestir

2017

## Þjórgvins



*Hvaða  
lag vilt þú heyrna?*  
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA  
Á TÓNLEIKANAI  
*Veldu löginn á*  
BYLGJAN.IS

Sérstakur gestur  
*Stefán Karl*

HÖFUM BÆTT VIÐ AUKATÓNLEIKUM

# MIÐASALA HAFIN!

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON · GISSUR PÁLL · JÓHANNA GUÐRÚN · JÚNÍUS MEYVANT  
KATRÍN HALLDÓRA SIGURÐARDÓTTIR · PÁLL ÓSKAR · RAGGA GÍSLA · SVALA  
SÉRSTAKUR GESTUR STEFÁN KARL STEFÁNSSON OG SÍÐAST EN EKKI SÍST JÓLASTJARNAN 2017

STÓRSVEIT JÓLAGESTA UNDIR STJÓRN PÓRIS BALDURSSONAR · STRENGJASVEIT UNDIR STJÓRN GRETU SALÓME · REYKJAVÍK GOSPEL COMPANY UNDIR STJÓRN ÓSKARS EINARSSONAR  
KARLAKÓRINN ÞRESTIT UNDIR STJÓRN ÁSTVALDS TRAUSTASONAR · BARNAKÓR KÁRSNESSKÓLA UNDIR STJÓRN ÁLFHEIÐAR BJÖRGVINSDÓTTUR  
DANSARAR ÚR DANSSKÓLA SIGURÐAR HÁKONARSONAR HANDRIT BJÖRN G. BJÖRNSSON LEIKSTJÓRN GUNNAR HELGASON



**FK**  
FJARÐARKAUP

www.jolagestir.is  
f Jolagestir

Miðasala fer fram á Harpa.is/jolagestir og í síma 528 5050  
Nánar á www.sena.is/jolagestir

**sena**  
LIVE!





# GLÆNÝ BÓK FRÁ GUNNA!

VILDARVERÐ:

3.899.-

Verð:  
4.899.-

# AMMA BEST



ÚTGÁFUHÓF  
Í DAG  
KL 14:00  
Í GAFLARALEIKHÚSINU

„ÓMÆGOD! FYRSTU ZO  
SELDU BÓKUNUM Í  
ÚTGÁFUHÓFINU FYLGIR  
ALVEG ÓKEYPIS, FÁRÁNLEGA  
HLÝ CINTAMANI HÚFA!“



Amma best

Björgvin og Bíbí syngja töfrandi lög ævintýranna, Gunni les úr „Ömmu best“  
og besta ömmutertan í bænum! **ALLIR VELKOMNIR!**




VILDARKLÚBBUR  
EYMUÐSSON



Er ekki allt í lagi með þig?  
**VILDARVERÐ: 3.899.-**  
Verð: 4.899.-




Búrið  
**VILDARVERÐ: 5.599.-**  
Verð: 6.999.-



Elly  
**VILDARVERÐ: 3.100.-**  
Verð: 3.899.-



Konan í dalnum  
**VILDARVERÐ: 4.499.-**  
Verð: 5.499.-




Hnotskurn  
**VILDARVERÐ: 3.199.-**  
Verð: 3.999.-




Rétt undir sólinni  
**VILDARVERÐ: 2.799.-**  
Verð: 3.499.-




Gulbrandur snati og nammisjúku njósnararnir  
**VILDARVERÐ: 3.799.-**  
Verð: 4.799.-




Hvolpasögur  
**VILDARVERÐ: 2.399.-**  
Verð: 2.999.-



Stúlkan sem gat ekki fyrirgefið  
**VILDARVERÐ: 3.299.-**  
Verð: 3.899.-



Gagn og gaman  
**VILDARVERÐ: 2.999.-**  
Verð: 3.499.-



Örninn og fálkinn  
**VILDARVERÐ: 5.599.-**  
Verð: 6.999.-

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 23. október, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



„Ég sá ekki að ég gæti látið hann hætta, að ég gæti unnið hann.“ Hildur Erla Gísladóttir er flugfreyja og ljósmyndari en myndir hennar hafa meðal annars birst í Vogue. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Misnotuð af sundþjálfaranum

„Hann gerði allt nema að nauðga mér,“ segir Hildur Erla Gísladóttir. Hún var sextán ára gömul þegar sundþjálfarinn áreitti hana fyrst. Misnotkunin stóð yfir í tæpt ár og Hildur Erla, sem var komin í afrekshóp í íþróttinni, hætti að æfa sund. Hún var niðurbrotin eftir áreitni og kynferðislegt ofbeldi þjálfarans.

Sylvía Rut  
Sigfúsdóttir  
sylviarut@365.is



Eftir að fyrstu fréttirnar birtust um tugi brota Harvey Weinstein í gegnum árin hafa konur um allan heim stigið fram. Konur á öllum aldri hafa sagt frá kynferðislegri áreitni og kynferðisofbeldi sem þær hafa orðið fyrir. Myllumerkið Me Too hefur tekið yfir samfélagsmiðla og hugrakkar stúlkur og konur hjálpast nú að við að sýna hvað kynferðisofbeldi er stórt samfélagsvandamál.

Hildur Erla Gísladóttir var aðeins 16 ára gömul þegar sundþjálfarinn hennar áreitti hana fyrst. Þau voru tvö ein í bíl þar sem hann hafði bodist til þess að keyra hana og þrjá aðra sundmenn heim eftir æfingu. Hann var þá 52 ára svo aldursmunurinn á þeim var 36 ár. Þjálfaranum tókst að brjóta Hildi Erlu gjörsamlega niður með áreitni og kynferðislegu ofbeldi á tæpu ári, þangað til hún loksins þorði að segja frá.

„Það eru núna tíu ár síðan þetta byrjaði, en þetta stóð yfir í tæpt ár.“

## Mun alltaf fylgja mér

Ástæðan fyrir því að Hildur Erla fann kjarkinn, var að hún var fullviss um að annars myndi þetta enda með nauðgun. Ástæða þess að maðurinn er ekki nafngreindur hér er að hann var ekki dæmdur fyrir sín brot. Aldrei náðist að taka skýrslu af honum þar sem hann fór úr landi eftir að málið kom upp.

„Ég fékk mikla og góða hjálp frá sálfræðingi sem aðstoðaði mig við að vinna

úr þessu, bæði strax og svo aftur, nokkrum árum seinna. Eftir að ég eignaðist dóttur mína, byrjaði smátt og smátt að koma yfir mig kvíði, ekki á nokkurn hátt tengdur henni samt. Hún er það besta sem hefur komið fyrir mig en ég byrjaði að óttast það sem gæti mögulega komið fyrir hana, ótti sem eflaust væri ekki til staðar nema vegna þess sem ég lenti í.“

Móðurhlutverkið hefur breytt Hildi Erlu á margan hátt og ætlar hún núna að loka þessum kafla í lífi sínu endanlega.

„Þetta mun alltaf fylgja mér, eftir öll þessi ár er ég búin að sætta mig við það og hef lært að lifa með því.“

## Elskaði sundið

DV sagði frá uppsögn þjálfarans þegar málið komst upp á sínum tíma en Hildur Erla og foreldrar hennar veittu aldrei viðtal. Hildur Erla æfði sund frá sex ára aldri og elskaði þessa íþrótt, sérstaklega alla vinina sem hún eignaðist en þau voru eins og ein stór fjölskylda. Sundþjálfarinn náði að eyðileggja unglingsár Hildar Erlu og hún lifði með sjálfsásakanir, þunglyndi og kvíða í mörg ár. Þegar hún var komin í afrekshóp í sundinu fékk hún þar þennan nýjan þjálfara. Hann átti eftir að hafa áhrif á allt hennar líf og fyrstu hættumerkin komu fram nánast frá fyrstu kynnum þeirra. Foreldrar Hildar Erlu kvörtuðu yfir harðneskjulegri framkomu hans en hegðun hans var á sínum tíma alltaf afsókuð með því að hann væri frá öðrum menningarheimi en hann er frá Serbíu.

## Voru ein í bíl saman

„Strax á þessum tíma var ég orðin mjög hrædd við hann. Sálfræðingurinn minn



HANN VAR

ALLTAF AÐ

BÍÐA ÞANG-

AÐ TIL ÉG

YRÐI 18 ÁRA.

HANN HEFÐI

SAMT EF-

LAUST EKKI

KALLAÐ ÞAÐ

NAUÐGUN ...

HANN SAGÐI

VIÐ MIG Á

17 ÁRA AF-

MÆLINU

MÍNU Í

FERÐINI:

„JUST ONE

MORE YEAR.“

sagði mér eftir á að þetta hafi verið hans leið til þess að byrja að brjóta mig niður og ná mér svo á sitt vald. Svo leið tíminn og ég var orðin algjört uppáhald hjá honum, hann reyndi ekki einu sinni að fela það. Hann var alltaf við mörkin hvað varðar samskipti, hann knúsaði og kyssti alla en fólk fannst þetta bara vera hans persónuleiki. En svo byrjaði hann að ganga lengra og lengra við mig.“

Þjálfarinn hafði náð að skapa aðstæður þar sem hann var einn í bíl með Hildi Erlu á kvöldin.

„Hann stoppar bílinn og segir mér að kyssa sig. Hann segist ekki ætla að keyra aftur af stað fyrr en ég geri það. Ég sagði honum að hætta og var hrædd. Ég vissi ekkert hvað ég átti að gera. Það leið einhver tími, mér fannst þetta vera svona hálf tími, og hann verður bara reiður og pirraður. Á endanum kyssti ég hann en þá sagði hann að ég hefði ekki gert það nógu vel. Eftir þetta þá skutlaði hann mér alltaf síðast heim eftir æfingar, þó svo að það þýddi að hann þyrfti að fara krókaleið til að skutla hinum. Hann sagði alltaf bara við þær og aðra að hann þyrfti að tala við mig, hjálpa mér því að ég ætti svo rosalega erfitt og væri svo stressuð. Hann bjó það til, hann bjó til stressið í mér og í raunveruleikanum var hann ástæðan fyrir því að ég var stressuð. Stressuð yfir hvað hann myndi gera og hvort hann myndi ganga lengra. Líka af því að ég var búin að reyna oft að biðja hann um að hætta og láta hann vita að ég vildi þetta ekki eða þá segja að ég væri þreytt eða bara eitthvað. Hann varð bara reiður ef ég gerði það sem hann sýndi svo bara með því að verða ákafari. Hann káfaði á mér allri, inn undir fötin, inn

á nærbuxurnar. Hann bannaði mér að vera í blúndunærbuxum því honum fannst betra að koma við hinar.“

Þjálfarinn hélt áfram að brjóta gegn Hildi Erlu og versnaði áreitni hans með tímanum.

„Þetta var alltaf í bílnum hans, hann byrjar að láta mig setjast ofan á sig og hallar sætinu aftur. Hann káfar á mér, snertir mig alla og kyssir mig. Hann stundi mikið og bað mig um að gera hitt og þetta. Hann var rosalega ógeðslegur með sitt grátt hár, mottu og hökutopp. Ég varð alltaf eldrauð í kringum munninn út af skegginu. Þetta gekk svona áfram í einhvern tíma.“

Eftir eina æfinguna slær þjálfarinn á afturenda Hildar Erlu fyrir utan sundlaugina þegar fleiri úr hópnum, meðal annars vinkona hennar og systir, voru rétt á undan henni. Enginn tók samt eftir neinu og Hildur Erla þorði ekki að segja neitt.

## Lét hana ljúga

„Hann lét mig alltaf segja mömmu og pabba einhverjar sögur um það af hverju ég hafði komið svona seint heim eftir æfingu. Hann var algjörlega kominn með þau á sitt band með því að segja þeim að ég væri svo stressuð og þyrfti á meiri aðstoð að halda en hinir krakkarnir. Pabbi minn var meira að segja í stjórninni í sundinu og ég man að eitt skipti sem hann var með matarboð heima þá var þjálfarinn heima hjá mér. Hann labbaði fram hjá herberginu mínu, horfði þangað inn og glotti.“

Hildur Erla segir að hann hafi alltaf orðið ágengari og ágengari. Nokkur af verstu brotum áttu sér svo stað ➔



# Ómissandi í eldhúsið

„Matarást er snilldarverk.“ JÓNAS KRISTJÁNSSON / DV



**4.590** KR  
STK

Loksins fáanleg aftur

Alfræðibók um matargerð, hráefni, uppskriftir og matarsögu

Eftir Nönnu Rögnvaldardóttur,  
matmóður Íslendinga

Tilboðið gildir 20. - 22. október 2017 [www.netto.is](http://www.netto.is)

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.  
Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Íðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss





LAUGARDAGUR 21. OKTÓBER 2017

Helgin



Bjarki Þór Pálsson er einn af efnilegustu bardagamönnum Íslands í blönduðum bardagalistum og vann nýlega sinn fyrsta titil. ➔6



Frá vinstri, Paulina Wiszniewska, verkefnastjóri dagnámskeiða og kennari hjá Retor fræðslu, Aneta M. Matuszewska, skólastjóri Retor fræðslu og kennari, og Beata Czajkowska, verkefnastjóri fyrirtækjalausna og kennari. Þær segja tungumálið lykilinn að þátttöku innflytjenda í samfélaginu. MYND/EYÞÓR



GLAMOUR fylgir með Stóra- og Risapakkanum



Kynntu þér málið á 365.is

365

# Innflytjendur krefjast skýrari íslenskustefnu

Retor fræðsla stendur fyrir vitundarvakningu um notkun íslensku sem leiðandi tungumáls á vinnustöðum. Enska hafi tekið yfir sem samskiptamáti vegna stefnuleysis stjórnvalda. Styrkir til íslenskukennslu fyrir innflytjendur voru 240 milljónir árið 2008 en 120 milljónir árin 2016 og 2017. ➔2

## Framhald af forsiðu →

Það er áriðandi að breytingar verði í innflytjendamállum, sérstaklega varðandi íslenskukennslu. Ég trúi því að í landi eins og Íslandi séu breytingar mögulegar," segir Aneta M. Matuszewska, skólastjóri Retor fræðslu, en Retor stendur fyrir vitundarvakningu um notkun íslensku sem leiðandi tungumáls á vinnustöðum í stað ensku.

Þau benda á að síðustu ár hafi innflytjendum fjölgað hratt og séu í dag 10 prósent af þjóðinni. Spár bendi til þess að eftir tíu ár geti þessi tala nálgast 20%prósent og án verulegrar stefnubreytingar í íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur muni það hafa gífurleg áhrif á málið. Íslenskumælandi séu þegar farnir að velja ensku sem skilvirknan samskiptamáta fram yfir íslensku. Þróunin sé augljós og hröð og aðgerða sé þörf til að viðhalda íslenskunni.

„Það að kunna málið er lykillinn að því að geta tekið þátt í samfélaginu," segir Aneta. „Íslenskukunnátta opnar ótal dyr, ekki bara þær að geta spjallað við íslenska vini sína yfir kaffi, heldur fær fólk tækifæri til þess að nota menntun sína, miðla af þeirri reynslu sem það býr yfir og hugmyndum sínum og á betri möguleika á því að láta drauma sína rætast.“

Aneta flutti hingað til lands frá Póllandi fyrir sautján árum og var au-pair hjá íslenskri fjölskyldu. Þegar þeim samningi lauk hóf hún störf á leikskóla. Hún segir leikskólastarfið hafa verið afar gefandi og hún náði góðum tókum á íslensku. Í framhaldinu fór hún að kenna samlöndum sínum málið.

„Ég varð reynslunni ríkari eftir nokkurra ára starf við leikskóla og þegar mér bauðst að kenna Pólverjum íslensku skellti ég mér á það enda fannst mér vanta pólskumælandi kennara. Þetta var mjög áhugavert en þó fannst mér vanta betri lausnir fyrir samlanda mína. Af því að ég er sjálf innflytjandi taldi ég mig vita betur hvernig Pólverjar læra og vildi koma ákveðnum hugmyndum á framfæri. Ég stofnaði því skólann árið 2008.“

## Bjargarleysið reyndist hvatning

Paulina Wiszniewska, verkefnastjóri dagnámskeiða og kennari við skólann, segir líkt og Aneta tungumálið lykilinn að virkri þátttöku í samfélaginu. Sjálfri hafi henni verið hent út í djúpu lauginu á sínum tíma. En það virkaði.

„Ég kom frá Póllandi með foreldrum mínum ellefu ára gömul og byrjaði strax í 6. bekk. Þar talaði enginn mitt mál og ég sá strax að ég yrði að læra íslenskuna sem fyrst til þess að geta tekið þátt í skólasamfélaginu. Ég var mjög metnaðarfull, ég vildi verða hluti af öllu undir eins, kynnast krökkunum og eignast vini. Ég lagði mig því mikið fram og lærði íslenskuna reiprennandi á einu ári. Ég var farin að hjálpa öðrum útlenskum krökkum í skólanum með íslenskuna svo þau gætu líka staðið á eigin fótum.“

Ég lærði líka ensku og dönsku á sama tíma og það má segja að mér hafi verið hent út í djúpu lauginu. En ég komst heil út úr því. Ég hef alltaf verið ákveðin og var ekkert feimin við að tala þó ég beygði allt vitlaust," segir hún.

Paulina lauk sveinsprófi í hárgreiðslu og fyrir þremur árum fór hún að kenna hjá Retor.

„Ég vildi deila því sem ég kann með þeim sem þurfa. Með kennslunni hjá Retor get ég gefið fólk töl sem það getur notað til að blómstra sjálf. Ég segi alltaf það sama við nemendur mína: Í gegnum tungumálið tekur fólk



Stjórnendur og kennarar Retor fræðslu vilja vitundarvakningu um notkun íslensku sem leiðandi tungumáls á vinnustöðum. Fjöldi innflytjenda vaxi hratt og án verulegrar stefnubreytingar í íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur muni það hafa gífurleg áhrif á málið. MYND/RETOR FRÆÐSLA



Paulina, Aneta og Beata segja hætt við að innflytjendur lendi utangarðs ef þeir læra ekki málið.

## Við heyrum það frá nemendum okkar að það er alls staðar töluð við þá enska. Fólk fær ekki tækifæri til að æfa sig í að tala.

Beata Czajkowska

Þátt í samfélaginu, veit hvað er í gangi og kynnist fólki og landinu. Ekki standa fyrir utan dyrnar! Fólk verður einangrað og liður ekkert vel þegar því finnst það vera utangarðs. Hluti af því að vera hér er að taka þátt í öllu og tungumálið er lykillinn að því.“

### Hvatninguna vantar

„Pólverjar eru afar stór hópur á Íslandi og þar á meðal er fólk sem búið hefur í tíu ár á landinu en talar ekki stakt orð í íslensku því það hefur aldrei þurft að læra hana," segir Paulina. „Í opinberum stofnunum, bönkum og heilsgæslu fá þau þjónustu sem búið er að þýða, hvatningin er ekki sú sama og var þegar ég kom hingað.

Þannig verður til samfélag inni í samfélaginu og fólk lifir eftir sínum reglum, gerir sín innkaup í pólsku búðinni og horfir á pólskar myndir í bíó. Auðvitað er gott að boðið sé upp á þann möguleika en þar af leiðandi er ekki eins mikill hvati fyrir fólk að bjarga sér," segir Paulina

### Íslendingar grípa strax til ensku

Beata Czajkowska, verkefnastjóri fyrirtækjalausna og kennari, segir fólk skipta yfir í ensku um leið og það heyrir að hún talar með hreim. Hún er hins vegar með BA í íslensku. Þegar hún kom til Íslands talaði hún hvorki ensku né íslensku en enskan varð ofan á.

„Ég kom til Íslands fyrst 1999 og var í þrjú mánuði. Ég kom aftur 2001, vann í fiski í þrjú ár og lærði ensku en enga íslensku. Árið 2004 ákvað ég að læra íslensku því það var ekki möguleiki fyrir mig að fá aðra vinnu en við ræstingar ef ég talaði ekki málið. Strákurinn minn var einnig að byrja á skóla og ég gat ekki hjálpað honum með námið. Ég ákvað því að fara í háskólann og er í dag með BA í íslensku," segir Beata.

Hún segir Íslendinga allt of fljóta að skipta yfir í ensku þegar þeir tali við innflytjendur. Það tefji fyrir því að fólk nái tókum á málinu.

„Íslendingar eru að sjálfsögðu betri í íslensku en ensku og því skritið að þeir tali frekar ensku við innflytjendur því innflytjendur tala alls ekki allir ensku. Ég lendi sjálf enn þá í því að fólk skiptir yfir í ensku þegar það heyrir að ég tala með hreim. Við heyrum það frá nemendum okkar að það er alls staðar töluð við þá enska. Fólk fær ekki tækifæri til að æfa sig í að tala. Innflytjendum fjölga hratt og ef fram fer sem horfir næstu áratugi munu alltaf færri og færri tala íslensku á Íslandi!“

### Skýrari stefnu og fjármagn

Beata segir að skýrari stefnumótun vanti þegar kemur að leikskólumálum. Sonur hennar hafi verið með fjölda pólskra barna á deild og það hafi tafið hann við íslenskuna. „Um leið og hann byrjaði í grunnskóla með íslenskum krökkum sýndi hann þvilíkar framfarir. Ég er ekki á móti því að innflytjendur séu saman í leikskóla en kerfið er ekki tilbúið til að taka á móti svo mörgum. Stjórnvöld verða að læra

af reynslunni það eru ekki bara verkamenn sem koma hingað til að vinna og stoppa stutt, margir setjast hér að. Ef þeir læra ekki íslensku er miklu meiri hætt á að þeir lendi á atvinnuleysisbótum ef þeir missa vinnuna. Það vantar fjármagn númer eitt tvö og þrjú. Nú er lag, það er uppgangur og hagkerfið blómstrar. Þetta er ekki bara mál innflytjendanna sjálfra heldur allra Íslendinga.“

### Yfir þúsund nemendur á ári

Aneta segir að árlega sækir rúmlega þúsund nemendur kennslu hjá Retor. „Við sérhæfum okkur í íslenskukennslu fyrir Pólverja en við tókum á móti öllum hópum innflytjenda og eru þá blönduðu hóparnir yfirleitt á vegum fyrirtækja sem við þjónustum. Við höfum einnig átt langt samstarf við Vinnuárástafnun þar sem við kennum sérniðin námskeið til viðbótar við íslenskukennslu. Innflytjendur sjálfir vilja skýrari stefnu. Við erum komin, við viljum taka þátt í að byggja upp landið en ef það er engin stefna í íslenskukennslu verður enskan einfaldlega ofan á. Ég skora því á komandi ríkisstjórn að marka skýra stefnu.“

# Ofnæmi, meltingartruflanir, sveppasýkingar og sykurát

Bio-Kult Candéa er blanda af góðgerlum, hvítlauk og Grape Seed Extract sem hefur góð áhrif á meltinguna og hjálpar til við að draga úr áhrifum og vexti Candida-svepps. Bio-Kult er góð lausn.

Candida albicans er svokalladur tækifærissveppur (sem er ákveðið form af geri) og er hann í litlum mæli í munni og þörmum til að aðstoða við meltingu. Hann er í raun eðlilegur hluti af hópi þeirra örvera sem lifa í meltingarveginum en ef þessi sveppur fær að vaxa óhindrað verður hann orsök fjölda óæskilegra einkenna eins og t.d. þreytu, liðverkja, loftmyndunar, þyngdaraukningar og löngun í sykrud matvæli og drykki eykst.

## Meltingartruflanir, sveppasýkingar eða þunglyndi?

Afar mikilvægt er að þarmaflóran okkar sé heilbrigð og í jafnvægi en það er stundum hægara sagt en gert því það er svo margt í nútíma-samfélaginu sem hefur áhrif þar á og kemur á ójafnvægi í þörmum. Þar ber helst að nefna sýklalyf, óreglulegan svefn, streitu, mikla kaffi- og áfengisneyslu og að sjálf-sögðu neyslu sykurs og einfaldra kolvetna. Ef það verður ójafnvægi á þarmaflórunni og það dregur úr vexti heilbrigðra bakteria myndast kjöraðstæður fyrir þær óæskilegu og er Candida-sveppurinn þá ofarlega á blaði. Ef hann fer að vaxa óhindrað veldur hann oft miklum usla og einkennin leyna sér ekki. Það getur t.d. verið:

Meltingartruflanir, uppþemba, óeðlilegar hægðir, húðvandamál, sveppasýkingar (sérstaklega hjá konum), tímabundið ofnæmi, hugsanlegt þunglyndi.

## Sveppur sem elskar sykur

Candida-sveppurinn elskar sykur og nærist og dafnar vel þegar svoleiðis er í boði. Hann ýtir því líka undir löngun í sætindi og eiga margir erfitt með að kljást við þann þúka. Mikill ofvöxtur á Candida albicans getur valdið því að þarmaveggirnir veikjast og verða gegndræpir (leaky gut/ gegndræpur ristill) og þá er ástandið orðið alvarlegt því þegar óæskileg efni ná að

leka úr þörmum út í líkamann valda þau sjúkdómum eins og t.d. síþreytu, liðagigt, migreni og fleiru sem getur verið mun alvarlegra.

## Góðir gerlar og breytt mataræði

Það er vel hægt að ráða niðurlögum Candida-sveppsins og það fyrsta sem þarf að gera er að útiloka allan sykur úr fæðunni. Það þýðir að við sleppum sælgæti, kökum, hveiti og áfengi. Einnig skal draga úr neyslu á korni, baunum, ávöxtum, brauði, pasta og kartöflum, en það mun hindra vöxt sveppsins og á endanum hjálpa til við að koma á jafnvægi. Einnig er mikilvægt að sleppa neyslu á gerjuðum matvælum eins og t.d. súrkáli því þó svo að það sé gott og

Það er vel hægt að ráða niðurlögum Candida-sveppsins og það fyrsta sem þarf að gera er að útiloka allan sykur úr fæðunni.

Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfari

Bio-Kult Candéa hefur reynst fólki með meltingarvandamál mjög vel.



Kolbrún Hildur Gunnarsdóttir.



Hrönn Hjálmarsdóttir.

örvi vöxt bakteria í þarmaflórunni, þá örvar það líka óæskilegar bakteríur. Til þess að verið sé að vinna heilshugar að því að drepa gersveppinn og koma jafnvægi á þarmaflóruna er best að taka inn góða mjólkursýrugerla því það þarf að styðja við framleiðslu á góðum bakteríum á sama tíma og við drögum úr vexti þeirra „vöndu“.

## Bio-Kult Candéa er lausnin

Bio-Kult Candéa inniheldur öfluga blöndu af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og Grape

Seed Extract sem hafa góð áhrif á meltinguna og hjálpa til við að drepa niður Candida albicans gersveppinn. Fyrir utan að innihalda 14 mismunandi gerlastrengi sem byggja upp vinveittu þarmaflóruna er þarna hvítlaukur sem er gríðarlega öflugur við að drepa niður gerjun og trufla virkni sveppsins og Grape Seed Extract sem er þykkni, gert úr kjörnum vínberja. Það inniheldur efnasambönd sem eru afar virk gegn fjölmörgum tegundum bakteria, veira og sveppa og hafa langvarandi sveppasýkingar (af völdum Candida albicans) verið meðhöndlaðar með þessu efni.

## Uppþemban hætti og sykurlöngun minnkað til muna!

Inntaka á Bio-Kult Candéa hefur reynst fjölmörgum afar vel og er Kolbrún Hildur Gunnarsdóttir ein þeirra:

„Í mörg ár fann ég fyrir óþægindum í maga. Ég upplifði það yfirleitt þegar liða tók á daginn að ég yrði sífellt uppblásnari um magann og sér í lagi efri hluta hans þannig að ég taldi líklegt að um óþol væri að ræða. Mér var bent á Bio-Kult Candéa hylkin og ákvað að það sakaði ekki að prófa. Þegar ég hafði tekið staðfastlega tvö

Ég hef einnig náð að halda mér í kjörþyngd og þakka ég það daglegri inntöku Bio-Kult Candéa sem fær að ferðast með mér allt sem ég fer og útblásni maginn gerir sjaldan vart við sig í dag ef ég gæti mín á salti og sykri.

Kolbrún Hildur Gunnarsdóttir, 54 ára og 5 barna móðir

hylki daglega með stærstu máltíð dagsins í tvo mánuði fór ég að finna mun. Ég hafði í mörg ár verið afar hrifin af ákveðnum gosdrykk og hann varð hreinlega að vera til í ísskápnum. Eftir þessa tvo mánuði fór ég að finna minnkandi löngun í hann sem og aðra sykraða gosdrykki og hefur vatnsdrykkja aukist að sama skapi. Í dag hefur gosið að mestu fokið og engin löngun til staðar í slíkt lengur. Ég hef einnig náð að halda mér í kjörþyngd og þakka ég það daglegri inntöku Bio-Kult Candéa sem fær að ferðast með mér allt sem ég fer og útblásni maginn gerir sjaldan vart við sig í dag ef ég gæti mín á salti og sykri“

Bio-Kult Candéa er öruggt og hentar vel fyrir alla, einnig barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Pakkinn inniheldur 60 hylki og ef um fyrirbyggjandi meðferð er að ræða, duga 2 hylki á dag (1 hylki tvisvar á dag). Ef Candida-sýkingin hefur þegar blossað upp þá er í lagi að taka tvö hylki tvisvar á dag.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.



Selma Björk er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle.



## 40+ FEMARELLE REJUVENATE

- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur eðlilegu hári



Femarelle skiptir Valgerði miklu máli.



## 50+ FEMARELLE RECHARGE

- Slær hratt á einkenni (hitakóf og nætursviti minnka)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vef í brjóstum eða legi



Eva Ólöf er hressari þegar hún notar Femarelle.



## 60+ FEMARELLE UNSTOPPABLE

- Inniheldur kalsíum og D3-vítamín sem eru nauðsynleg til að styrkja bein að innan
- Stuðlar að heilbrigðri slímhúð legganga
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að andlegu jafnvægi



Lífið ætti ekki að taka stakkaskiptum við það að eldast – vertu með okkur

Elskaðu. Lifðu. Njóttu. Femarelle® vörulínan

# Það er nefnilega allt leyfilegt

Denique vekur reglulega athygli fyrir skrautlegan klæðaburð. Hann er ættaður frá Kanada en hefur verið með annan fótinn hér síðustu þrjú sumur. Fyrsta plata hans kom nýlega út.

Starri Freyr  
Jónsson

starri@365.is



Tónlistarmaðurinn Denique er ættaður frá Kanada en hefur dvalið á Íslandi síðustu þrjú sumur við að finnpússa tónlist sína og taka upp myndbönd af íslenskri náttúru sem m.a. birtast í nokkrum tónlistarmyndbanda hans. Fyrsta plata hans, Shape 1, kom út fyrir skömmu og er faanleg á vefnum hans, www.denique.ca en þar má einnig horfa á tónlistarmyndbönd við lög plötunnar. „Ég hitti fyrir tilviljun framkvæmdastjóra íslensks fyrirtækis á bókasafni í Kanada. Eftir stutt spjall sagði ég við hann í gríni að ég væri til í að búa á Íslandi. Sú lína átti heldur betur eftir að hafa afleiðingar því hjónin buðu mér í heimsókn til Íslands sumaríð 2015. Það sumar kynntist ég fullt af skemmtilegu og skapandi fólki sem hafði mikil áhrif á mig og verk mín. Því má segja að á þeim tíma hafi ég fundið út fyrir alvöru hver ég var og hvað ég vildi segja með sköpun minni.“

Hann lýsir tónlist sinni sem „alternative“ popptónlist með skandinavískum blæbrigðum. „Sándið á plötunni minni er ekki

dæmigert poppsánd en tónlistin er samt þannig að ég held að flestum eigi eftir að líka vel við hana.“

## Er tvær persónur

Denique vekur oft athygli fyrir skrautlegan klæðaburð en hann á sér þó aðra hlið. „Ég er í raun tvær persónur þegar kemur að klæðaburði. Annars vegar er ég poppstjarnan Denique sem hefur sterkan og áhugaverðan glamúr-stíl. Hins vegar er ég mikið letiblóð sem klæðist eingöngu svörtu eða allt of stórum litfögum bolum. Ég forðast að klæðast flikum með vörumerkjum og áberandi munstri. Eina undantekningin sem ég geri er blómamynstur, ég elska blóm!“

Að sama skapi segist hann ekki vera jafn félagslyndur og úthverf týpa eins og margir halda. „Raunar er ég frekar ómannblendinn og eyði stórum hluta frítímans heima þar sem ég skipulegg næstu stóru skref í tengslum við tónlistarferil minn. Einnig kemur það mörgum á óvart að ég er mjög ástríðufullur hjólréiðamaður.“

## Hræðýrar perlor

Aðspurður hvenær tiskuhugi hans hafi kviknað segist hann ekki



„Sumir karlmenn kæðast skotapílsí en mér finnst að fleiri karlar ættu að kæðast síðum pílsí. Þau eru þægileg og skapa um leið fagaða heildarmynd sem er bæði flott en líka áhugaverð.“ MYNDIR/ERNIR

vera viss. „Þegar ég hugsa til baka þá vaknaði ég ekki einn góðan veðurdag og hugsaði: „Nú ætla ég að hafa áhuga á tisku.“ Hins vegar man ég eftir að hafa valið mér fót á yngri árum sem gáfu mér ólíka orku hverju sinni. Dagsdaglega geng ég helst ekki í nýjum fötum heldur kaupí fót í verslunum sem selja notuð fót. Þar má finna margar hræðýrar perlor sem annars yrði jafnvel hent. Þegar ég vil klæðast einhverju frumlegu finnst mér alltaf skemmtileg áskorun að nota óhefðbundna fylgihluti á borði við sterkt teip, álpappír, plast, víra, pappír, vefnaðarefni og fleira.“

Áttu uppáhaldshönnuð? Þótt ég skrúfi aðeins upp glamúrinn í tónlistarmyndböndum mínum þá veit ég í raun ótrúlega lítið um tiskubransann og fylgist ekki nógu vel með honum. Ég fór þó á tvær tiskusýningar í sumar og á annarri þeirra sá ég t.d. nýjustu línu uppáhaldshönnuðar míns sem heitir Gabriel Drolet-MaGuire. Ég var mjög hrifinn af sýningunni en þar fléttaði hann snilldarlega saman línuna sína, tónlist, ljóðlist, fyrirsætur og fleiri þætti. Það er ekki að ástæðulausu sem hann er langt á undan sinni samtíð, aðeins 22 ára gamall.

Hvernig fylgist þú helst með tisku? Ég fylgist í raun ekki með tiskuiðnaðinum og nýjustu trendum. Ég læt innsei mitt ráða þegar ég stíg inn í verslanir sem selja notuð fót. Það er umhverfsvæn leið til að versla og um leið hefur hver flik einhverja sögu að segja.

Áttu þér uppáhaldsverlanir? Í Reykjavík er helst hægt að nefna gott úrval í Spúútník en verðið þar er aðeins of hátt fyrir minn smekk.



„Það er alltaf gaman að spila djart í klæðaburði. Þessar buxur passa frábærlega vel með einhverju hlutlausu að ofan því þær eru jú aðalatriðið hér. Ég elska þessar buxur.“

Verð í sambærilegum verslunum í Kanada er miklu lægra þar sem t.d. er hægt að kaupa notaða ullarpeysu á 500 kr. Ég elska líka Hertex í Garðastræti en verðið þar er hins vegar frábært. Hver er uppáhaldsflíkin þín?

Ég er með rúllu-kragepeysur á heilanum og á a.m.k. sjö eða átta slíkar í ólíkum litum. Mér finnst að allir eigi að

eiga a.m.k. fimm slíkar peysur.

Bestu og verstu kaup? Ég á virkilega flottan vetrarjakka sem er eins og risastórt jólaullarteppi. Jakkinn kostaði einungis 2.000 kr. en ég keypti hann í Kanada. Margir hafa stoppað mig úti á götu og spurt út í hann enda stórkostlegur jakki og um leið bestu kaup mín. Varðandi verstu kaup þá læt ég innsei mitt ráða eins og fyrr segir þegar ég kaupí fót. Fyrir viknið kaupí ég varla fót nema ég virkilega elski þau. Hins vegar man ég eftir því þegar ég var í framhaldsskóla og fannst góð hugmynd að lita hárið á mér dökkbrúnt. Þegar róttin fór að vaxa leit út eins og ég væri að fá skalla fimmtán ára gamall. Þetta voru ekki mínar bestu stundir.

Notar þú fylgihluti? Mér finnst gaman að nota fylgihluti sem eru í raun ekki hefðbundnir fylgihluti, t.d. plast, víra, óvenjuleg höfuðföt, málma, líkamsmálningu og fleira. Hjá mér er nefnilega allt leyfilegt.

Hægt er að fylgjast með Denique, og hlusta á tónlist hans, á Spotify, www.denique.ca, facebook og Instagram(@deniqueblanc).



**Peysur**

Kr. 9.900.-  
Str: S-XXL  
Fleiri gerðir



 Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

**MARAPÓN** \*á mánuði

**NOW OG 11GB**

**Á 3.990 KR.\***

**365**

„Í hlutverki poppstjörnnunnar er útlit mitt yfirleitt mjög kvenlegt en stundum finnst mér gaman að klæðast karlmannlegri fötum.“



Naprapat meðhöndlar og leiðrétta orsök verkja. Guttormur útskrifaðist sem naprapat árið 1996, hefur síðan rekið sína eigin naprapati-stöð á Spáni og hefur nú einnig opnað stofu hér á landi. MYND/ERNIR

# Naprapati er árangursrík meðhöndlun við verkjum

Guttormur Brynjólfsson er menntaður naprapat (Doctor of naprapathy) en naprapati-meðhöndlun felst meðal annars í hnykkingum, meðhöndlun á band- og stoðvef og sérsniðnum æfingum fyrir hvers kyns stoðkerfisvandamál. Tækni sem tryggir að líkaminn virki sem allra best.

**N**aprapat meðhöndlar og leiðrétta orsök verkja. Bein þýðing á orðinu naprapati er „að leiðrétta orsökina“. Í naprapati-meðferðinni er litið á stoð- og taugakerfið sem eina heild og naprapat leitast við ná fólki sársaukalaus sem fyrst, ásamt því að finna og rétta til ástæðuna fyrir verkjunum.“ útskýrir Guttormur Brynjólfsson, naprapat eða doctor of naprapathy.

## Hnykkir, nuddar og teygir

Starf naprapats snýst um greiningu, meðhöndlun og endurhæfingu stoðkerfisins, naprapatinn leggur mikla áherslu á að finna og lagfæra orsök verkja, en orsökina getur leynst meðal annars í stoð- eða taugakerfi. „Þegar vandinn hefur verið greindur hefst meðferðin sem getur meðal annars falið í hnykkingum, meðhöndlun á band- og stoðvef með nuddi og teygjum og sérsniðnum æfingum fyrir stoðkerfið svo koma megi í

veg fyrir þjáningu og sársauka.“

Naprapatinn býr yfir þekkingu og tækni til þess að meðhöndla bandvef/vöðva og liði líkamans s.s. axlir, olnboga, hendur, mjadmir, hné, fætur, háls og bak svo eitthvað sé nefnt.

Naprapati varð löggild starfsgrein í Svíþjóð árið 1994 og tilheyrir sænska heilbrigðiskerfinu. „Þriðji hver Svíi hefur leitað til naprapats með stoðkerfisvandamál sín sem gerir naprapati að vinsælustu stoðkerfis meðhöndlun landsins. Rannsóknir hafa verið gerðar í samvinnu við meðal annars Karolinska Institutet í Stokkhólmi, og hafa bent til að naprapati sé ein af áhrifaríkustu meðhöndlunum á stoðkerfinu sem völ er á.

Í því samhengi má benda á rannsókn sem var birt í „Clinical Journal of Pain“, einu af virtustu læknaritum heims, „Naprapathic manual therapy or evidence-based care for back and neck pain“,“ segir

» Naprapatinn leggur mikla áherslu á að finna og lagfæra orsök verkja, en orsökina getur leynst meðal annars í stoð- eða taugakerfi.

Guttormur, sem útskrifaðist sem naprapat árið 1996 og hefur allt frá útskrift átt og rekið sína eigin naprapati-stöð í Madrid á Spáni, Natt Center, og rekur enn.

## Jafnvægi heilans mikilvægt

Ástæðu bak- og hálsverkja má oft en ekki rekja til starfsemi heilans að sögn Guttorms, að meðhöndla (hnykkja, nudda, teygja, æfa) stoð-

kerfið í samræmi við virkni miðtaugakerfisins, eykur líkurnar mjög á því að við getum hjálpað þér.

„Heili og mæna, einu nafni miðtaugakerfi, stjórna allri starfsemi líkamans. Ójafnvægi í virkni heilahvelanna veldur mismunandi spennu í vöðvum og leiðir til endurtekinnar rangrar beitingar sem getur leitt til meiðsla eða eymsla í líkamanum.

Ýmsar ástæður geta leitt til þess að heilinn vinni ekki eins og best verður á kosið, til dæmis ef litli heilinn fær mismunandi skilaboð frá hægri eða vinstri hlið líkamans. Ástæður fyrir því geta verið læsingar og minnkuð hreyfgeta í liðum eða jafnvel eitthvað í miðtaugakerfinu, sem veldur mismunandi vöðvastyrk eða hreyfgetu í hliðum líkamans og getur valdið rangri líkamsstöðu,“ lýsir hann.

## Stofur á Spáni og Íslandi

Guttormur hefur síðastliðin tuttugu ár byggt upp gott oröspor á

Spáni og víðar, meðal annars hafa komið til hans í meðhöndlun fótbolta menn úr ensku úrvalsdeildinni og var Guttormur einnig fenginn til Liverpool FC til þess að meðhöndla leikmenn. Fyrir honum eru þó allir sjúklingar jafnir og er það honum kappsmál að geta hjálpað sem flestum.

Naprapat-stofu Guttorms er að finna í Orkuhúsinu á Suðurlandsbraut 34 þar sem hann meðhöndlar alla þá sem eiga við meiðslu eða verki að stríða, eða vilja bara fyrirbyggja stoðkerfisvandamál og hámarka vellíðan sína. „Naprapat býr yfir mikilli þekkingu og tækni til að tryggja það að líkaminn virki sem allra best.“

Stofa Guttorms er í Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34, sími: 6250011. Frekari upplýsingar má fá á [www.naprapat.is](http://www.naprapat.is), á Facebook undir Naprapat – Orkuhúsið eða senda tölvupóst á [info@naprapat.is](mailto:info@naprapat.is).

# Ekki níu til fimm taktur

Bjarki Þór Pálsson er einn af efni-  
legustu bardagamönnum Íslands í  
blönduðum bardagalistum og vann  
nýlega sinn fyrsta titil.

**Oddur Freyr  
Þorsteinsson**  
oddurfreyr@365.is



**B**jarki Þór Pálsson er atvinnu-  
maður í blönduðum bar-  
dagalistum og nýkrýndur  
Evrópumeistari hjá breska bar-  
dagasambandinu FightStar. Bjarki  
tryggði sér titilinn í London 7. októ-  
ber síðastliðinn með sigri gegn  
Quamer Hussain og er ósigraður  
eftir fjóra bardaga sem atvinnu-  
maður. Bjarki vonast til að vinna sig  
hratt upp í íþróttinni og keppa við  
þá allra bestu sem allra fyrst.

## Ást við fyrstu sýn

Bjarki fann blandaðar bardagalistar  
fyrir tilviljun. „Ég var tiltölulega  
nýrörðinn edrú og var mjög opin  
fyrir því að finna eitthvert áhugamál  
til að halda mér uppteknum,“ segir  
hann. „Félagi minn var búinn að  
kaupa hóptíma í Mjölmi og bauð  
mér með. Þetta var algjör tilviljun  
en ég fáttaði eiginlega bara um leið  
og ég steig þarna inn að þetta væri  
það sem ég þurfti. Við getum kallað  
þetta ást við fyrstu sýn.“

„Fljótlega eftir að ég byrjaði að  
æfa flutti ég til Noregs,“ segir Bjarki.  
„Þar æfði ég af krafti. Ég lagði mest  
stund á frjálsa glímu og náði ansi  
góðum tókum á henni. Grunnurinn  
þaðan veitti mér smá sérstöðu  
þegar ég flutti aftur heim og byrjaði  
aftur í Mjölmi.“

Fljótlega vatt áhuginn upp á  
sig og Bjarki fór að huga að því að  
keppa. „Þegar maður æfir svona eins  
og ég geri þá myndast bara hungur  
í að keppa,“ segir Bjarki. „Fyrir en  
varir er maður bara búinn að festa  
dagsetningu og farinn að gera sig  
kláran til að fara í búið.“

## Atvinnumennskan náttúru- legt framhald

Skrefið yfir í atvinnumennskuna var  
svo mjög náttúrulegt framhald. „Ég  
háði tólf áhugamannabardaga og  
vann ellefu en tapaði einum,“ segir  
hann. „Ég tók líka þátt í Evrópu-  
meistaramóti áhugamanna og vann  
það og fannst ég bara vera tilbúinn,  
bæði andlega og líkamlega.“

Bjarki er menntaður húsasmiður  
og segir að ef hann hefði ekki  
kynnst blönduðum bardagalistum  
ynni hann líklega sem smiður. „Ég  
væri samt sennilega að æfa eitthvað  
skemmtilegt,“ segir hann. „Ég hef  
keppt í brasilísku jiu-jitsu, hnafa-  
leikum og kraftlyftingum, en þar  
varð ég Íslandsmeistari og setti  
Íslandsmet í réttstöðulyftu sem ég  
held að standi enn. Ég gæti alveg  
hugsað mér að keppa í einhverju  
öðru, en blandaðar bardagalistar eru  
íþróttin mín. Þar slær hjarta mitt og  
ég veit að þar get ég náð langt.“

## Æfingar ekki það eina sem skiptir máli

Bjarki æfir af miklum dugnaði.  
„Það er ekki óvanalegt að ég æfi  
í þrjár til fjórar klukkustundir á  
dag samanlagt,“ segir hann. „Svo  
eru aðrir angar af því að vera  
íþróttamaður sem ég hlúi líka að.  
Mataræði er mjög mikilvægt og ég  
ver talsverðum tíma í það. Ég hitti  
íþróttasálfræðing líka reglulega og  
er duglegur að líta inn á við og reyna  
að laga það sem þarf að laga þar. Svo  
ver ég miklum tíma í að fræðast og  
tileinka mér nýjar aðferðir. Ég hef til  
dæmis unnið mikið með öndun til  
að styrkja lungun og ná betri tókum  
á súrefnisinntöku. Þegar menn eru  
kominir í atvinnumennskuna þá eru  
allir andstæðingar góðir og þá byrja  
smáatriðin að skipta máli.“



Bjarki Þór Pálsson er ein bjartasta von Íslendinga í blönduðum bardagalistum. MYND/BALDUR KRISTJÁNSSON

## Vill berjast meðal þeirra bestu

„Enn sem komið er fæ ég afar lítið  
borgað fyrir að berjast, en ég finn á  
mér að það breytist fyrir en síðar,“  
segir Bjarki. Hann vinnur því sem  
þjálfari og er með kostunaraðila  
sem auðvelda honum lífið með fjár-  
hagslegum stuðningi og vörum sem  
hann þyrfti annars að leggja út fyrir.

„Ég er ánægður með árangurinn  
til þessa, en mig hungur í miklu  
meira og tel mig hafa allt sem þarf  
til að fara á toppinn,“ segir hann.  
„Ég er nokkuð viss um að ég taki  
eina titilvörn hjá FightStar, en það  
eru þreifingar í gangi og vonandi  
gerist eitthvað á næstu vikum sem  
verður hægt að segja frá. Ég vil  
berjast á meðal þeirra bestu.“

Bjarki vonast til að taka einn bar-  
daga í viðbót fyrir lok ársins. „Það  
er verið að hnýta síðustu hnútana  
hvað það varðar,“ segir hann. „Það  
er ansi sennilegt að ég sé að fara að  
berjast einu sinni enn áður en árið  
er liðið.“

## Ólýsanleg endorfinsprengja

Bjarki segir að líf bardagamanns-  
ins sé ólíkt því sem flestir búa við.  
„Það er enginn níu til fimm taktur  
með fastar mánaðarlegar tekjur,  
skutbíll, tvö til fjögur börn og ferð  
til Tenerife á hverju sumri,“ segir  
hann. „Þetta krefst þess að ég búi við  
algjört óöryggi og það er ekkert sem  
tryggir að maður sé að vinna sér  
eitthvað í haginn með þessu.“

Stundum er ég svo þreyttur  
og laskaður að ég hef mig varla  
fram úr rúminu. En ég geri það  
samt,“ segir Bjarki. „Stundum spyr  
ég sjálfan mig af hverju ég er að  
þessu og ég kemst alltaf að sömu  
niðurstöðunni. Þetta er það sem ég  
elska og ég er ansi góður í þessu. Ég



Bjarki hefur fengið ómetanlegan stuðning. MYND/MIKE RUANE

hugsa að þegar ég verð eldri og lit  
yfir farinn veg, sama hvernig ferill  
minn þróast, muni ég alltaf vera  
þakklátur fyrir að hafa gefið allt í  
þetta.“

En starfið hefur margar góðar  
hliðar. „Í þessum bransa ferðast  
maður mikið og kynnist frábæru  
fólki. Maður eignast góða vini  
og myndar einstök tengsl,“ segir  
Bjarki. „Ég er mjög þakklátur fyrir  
alla hjálpinu og stuðninginn sem  
ég fæ til að elta drauminn minn.  
Fórnirnar sem fólk er í kringum mig  
hefur verið tilbúið að færa til að  
styðja mig í því sem ég geri er eitt-  
hvað sem ég get seint þakkað þeim  
að fullu.“

„En það allra skemmtilegasta er  
að sjálfsgöðu endorfinsprengjan  
sem springur þegar hendinni á  
manni er lyft upp,“ segir Bjarki.  
„Þeirri tilfinningu er ekki hægt að  
lýsa.“

## Taugastrið fyrir hvern bar- daga

„Það er mikið taugastrið sem á sér  
stað síðasta klukkutímamán áður en  
ég fer inn í búið,“ segir Bjarki. „En  
ég er búinn að gera þetta ansi oft  
og er búinn að ná góðum tókum á  
undirbúningnum. Ég geri sérstakar  
öndunaræfingar, ég hugleiði og  
segi við sjálfan mig að ég ætli að  
gera mitt besta. Það tekur pressu-  
na af mér og ég veit að sama hver  
útkoman er þá er ég alltaf ég og á  
enn þá fjölskyldu og vini, sem er  
það sem skiptir máli. Það hjálpar  
til við að róa taugararnar og vera með  
skýran fókus. Allir bardagamenn  
eru með hnút í maganum alveg  
þangað til þeir labba í átt að búrinni.  
En þegar það er búið að kynna mig  
og innngangslagið mitt er komið  
í gang fyllist ég krafti og gleði og  
þegar búið lokast er ég 100 prósent  
tilbúinn.“

## JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Stóra jólablaðið frá Fréttablaðinu kemur út  
þriðjudaginn 28. nóvember.

Blaðið er stútfullt af allskonar skemmtilegu efni tengdu jólnum.

Áhugasamir auglýsendur hafið samband við  
auglýsingadeild sérblaða í síma 512 5402



FRÉTTABLAÐIÐ



## LAUS STÖRF FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

### Grunnskólar

- » Grunnskólakennari - Hvaleyrarskóli
- » Skólaliði - Hvaleyrarskóli
- » Stuðningsfulltrúi - Áslandsskóli

### Leikskólar

- » Leikskólakennari - Álfasteinn
- » Leikskólakennari - Hlíðarberg
- » Leikskólakennari - Hlíðarendi
- » Leikskólakennari - Hvammur
- » Leikskólakennari - Stekkjarás
- » Leikskólakennari - Vesturkot
- » Leikskólakennarar - Víðivellir
- » Sérkennslustjóri - Hlíðarendi
- » Þroskabjálfi - Hlíðarendi

### Málefni fatlaðs fólks

- » Stuðningsfulltrúi - Ungmennahúsið
- » Þroskabjálfi - Ungmennahúsið

Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.

Nánar á [hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)



HAFNARFJARÐARBÆR  
585 5500  
[hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)



## Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf                           | Stofnun                                | Staður        | Nr. á vef   |
|---------------------------------|--|---------------|-------------|
| Lífeindafræðingur               | Heilbrigðisstofnun Austurlands         | Neskaupstaður | 201710/1660 |
| Iðjubjálfi                      | Heilbrigðisstofnun Austurlands         | Egilsstaðir   | 201710/1659 |
| Flugmaður                       | Landhelgisgæsla Íslands                | Reykjavík     | 201710/1658 |
| Skurðlæknir                     | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða          | Ísafjörður    | 201710/1657 |
| Hjúkrunarfræðingur, heimahjúkr. | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja          | Reykjanesbær  | 201710/1656 |
| Sjúkraliði                      | Landspítali, göngudeild þvagfæra       | Reykjavík     | 201710/1655 |
| Iðjubjálfi                      | Landspítali, Iðjubjálfun               | Reykjavík     | 201710/1654 |
| Sérfræðingur                    | Lánasjóður íslenskra námsmanna         | Reykjavík     | 201710/1653 |
| Kennari á hestabraut            | Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ          | Mosfellsbær   | 201710/1652 |
| Saksóknarfulltrúi               | Embætti héraðssaksóknara               | Reykjavík     | 201710/1651 |
| Starfsmaður í ræstingu og búi   | Sjúkrahúsið á Akureyri                 | Akureyri      | 201710/1650 |
| Trésmiður                       | Háskóli Íslands, framkv.- og tæknisvið | Reykjavík     | 201710/1649 |
| Læknir á sviði sóttvarna        | Embætti landlæknis                     | Reykjavík     | 201710/1648 |
| Kennari í húsasmíði             | Verkmenntaskóli Austurlands            | Neskaupstaður | 201710/1647 |
| Lífeindafræðingur/líffræðingur  | Landspítali, ónæmisfræðideild          | Reykjavík     | 201710/1646 |
| Skrifstofumaður                 | Landspítali, Barnaspítali Hringins     | Reykjavík     | 201710/1645 |
| Námsstaða ljósmóður             | Landspítali                            | Reykjavík     | 201710/1644 |
| Starfsmaður í ræstingu og búi   | Sjúkrahúsið á Akureyri                 | Akureyri      | 201710/1643 |
| Almennur læknir                 | Heilsugæslan Hamraborg                 | Kópavogur     | 201710/1642 |
| Ferðamálastjóri                 | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti    | Reykjavík     | 201710/1641 |
| Kennarar í eðlisfr. og stærðfr. | Kvennaskólinn í Reykjavík              | Reykjavík     | 201710/1640 |

## SÉRFRÆÐINGUR Í UPPLÝSINGAÖFLUN OG GREININGUM



Samorka óskar eftir að ráða drifandi einstakling sem býr yfir miklu frumkvæði, skipulögðum vinnubrögðum og getu til að sinna mikilvægum og spennandi verkefnum á sviði greininga. Um er að ræða skemmtilegt starf fyrir einstakling sem hefur áhuga og getu til að safna saman og greina hagtölur og ýmsar áhugaverðar upplýsingar sem varða orku- og veitustarfsemi á Íslandi og í nágrannalöndum okkar, og koma því til skila á mannamáli.

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Aðildarfélag Samorku eru um 50 talsins og með starfsemi um allt land. Hlutverk samtakanna er að starfrækja trúverðugan, fræðandi og jákvæðan vettvang um starfsemi orku- og veitufyrirtækja og styrkja þannig stöðu þeirra og rekstur.

Samtökin eru aðilar að Samtökum atvinnulífsins og eru staðsett í Húsi atvinnulífsins að Borgartúni 35. Í starfinu felst tækifæri til að vinna náið með ýmsum sérfræðingum aðildarfyrirtækja Samorku auk sérfræðinga annarra samtaka í Húsi atvinnulífsins.

### HELSTU VERKEFNI:

- Söfnun, greining og miðlun upplýsinga sem varða orku og veitustarfsemi, þ.m.t. umhverfis- og loftslagsmál.
- Greining á áhrifum breytinga á rekstrarumhverfi orku- og veitufyrirtækja.
- Skýr og greinargóð framsetning gagna og upplýsinga.
- Skipulagning og umsjón með framkvæmd opinna funda um málefni orku- og veitugeirans.
- Faglegur stuðningur við ýmis verkefni sem unnið er að hverju sinni.
- Eftirfylgni með nýrri stefnu samtakanna.

### MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi s.s. hagfræði eða verkfræði.
- Hæfni og áhugi á að greina upplýsingar og hagstærðir sem varða orku- og veitustarfsemi hér á landi og í nágrannalöndum.
- Færni í markvissri framsetningu upplýsinga jafnt skriflega, myndrænt og munnlega.
- Jákvæðni og mikil samskipta- og samstarfsfærni.
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.

### NÁNARI UPPLÝSINGAR MÁ FINNA Á [WWW.SAMORKA.IS](http://WWW.SAMORKA.IS)

Bæði konur og karlmenn eru hvött til að sækja um starfið. Nánari upplýsingar um starfið veita Páll Erland, framkvæmdastjóri Samorku ([pall@samorka.is](mailto:pall@samorka.is)), og Ari Eyberg ([ari@intellecta.is](mailto:ari@intellecta.is)) í síma 511-1225. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. október. Farið er með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.**

Efnalaugin Björg Háaleiti

## Starfsmaður í afgangi

Umsóknarfrestur

**29. október**

Efnalaugin Björg Háaleiti óskar eftir að ráða starfsmann í afgangi. Um framtíðarstarf er að ræða fyrir réttan aðila. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega. Um 75% starf er að ræða með vinnutíma frá kl. 12:00 til kl. 18:00.

Efnalaugin Björg er fjölskyldufyrirtæki stofnað árið 1953. Fyrirtækið ber einkunnarorðin gæði, þekking og þjónusta.

Sæktu um starfið á

**vinna.is/storf**

Hæfniskröfur

- Góð íslenskukunnátta.
- Góð samskiptafærni.
- Rík þjónustulund og vingjarnlegt viðmót.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.
- Stundvísi og áreiðanleiki.

Athugið að áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst þar sem umsóknir verða metnar jafnóðum.

vinna.is

capacent

## Meiraprófsbílstjórar og vélamenn

Munck Íslandi óskar eftir meiraprófsbílstjórum og vönum vélamönnum vegna verkefna í Reykjavík og á Reykjanesi.

- > Reynsla af sambærilegum störfum er kostur
- > Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst

Áhugasamir sendi umsókn í gegnum ráðningarkerfi á [www.munck.is](http://www.munck.is) fyrir 30. október, 2017. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

Mikilvægt er að umsækjendur taki fram á umsókn hvaða réttindi þeir hafa.

Nánari upplýsingar veitir Geir Birgisson starfsmannafulltrúi á netfanginu [hr@munck.is](mailto:hr@munck.is) eða í síma 511 7040.

Meðhöndlun umsókna er trúnaðarmál og öllum umsækjendum verður svarað. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um störf hjá okkur.



Landhelgisgæsla Íslands

## Flugmaður

Landhelgisgæsla Íslands auglýsir lausa til umsóknar stöðu flugmanns á flugvél. Landhelgisgæslan er með í rekstri og viðhaldi Eurocopter/Airbus Super Puma þyrlur og Dash 8 300 flugvél. Starfsemin fer að mestu fram á Íslandi en einnig að hluta til erlendis. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Umsóknarfrestur

**6. nóvember**

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Gilt EASA Part FCL atvinnuflugmannsskrteini á flugvél með blindflugsárítun.
- Bóklegu ATPL námi lokið.
- Bóklegt námskeið í áhafnarsamstarfi (MCC).
- Tegundaréttindi á Dash DHC8 æskileg.
- Afburða samskiptahæfni.
- Gott andlegt og líkamlegt atgervi.

Umsóknnum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf í gegnum vef Capacent. Umsækjendur skulu einnig skila inn sakavottorði, afriti af flugskírteini og læknisvottorði í gildi ásamt afriti af síðustu tveimur blaðsíðum í flugdagbók. Fylgiskjölum skal skilað rafrænt með umsókn eða útprentuðum á skrifstofu Capacent, Ármúla 13, í umslagi merktu viðeigandi starfi.

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/5860**

- Góð íslensku- og enskukunnátta, hæfni til tjáningar í ræðu og riti.
- Framúrskarandi álags- og streitupól.
- Áhugi á starfsumhverfi Landhelgisgæslunnar.
- Stúdentspróf skilyrði. Staðfesting á sambærilegri menntun þarf að liggja fyrir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.



Landhelgisgæsla Íslands er löggæslustofnun sem hefur það hlutverk að sinna löggæslu og eftirliti sem og leit og björgun á hafsvæðinu umhverfis Ísland. Þá fer Landhelgisgæslan einnig með daglega framkvæmd öryggis- og varnarmála samanber varnarmálalög.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags íslenskra atvinnuflugmanna vegna starfa flugmanna hjá Landhelgisgæslu Íslands.

Umsækjendur þurfa að standast kröfur Landhelgisgæslunnar um líkamlegt og andlegt atgervi.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

[www.capacent.is](http://www.capacent.is)

LÍN

# Sérfræðingur

**LÍN** LÁNASJÓÐUR  
ÍSLENSKRA  
NÁMSMANNA

Lánasjóður íslenskra námsmanna óskar eftir að ráða sérfræðing á skrifstofu framkvæmdastjóra. Um er að ræða framtíðarstarf og verkefni eru fjölbreytt. Fyrsta starfsárið mun viðkomandi fá þjálfun og starfa í ráðgjafadeild sjóðsins til að öðlast þekkingu og skilning á framtíðar viðfangsefnum. Starfshlutfallið er 100% og umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur

**6. nóvember**

Helstu viðfangsefni:

- Umsjón með útreikningum og prófunum við greiðslu námslána.
- Tölfræðigreiningar.
- Eftirfylgni á verkefnum.
- Eftirfylgni og eftirlit með umsóknum, útborgunum og útreikningum námslána.
- Þátttaka í innleiðingu tölvukerfis.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/5848**

Menntun, hæfni og reynsla:

- Háskólapróf á sviði raungreina s.s. tölfræði, stærðfræði, verkfræði, viðskiptafræði eða annað próf sem nýtist í starfi.
- Greiningarhæfni.
- Góð almenn tölvufærni og góð þekking á Excel.
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð samskiptafærni, samstarfsvilji og álagspól.
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði.

Lánasjóður íslenskra námsmanna er félagslegur jöfnunarsjóður sem hefur það að markmiði að tryggja námsmönnum í lánshæfu námi jöfn tækifæri til náms án tillits til efnahags. Hjá LÍN starfa um 30 starfsmenn. Gildi þeirra eru fagmennska, samstarf og framsækni.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Staðlaráð Íslands

# Framkvæmdastjóri



Staðlaráð Íslands óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Leitað er að ábyrgum, kraftmiklum og drífandi einstaklingi sem hefur fjölbreytta reynslu úr atvinnulífinu og á gott með að virkja fólk til samstarfs. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á öllum rekstri Staðlaráðs gagnvart stjórn, bæði faglegu starfi og fjármálum.

Umsóknarfrestur

**1. nóvember**

Starfssvið

- Daglegur rekstur og stjórnun.
- Ábyrgð á fjármálum, áætlanagerð og eftirfylgni.
- Ábyrgð á skipulagningu innlands staðlastarfs.
- Ábyrgð á þjónustu við viðskiptavinum og hagsmunaaðila.
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi staðlastofnana.

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/5861**

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Leiðtoga-, samskipta- og skipulagshæfileikar.
- Reynsla af stjórnun og rekstri er nauðsynleg.
- Þekking á stöðlun og reynsla af staðlavinnu er kostur.
- Reynsla af alþjóðlegu samstarfi er kostur.
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður.

Staðlaráð Íslands er vettvangur hagsmunaaðila til að vinna að stöðlun og notkun staðla á Íslandi. Ráðið starfar á grundvelli laga um staðla og Staðlaráð Íslands nr. 36/2003. Staðlaráð stendur fyrir námskeiðum og veitir ráðgjöf, upplýsingar og þjónustu um hvaðeina er lýtur að stöðlum og stöðlun. Jafnframt sér Staðlaráð um sölu staðla frá fjölmörgum staðlastofnunum.

Nánar um fyrirtækið á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is)

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

# Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

[www.capacent.is](http://www.capacent.is)



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

## Staða skólastjóra við Árbæjarskóla

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu skólastjóra Árbæjarskóla.

Árbæjarskóli er einn stærsti grunnskóli landsins, staðsettur í einstöku umhverfi Elliðaárdalsins. Árbæjarskóli er grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk og eru nemendur um 635 talsins og starfsmenn um 90. Skólinn er safnskóli á unglingsstigi en til náms í 8. bekk koma saman nemendur þriggja skóla, Árbæjarskóla, Ártúnsskóla og Selásskóla. Skipulag skólans er árgangamiðað og er skólinn í fararbroddi þegar horft er til fjölbreytni í námi nemenda. Þá er list- og verkgreinakennsla mikilvægur þáttur í námi og starfsemi skólans. Árbæjarskóli hefur fengið menningarfána Reykjavíkur og flaggar Grænánanum. Einkunnarorð skólans eru *ánægja, áhugi, ábyrgð og árangur* og lagt er út frá þeim gildum að ánægður og áhugasamur einstaklingur, sem tekst á við skyldur sínar af ábyrgð og festu, nái árangri. Allt starf Árbæjarskóla byggir á teymisvinnu og mikil samvinna ríkir um alla þætti skólastarfsins, auk þess sem góð samvinna við grenndarsamfélagið er skólanum afar mikilvæg.

**Leitað er eftir einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum, hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi, metnaðarfulla skólasýn og hefur áhuga á að starfa með börnum.**

### Meginhlutverk skólastjóra er að:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða, í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á stafsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutílhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og metnaður í starfi.

Umsókn fylgi greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækni verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

**Ráðið verður í starfið frá og með 1. janúar 2018. Umsóknarfrestur er til og með 6. nóvember 2017.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Skólastjórafélags Íslands.

Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, sími 411-1111. Netfang: [ragnheidur.e.stefansdottir@reykjavik.is](mailto:ragnheidur.e.stefansdottir@reykjavik.is)



Árskógum 2, Breiðholti / Mjódd

## Hjúkrunarfræðingur óskast

Við leitum að hjúkrunarfræðingi á kvöldvaktir. Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast hjúkrunar allan sólarhringinn.

Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf sem felur í sér samskipti við heimilismenn, aðstandendur og samstarfsfólk. Skógarbær er í Mjóddinni, miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Skipuleggja og veita hjúkrunar meðferð
- Skráning á hjúkrun í Sögukerfi
- Þátttaka í þverfaglegri teymisvinnu

### Hæfniskröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Faglegur metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvætt viðhorf og góðir samskiptahæfileikar
- Góð íslenskukunnátta

Starfshlutfall er samkomulagsatriði.

Frekari upplýsingar gefur Jónbjörg Sigurjónsdóttir, hjúkrunarforstjóri, í síma 510-2101 og í tölvupósti, sem sendist á netfangið [jonbjorg@skogar.is](mailto:jonbjorg@skogar.is)

**Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast umönnunar allan sólarhringinn**

Rio Tinto



## Innkaupasvið

Rio Tinto á Íslandi óskar eftir að ráða sérfræðing á innkaupasviði.

### Starfssvið:

- » Gerð innkaupapantana
- » Eftirfylgni innkaupapantana
- » Verðsamningar
- » Samskipti við birgja
- » Samskipti við innri viðskiptavinum

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- » Reynsla af innkaupum æskileg
- » Menntun sem nýtist í starfi
- » Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- » Mjög góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði
- » Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði
- » Jákvæðni og góð færni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Arthur Guðmundsson í síma 560 7000.

Áhugasamir eru beðnir um að fylla út atvinnuumsókn og skila kynningarbréfi á [www.riotinto.is](http://www.riotinto.is).

**Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2017.**

Rio Tinto á Íslandi er þekkingarfyrtæki sem rekur álverið ISAL í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf og fjölbreytt verkefni þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, gott upplýsingaflæði og umhverfi sem hvetur til góðrar frammistöðu. Framtíð okkar byggist á framúrskarandi starfsfólki sem skapar öruggan og eftirsóttan vinnustað. Áhersla ISAL á öryggis-, umhverfis- og heilbrigðismál eru forsenda framúrskarandi árangurs. Við leggjum okkur fram um að starfa í sátt við umhverfi og samfélag. Gildi ISAL eru ábyrgð, samvinna, heilindi og virðing.

Rio Tinto  
Straumsvík  
Pósthólf 244  
222 Hafnarfjörður  
Sími 560 7000  
[www.riotinto.is](http://www.riotinto.is)



Félagsbústaðir hf er sjálfstætt starfandi fasteignafélag í eigu Reykjavíkurborgar. Það á, rekur og leigir út yfir 2.000 íbúðir í Reykjavík. Hjá fyrirtækinu starfa ríflega 20 manns. Félagið er staðsett miðsvæðis í Reykjavík og er vottað í hóp framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi 2016 af Creditinfo.

Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess, [www.felagsbustadir.is](http://www.felagsbustadir.is)



## Félagsbústaðir leita að þróunarstjóra á sviði fasteigna og þjónustufulltrúa á þjónustu- og samskiptasviði

Við leitum að kraftmiklum einstaklingum sem eru tilbúnir til að takast á við spennandi og krefjandi verkefni sem framundan eru hjá Félagsbústöðum.

### Þróunarstjóri á sviði fasteigna

Á næstu misserum er gert ráð fyrir að eignasafn Félagsbústaða stækki verulega. Það mun gerast með byggingu íbúða á vegum félagsins, þátttöku félagsins í utanaðkomandi fasteignaverkefnum og með kaupum íbúða á markaði. Næsti yfirmaður þróunarstjóra er framkvæmdastjóri.

#### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Vinna við þróun fasteignasafns Félagsbústaða
- Kaup og sala fasteigna
- Þróun nýrra fasteignaverkefna
- Samskipti við væntanlega notendur, arkitekta og framkvæmdaraðila
- Verkefni- og gæðastjórnun framkvæmda
- Útboð framkvæmda og framkvæmdaefirlit
- Önnur tilfallandi verkefni

#### Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði verkfræði, tæknifræði eða byggingarfræði eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af verkefnisstjórnun á sviði fasteignapróunar og nýtingu gæðakerfa við byggingu og rekstur fasteigna
- Þekking og áhugi á fasteignamarkaði í Reykjavík
- Mikil greiningarhæfni og skarpur hugur
- Færni í hugbúnaði sem nýtist starfinu
- Færni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku, töluðu og rituðu máli
- Sjálfstæð, nákvæm og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði, fagmennska og drifkraftur

### Fulltrúi á þjónustu- og samskiptasviði

Samskipti við leigutaka er veigamikill þáttur í starfsemi Félagsbústaða. Allt frá því að leigusamband hefst með undirritun leigusamnings og þar til því lýkur koma upp ótal verkefni milli félagsins, leigutaka og umhverfis sem leiða þarf til lykta á faglegum grunni af sanngirni og festu.

#### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Umsjón með gerð og skráningu húsaleigusamninga
- Skráning og tilkynning íbúa við leigutakaskipti
- Umsjón með framfylgni á húsreglum
- Samskipti við umhverfi og opinbera aðila vegna starfseminnar
- Almenn þjónusta og fyrirgreiðsla við leigjendur Félagsbústaða
- Önnur tilfallandi verkefni

#### Menntun og hæfniskröfur:

- Krafa er gerð um stúdentspróf eða sambærilega menntun
- Háskólapróf á sviði félagsvísinda er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta í töluðu og rituðu máli og málfærni í ensku
- Nákvæmni og samvirkusemi



Upplýsingar veitir: **Sverrir Briem** - [sverrir@hagvangur.is](mailto:sverrir@hagvangur.is)


Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 31. október nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)





## Besta leiðin

til að elska Strætó

### Við viljum fjölga í Strætó

Hefur þú brennandi áhuga á **sölu- og markaðsmálum**, ertu góð(ur) í íslensku og ensku og frábær að tengja við fólk augliti til auglitis, í gegnum síma og samfélagsmiðla? Hefur þú metnað til að ná árangri í starfi?

Í þessu starfi yrðir þú hluti af öflugum sölu- og markaðsteymi sem hefur það markmið að veita fyrirtaks þjónustu og fjölga farþegum í Strætó. Um er að ræða spennandi starf sem býður upp á þróun, möguleika og tækifæri til vaxtar.

#### Við hvetjum bæði kyn til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 4. nóvember 2017.

Umsóknir berist á [www.radningar.straeto.is](http://www.radningar.straeto.is)

### Starfsmaður í gestamóttöku

Íbúðarhótel í miðbæ Reykjavíkur óskar eftir starfsmanni í gestamóttöku.

Um er að ræða vaktavinnu. Æskilegt er að viðkomandi búi í eða nálægt 101 Reykjavík. Skilyrði er að viðkomandi reyki ekki.

#### Starfssvið

- Gestamóttaka
- Svara tölvupóstum og símtölum
- Eftirfylgni með þrifum
- Þjónusta við gesti
- Önnur tilfallandi verkefni

#### Hæfniskröfur:

- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Samskiptahæfni og rík þjónustulund
- Jákvæðni og sveigjanleiki
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur

Umsóknir um starfið, ásamt upplýsingum, nám og fyrri störf, skulu berast á netfangið: [box@frett.is](mailto:box@frett.is)



### Húseigendafélagið vill ráða öflugan og fjölhæfan skrifstofumann.

Í starfinu fellst: Bókhald, gjaldkerastörf, umsjón með félagskrá og innheimtu, launauppgjör, samskipti við banka, vsk uppgjör, innkaup, bréfrítun, umsjón með heimasíðu og húsfundaþjónustu, ritun fundargerða, upplýsingamiðlun, kynningastarf, samskipti við félagsmenn, öflun ganga og upplýsinga, símsvörun og móttaka o.fl. Mjög góð bókhaldskunnátta (TOK), Tölufærni og íslenskukunnátta eru áskildir kostir. Sömuleiðis dugnaður, frumkvæði, sjálfstæði, samvirkusemi, háttvísi og mikil færni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Miðað er við ráðningu frá 1. desember eða skv. samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til 31. október 2017.

Húseigendafélagið, Síðumúla 29, 108 Reykjavík. - Netfang [shg@huso.is](mailto:shg@huso.is)



Reykjavíkurborg

Skrifstofa þjónustu og reksturs

## Deildarstjóri upplýsingatæknideildar

### Reykjavíkurborg auglýsir eftir deildarstjóra upplýsingatæknideildar

Deildin er hluti af skrifstofu þjónustu og reksturs og heyrir viðkomandi beint undir skrifstofustjóra og starfar náið með honum. Um er að ræða sérlega fjölbreytt og áhugavert stjórnunarstarf fyrir þá sem hafa áhuga á að starfa í stóru og krefjandi starfsumhverfi.

Reykjavíkurborg rekur eitt viðamesta upplýsingatækniumhverfi landsins og gengur nú í gegnum miklar umbreytingar er lúta að stafrænu umhverfi og þjónustu. Leitað er að öflugum stjórnanda til að taka þátt í spennandi verkefnum sem felast í að styðja við stafræna þróun og tryggja í leiðinni öruggan rekstur og þjónustu í upplýsingatækni hjá borginni. Viðkomandi þarf að hafa skýra sýn á hlutverk og virkni upplýsingatækni í rekstrarumhverfi nútímans og til framtíðar. Starfið krefst mikils samstarfs við svið og stofnanir Reykjavíkurborgar um upplýsingatæknimál, öryggi, innleiðingu verkefna sem og samskipta við alla helstu birgja, verktaka og þróunaraðila á sviði upplýsingatækni hér á landi og erlendis.

#### Helstu verkefni:

- Stefnumótun, þróun og innleiðing á sviði upplýsingatækni-reksturs
- Dagleg stjórnun deildarinnar og verkefna hennar
- Umsjón og stýring verkefna þvert á borgarkerfið
- Stuðningur við stafræna framþróun einstakra eininga innan borgarinnar
- Rekstrar- og upplýsingaöryggismál
- Utanumhald um mælikvarða sem sýna árangur verkefna deildarinnar

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólagráða sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er æskileg
- Þekking og reynsla af upplýsingatækni og skýr sýn á hlutverk hennar í nútímarekstri
- Leiðtogaþæfileikar og stjórnunarreynsla
- Brennandi áhugi á tækni- og framþróun
- Samningatækni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og metnaður í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

Starfshlutfallið er 100%.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutað-eigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Óskar J. Sandholt skrifstofustjóri Skrifstofu þjónustu og reksturs, í síma 411 1111 eða í gegnum tölvupóstfangið [oskar.j.sandholt@reykjavik.is](mailto:oskar.j.sandholt@reykjavik.is)

Umsóknarfrestur er til 7. nóvember nk.

Umsóknir ásamt fylgiskjölum skulu berast í gegnum vef Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/laus-storf](http://www.reykjavik.is/laus-storf)

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglir það margbreytilega samfélag sem við búum í.

# Ferðamálastjóri

Embætti ferðamálastjóra er laust til umsóknar með skipunartíma til fimm ára frá 1. janúar 2018. Ferðamálastofa fer með framkvæmd ferðamála skv. lögum nr. 73/2005 um skipan ferðamála þar sem verkefni stofnunarinnar eru skilgreind. Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra skipar ferðamálastjóra til fimm ára í senn og veitir hann Ferðamálastofu forstöðu. Ferðamálastjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

## Á starfssviði ferðamálastjóra eru einkum eftirtalin atriði:

- Ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi stofnunarinnar
- Ábyrgð á stefnumótun og áætlanagerð
- Stjórnun mannaúðs
- Samskipti við stjórnvöld, stofnanir og atvinnulíf
- Erlent samstarf og samskipti

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í fagi sem nýtist í starfi er skilyrði
- Stjórnunar- og rekstrarreynsla er skilyrði
- Fagleg þekking á ferðaþjónustu og atvinnulífi er æskileg
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Reynsla af stefnumótunarvinnu og breytingastjórnun er æskileg
- Framtíðarsýn fyrir íslenska ferðaþjónustu ásamt frumkvæði og metnaði til að sýna árangur og krafti til að hrinda verkum í framkvæmd
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og uppbyggilegt viðmót
- Leiðtogaþæfileikar og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku.
- Vald á einu Norðurlandamáli er kostur.

## Ráðningartími, kjör og umsóknarfrestur:

Ráðherra skipar í embættið til fimm ára að fengnu mati hæfnisnefndar sem ráðherra skipar með hliðsjón af reglum nr. 393/2012 um ráðgefandi nefndir er meta hæfni umsækjenda um embætti við Stjórnarráð Íslands. Um er að ræða fullt starf. Launakjör eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs. Áhugasamir einstaklingar, bæði konur og karlar, eru hvattir til að sækja um embættið.

## Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2017.

Umsóknir ásamt ítarlegum upplýsingum um menntun og starfsferil sendist til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Brynja Einarsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu ferðamála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, [sigrun.brynja.einarsdottir@anr.is](mailto:sigrun.brynja.einarsdottir@anr.is)  
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipan í embættið hefur verið tekin.



ATVINNUEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Eftir mikinn vöxt undanfarin ár hefur íslensk ferðaþjónusta á skömmum tíma orðið burðarás í íslensku atvinnulífi. Örum vexti fylgja mörg tækifæri en jafnframt margar áskoranir. Með hliðsjón af þeirri vinnu sem átt hefur sér stað hjá stjórnvöldum í samstarfi við atvinnulífið að undanförunu er fyrirséð að skipan ferðamála hér á landi taki breytingum á næstu misserum. Við þá vinnu og framtíðarþróun umhverfis og aðbúnaðar greinarinnar mun ferðamálastjóri gegna mikilvægu hlutverki.

# VILTU TAKA ÞÁTT?



## Framtíðarstörf

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) vill ráða starfsfólk til að sinna slökkvistarfi og/eða sjúkraflutningum. Um framtíðarstörf er að ræða og þeir sem eru ráðnir munu fá nauðsynlega menntun og þjálfun til að sinna starfinu. Allir starfsmenn verða að vera reiðubúnir að vinna vaktavinnu.

Við erum að leita að einstaklingum sem vilja láta gott af sér leiða og hafa áhuga á að tilheyra öflugum liði sem hefur það hlutverk að sinna útkallsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Við viljum gjarnan sjá fleiri konur í liðinu og æskilegt er að umsækjendur séu ekki eldri en 28 ára vegna kröfu um eðlilega endurnýjun í liðinu.

Umsóknarfrestur er til 5. nóvember og nánari upplýsingar um hæfnis-kröfur og umsóknarferlið í heild sinni má finna á heimasíðu SHS ([www.shs.is](http://www.shs.is)).

**Kynningarfundur** verður haldinn fyrir umsækjendur á slökkvistöðinni í Hafnarfirði, Skútahrauni 6, þann 26. október nk. kl. 17:00.

Nánari upplýsingar veita Ingibjörg Óðinsdóttir mannauðsstjóri í síma 528 3122 og Elías Níelsson íþróttáþjálfari í síma 528 3000.



Slökkvilið  
höfuðborgarsvæðisins

[www.shs.is](http://www.shs.is)

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins – Skógarhlíð 14 – S: 528 3000 – [www.shs.is](http://www.shs.is)

# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 [intellecta.is](http://intellecta.is)

intellecta



# GRAFÍSK HÖNNUN OG VINNSLA


Fyrirtæki í alþjóðasamstarfi óskar eftir að ráða til sín starfsmann sem hefur þekkingu og/eða reynslu af grafískri vinnu og vörumerkjagildum.

## HELSTU VERKEFNI:

- Hönnun á markaðs- og kynningarefni fyrirtækisins
- Grafísk vinnsla og umsjón með verkum tengdum vörumerki fyrirtækisins
- Hönnun og umsjón með efni fyrirtækisins á samfélagsmiðlum
- Önnur tilfallandi verkefni tengd markaðs- og kynningarmálum í samráði við markaðsstjóra

## HÆFNISKRÖFUR:

- Reynsla af sambærilegu starfi
- Menntun í grafískri hönnun er kostur
- Þekking á möguleikum samfélagsmiðla fyrir fyrirtæki
- Lipurð og þjónustulund
- Þekking og reynsla í notkun á helstu myndvinnslu- og hönnunarforritum



**ráðum**  
ráðningarstofa

Nánari upplýsingar um starfið veitir Agla Sigr. Björnsdóttir, [agla@radum.is](mailto:agla@radum.is).  
Sótt er um starfið á heimasíðu Ráðum [www.radum.is](http://www.radum.is). Umsóknarfrestur er til og með 29. október nk.

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • [radum@radum.is](mailto:radum@radum.is)

**ráðum**  
ráðningarstofa

## Ertu að leita að starfi?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • [radum@radum.is](mailto:radum@radum.is)

 Landsvirkjun

## Við leitum að skipu- lögðum og drífandi aðstoðarmanni forstjóra

Um er að ræða krefjandi starf sem felur meðal annars í sér almenn skrifstofustörf, skjalagerð, umsjón með samskiptum til og frá skrifstofu forstjóra og þjónustu við stjórn og undirnefndir hennar. Þá mun aðstoðarmaður fylgja eftir fjölbreyttum verkefnum og aðstoða við áætlanagerð.

Háskólamenntun sem nýtist í starfi

- Mjög góð tölvukunnátta
- Framúrskarandi skipulagshæfileikar og samskiptahæfileikar
- Færni í íslensku, ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli

Sótt er um starfið á vef Hagvangs, [hagvangur.is](http://hagvangur.is). Nánari upplýsingar veitir Inga Steinunn Arnardóttir ([inga@hagvangur.is](mailto:inga@hagvangur.is)). Umsóknarfrestur er til og með 4. nóvember 2017.



Jafnlaunaúttekt  
PwC  
2017

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

[www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is)

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



## Læknir á sviði sóttvarna

Embætti landlæknis óskar eftir að ráða lækni til starfa á sviði sóttvarna. Um er að ræða fullt starf en möguleiki er á hlutastarfi. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir á almenna þekkingu í lækisfræði, samskiptahæfni og fagmennsku.

### Helstu verkefni

- Vinna að sóttvörnum eins og skilgreint er í sóttvarnalögum nr. 19/1997.
- Samskipti við helstu aðila innanlands og erlendis um sóttvarnir.
- Önnur verkefni að beiðni sóttvarnalæknis.

### Kröfur um þekkingu og hæfni

- Sérfræðimenntun í smitsjúkdómum eða reynsla í smitsjúkdómum og/ eða faraldsfræði æskileg.
- Góð færni í að rita íslensku og ensku æskileg.
- Almenn tölvukunnátta.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- Starfsreynsla á sviði stjórnsýslu er kostur.

Næsti yfirmaður er sóttvarnalæknir en viðkomandi mun vinna í nánu samstarfi við teymi sérfræðinga í samræmi við lögbundna starfsemi sóttvarnalæknis.

Umsókn með ítarlegri ferilskrá þar sem fram kemur ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið sendist til Embættis landlæknis, á netfangið [thorolfur@landlaeknir.is](mailto:thorolfur@landlaeknir.is).

Frekari upplýsingar um starfið veitir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir, netfang: [thorolfur@landlaeknir.is](mailto:thorolfur@landlaeknir.is).

Umsóknarfrestur er til og með 6. nóvember 2017. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi.

Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og Læknafélags Íslands.

Embætti landlæknis áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsóknum verður svarað.



Barónsstíg 47 • 101 Reykjavík • Sími 5101900 • Bréfasími 5101919 • [mottaka@landlaeknir.is](mailto:mottaka@landlaeknir.is) • [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

## Mötuneyti Austurbæjarskóla

Skólamatur leitar að duglegum og barngóðum einstaklingum með góða samskiptahæfni til starfa í Austurbæjarskóla í Reykjavík.

Vinnutíminn er frá kl.9-14  
63% stöðugildi.

Umsóknir og fyrirspurnir berist mannauðsstjóra á [fanny@skolamatur.is](mailto:fanny@skolamatur.is)

Skólamatur ehf.  
Iðavöllum 1, 230 Reykjanesbær  
Sími 420 2500  
[www.skolamatur.is](http://www.skolamatur.is)



## Heilsugæslan í Salahverfi óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing

Um er að ræða fjölbreytt starf, að mestu við skólaheilsugæslu en einnig við almenn hjúkrunarstörf á heilsugæslustöð.

Staðan er laus frá 1. janúar 2018 eða eftir nánara samkomulagi.

Reynsla af störfum á heilsugæslu er æskileg. Starfskjör taka mið af kjarasamningi FÍH. Öllum umsóknum verður svarað.

### Upplýsingar gefur:

Hjördís Birgisdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur  
Netfang: [hjordis@salus.is](mailto:hjordis@salus.is)  
Sími: 590-3900.

Umsóknarfrestur er til 3. nóvember 2017.

## 365 óskar eftir góðu fólki

# MARKAÐSRÁÐGJAFI ÚTVARPSAUGLÝSINGA

365 auglýsir eftir duglegum, jákvæðum og hugmyndaþríkum einstaklingi með reynslu af auglýsingasölu.

### Helstu kröfur:

- Reynsla af sölumennsku er skilyrði
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna í hópi
- Rík þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð
- Þekking á íslensku viðskiptalífi
- Góð almenn tölvukunnátta

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á: [www.365.is](http://www.365.is) undir „laus störf“.


365 hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 30. október 2017. Stefnt er að því að umsækjandi hefji störf sem fyrst.

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lífandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

# 365



## Húsnæðisfulltrúi

Fjölskyldusvið Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða húsnæðisfulltrúa. Um er að ræða 100% starf og er æskilegt að viðkomandi hefji störf 1. janúar 2018.


**Helstu verkefni:**

- Veitir upplýsingar og ráðgjöf um húsnæðismál til íbúa bæjarins
- Hefur umsjón með afgreiðslu umsókna um leiguíbúðir og biðlista eftir leiguíbúðum
- Leggur mat á umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning að því er varðar fjárhagslegan útreikning
- Hefur samskipti við leigutaka Akureyrarbæjar eftir þörfum m.a. við upphaf og lok leigutíma
- Sér um mánaðarlega álagningu húsaleigu og útreikninga m.a. vegna breytinga á leigunni
- Sinnir ýmsum þróunarverkefnum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi svo sem á viðskipta- eða rekstrarsviði
- Reynsla af félagsþjónustu sveitarfélaga einkum húsnæðismálum er æskileg
- Færni í öllum almennum tölvuforritum er nauðsynleg
- Þekking á Navision, SAP og One er kostur
- Mikill sveigjanleiki og framúrskarandi samskiptahæfni er nauðsynleg svo og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is) þar sem sótt er um rafrænt Umsóknarfrestur er til og með 5. nóvember 2017



Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

## Safnaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki úr aðalúthlutun safnasjóðs á árinu 2018

Hlutverk safnasjóðs er að styrkja starf þeirra safna sem falla undir safnalög nr. 141/2011. Í þeim tilgangi getur sjóðurinn styrkt rekstur og skilgreind verkefni viðurkenndra safna og samstarfsverkefni slíkra safna innbyrðis.

Safnaráð veitir umsögn um styrkumsóknir úr safnasjóði. Mennta- og menningarmálaráðherra úthlutar styrkjum úr safnasjóði að fengnum tillögum safnaráðs samkvæmt safnalögum og úthlutunarreglum ráðsins frá 29. september 2015.

Í aðalúthlutun safnasjóðs eru veittir bæði verkefnastyrkir og rekstrarstyrkir úr safnasjóði, upphæð og fjöldi veittra styrkja ræðst af ráðstöfunarfé sjóðsins auk fjölda og gæðum umsókna.

**Verkefnastyrkir:** Öll viðurkennd söfn geta sótt um styrki til skilgreindra verkefna. Sjóðnum er einnig heimilt að styrkja aðra starfsemi til að efla faglegt safnastarf. Önnur söfn, safnvisar, setur og sýningar geta notið styrks úr safnasjóði til skilgreindra verkefna í samstarfi við viðurkennd söfn.

**Rekstrarstyrkir:** Viðurkennd söfn samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 geta sótt um rekstrarstyrk til sjóðsins til að efla starfsemi sína. Viðurkennd söfn í eigu ríkisins og viðurkennd söfn sem hljóta rekstrarstyrk á fjárlögum munu ekki hljóta rekstrarstyrk úr safnasjóði sama ár, en geta sótt um verkefnastyrki.

**Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2017. Umsóknum skal skila með því að fylla út rafrænt umsóknareyðublað á umsóknahef safnaráðs [www.safnarad.is/umsoknavefur](http://www.safnarad.is/umsoknavefur)**

Nánari upplýsingar má finna á vef safnaráðs [www.safnarad.is/safnasjodur/hvad-styrkir-safnasjodur](http://www.safnarad.is/safnasjodur/hvad-styrkir-safnasjodur) eða hjá framkvæmdastjóra safnaráðs Þóru Björk Ólafsdóttur, [thora@safnarad.is](mailto:thora@safnarad.is).



Safnaráð - safnasjóður · Gimli · Lækjargötu 3 · 101 Reykjavík · Sími 534 2234 · [safnarad@safnarad.is](mailto:safnarad@safnarad.is) · [www.safnarad.is](http://www.safnarad.is)



## BORGARLEIKHÚSIÐ

### FRAMKVÆMDASTJÓRI BORGARLEIKHÚSSINS

Leikfélag Reykjavíkur leitar að kraftmiklum og jákvæðum stjórnanda til að sinna daglegum rekstri félagsins og vinna náið með leikhússtjóra að áframhaldandi velgengni Borgarleikhússins.

#### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Daglegur rekstur félagsins
- Fjármálastjórn og áætlanagerð
- Starfsmanna- og kjaramál
- Skýrslugerð til stjórnar

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og reksturs æskileg
- Víðtæk þekking og reynsla af rekstri og stjórnun
- Mikil reynsla af áætlanagerð
- Framúrskarandi samskipta- og skipulagshæfileikar
- Frumkvæði, metnaður og drifkraftur
- Reynsla af menningartengdum rekstri er kostur

Frekari upplýsingar veita Leifur Geir Hafsteinsson ([leifurgeir@hagvangur.is](mailto:leifurgeir@hagvangur.is)) og Gyða Kristjánsdóttir ([gyda@hagvangur.is](mailto:gyda@hagvangur.is)) Umsóknarfrestur er til og með 6. nóvember nk. Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)



## Aðjúnkt í tölvunarfræði

Tölvunarfræðideild HR auglýsir eftir einstaklingi í stöðu aðjúnkts á sviði vef- og viðmótspróunar í fullt starf en framúrskarandi umsækjendur á öllum sviðum tölvunarfræði eru hvattir til að sækja um.

### STARFSSVIÐ

- Kennsla í grunnnámi í tölvunarfræði.
- Leiðsögn nemenda.
- Þátttaka í stjórnarsýslu deildarinnar.

### HÆFNISKRÖFUR

- MSc-próf í tölvunarfræði, hugbúnaðarverkfræði eða tengdum greinum.
- Reyndsla af kennslu æskileg og metnaður í kennslu á háskólastigi skilyrði.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Tölvunarfræðideild HR býður upp á grunn- og framhaldsnám í tölvunarfræði, hugbúnaðarverkfræði og tölvunarstærðfræði. Deildin er sú stærsta sinnar tegundar á Íslandi og stunda samtals yfir 800 nemendur nám við deildina.

Nánari upplýsingar um starfið veita Sigríður Elín Guðlaugsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs ([sigridureg@ru.is](mailto:sigridureg@ru.is)), og Hallgrímur Arnalds ([hallgrimur@ru.is](mailto:hallgrimur@ru.is)), forstöðumaður grunnnáms í tölvunarfræði. Umsóknum ásamt starfsferilskrá, afriti af viðeigandi prófskríteinum, yfirliti yfir fræðastörf og reyndsla af kennslu, afritum af helsta birta efni og meðmælum, skal skilað á vef Háskólans í Reykjavík, [radningar.hr.is](http://radningar.hr.is).

Byrjað verður að fara yfir umsóknir 30. október og opið verður fyrir umsóknir þangað til búið er að ráða í viðkomandi stöðu.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Akademískar deildir háskólans eru fjórar: Lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfagleika, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur Háskólans í Reykjavík eru um 3700 í fjórum deildum og starfa um 240 fastir starfsmenn við háskólann auk fjölda stundakennara.

Háskólinn í Reykjavík | Menntavegi 1 | 101 Reykjavík | Sími 599 6200 | [www.hr.is](http://www.hr.is)

## Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

[www.capacent.is](http://www.capacent.is)

## HÚSGAGNASMIÐUR Á TRÉSMÍÐAVERKSTÆÐI

Trésmíðjan Jari leitast eftir húsgagnasmiði eða einstaklingi með reyndslu að vinna á trésmíða- og verkstæði.

- Íslenskukunnátta æskileg.

Trésmíðjan Jari ehf er 25 ára gamalt fyrirtæki og byggir á traustum grunni.

Nánari upplýsingar í síma 897-2533.

Umsóknir sendist á netfangið [tjari@simnet.is](mailto:tjari@simnet.is)



**TÆKI.IS**  
[WWW.TAEKI.IS](http://WWW.TAEKI.IS)

Óska Eftir Bílstjóra

Viðkomandi þarf að hafa meirapróf, vinnuvélaréttindi getað bjargað sér í smáviðgerðum og hafa ríka þjónustulund, 25 ára eða eldri, hreint sakavottorð, reglusamur og stundvís skilyrði.

Um 100% starf er að ræða og þarf viðkomandi að geta hafð störf fljótlega.

Umsókn skal send fyrir 31. október á netfangið [info@taeki.is](mailto:info@taeki.is)

**METAL** EHF

Metal ehf Garðabæ óskar eftir að ráða starfsmann í útkeyrslu og lagerstörf.

Um fullt starf er að ræða.  
Vinnutími frá kl. 08:00 til kl. 17:00.

**Starfssvið:**

- Útkeyrsla á vörum fyrirtækisins.
- Almenn lagerstörf

**Hæfniskröfur:**

- Bílpróf
- Dugnaður og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslenskukunnátta.

Góð laun í boði.  
Umsóknir með ferliskrá sendist til [petur@metal.is](mailto:petur@metal.is)

**Metal ehf - Suðurhrauni 12b - 210 Garðabær**

### 365 óskar eftir góðu fólki

## LANDSBYGGÐARBLAÐAMAÐUR Á FRÉTTABLAÐIÐ

VILTU SLÁST Í HÓP ÖFLUGUSTU BLAÐAMANNA LANDSINS?

Fréttablaðið óskar eftir blaðamönnum búsettum á:

- Suðurlandi
- Vestfjörðum
- Austurlandi

Umsækjandi þarf:

- að hafa góða þekkingu á íslensku samfélagi og brennandi áhuga á málefnum líðandi stundar
- að hafa gott vald á íslenski tungu
- að vera fær í mannlegum samskiptum
- að geta unnið undir álagi

Umsóknir ásamt ferliskrá skulu sendar á Sunnu Karen Sigurpórsdóttur í gegnum netfangið [sunnak@365.is](mailto:sunnak@365.is)

Reyndsla af fréttamennsku er skilyrði.

Umsóknafrestur er til 25 október

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lífandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 400 manns.

**365**

## Mötuneyti

Skólamatgur leitir að duglegum og barngóðum einstaklingum með góða samskiptahæfni til starfa í leik- og grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Um er að ræða 50%-100% stöðugildi.

Reynsla úr mötuneyti er kostur og íslenskukunnátta er skilyrði.

Umsóknir og fyrirspurnir berist mannauðsstjóra á [fanny@skolamatur.is](mailto:fanny@skolamatur.is)

Skólamatgur ehf.  
Íðavöllum 1, 230 Reykjanesbær  
Sími 420 2500  
[www.skolamatur.is](http://www.skolamatur.is)



## Byggingarstjóri fyrir Grunnskólann í Borgarnesi

**Borgarbyggð óskar eftir að ráða byggingarstjóra til að fylgjast með nýbyggingu við Grunnskólann í Borgarnesi**

Umsækjendur um stöðu byggingarstjóra við framkvæmdir við Grunnskólann í Borgarnesi skulu senda umsókn til Gunnlaugs Júlíussonar sveitarstjóra Borgarbyggðar. Með umsókn skulu fylgja gögn um nám, starfsferil og starfsreynslu.

Gunnlaugur Júlíusson, sveitarstjóri Borgarbyggðar sími: 433-7100, netfang: [gunnlaugur@borgarbyggd.is](mailto:gunnlaugur@borgarbyggd.is)

**Umsóknarfrestur er til 5. nóvember n.k.**



BORGARBYGGÐ

Útboð fyrir nýbyggingu Grunnskólans ásamt framkvæmdum við endurnýjun eldra húsnæðis verður auglýst 1. desember 2017. Samið verður við verktaka í ársbyrjun 2018. Framkvæmdin er nokkuð umfangsmikil og gert ráð fyrir þrem framkvæmda-áföngum sem dreifast á árin 2018, 2019 og 2020.

Byggingarstjórinn skal uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til byggingarstjóra í byggingarreglugerð.

Byggingarstjóra er ætlað að vera trúnaðarmaður Borgarbyggðar, undirbúa og hafa eftirlit með framkvæmdum og kostnaðareftirlit.



## Skemmtilegur og lifandi vinnustaður

### Afgreiðsla í Vínbúðunum á höfuðborgarsvæðinu

Við leitum að þjónustuliprum einstaklingum sem eru tilbúnir að veita framúrskarandi og ábyrgja þjónustu í jákvæðu starfsumhverfi.

#### Helstu verkefni

- Sala og þjónusta við viðskiptavinum
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

#### Hæfniskröfur

- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Almenn tölvukunnátta

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og sakavottorðs er krafist.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember nk.** Umsóknir óskast fylltar út á [vinbudin.is](http://vinbudin.is)

Nánari upplýsingar veitir: Guðrún Símonardóttir, [starf@vinbudin.is](mailto:starf@vinbudin.is), 560 7700

### Starfsfólk á lager – Dreifingarmiðstöðin

Við leitum að hraustu og drífandi starfsfólki á lager. Óskað er eftir starfsfólki í fullt starf. Vinnutíminn er frá kl. 7.30-16.30. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf fljótlega.

#### Helstu verkefni

- Almenn lagerstörf
- Móttaka og tiltekt vöru
- Önnur tilfallandi verkefni

#### Hæfniskröfur

- Stundvísi og dugnaður
- Vandvirkni og samviskusemi
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Lyftarapróf er kostur

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKING – ÁBYRGÐ.

Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

**Einnig leitum við að starfsfólki í 100% störf og hlutastörf í desember, í Vínbúðunum og Dreifingarmiðstöðinni.**

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land og er með skrifstofur og dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi 2. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.





Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

## Matreiðslumaður/matráður óskast í Hagaskóla

Hagaskóli óskar eftir að ráða til starfa matreiðslumann eða matráð til að stjórna mótuneyti skólans. Hagaskóli er 540 nemenda unglingskóli í Vesturbæ Reykjavíkur. Í Hagaskóla koma nemendur úr þremur skólum; Grandaskóla, Melaskóla og Vesturbæjarskóla.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir frumkvæði, leiðtogaþæfileikum, framúrskarandi samskiptahæfni og hefur góða fagþekkingu á sínu sviði.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Eldun og framreiðsla á hádegisverði fyrir nemendur og starfsmenn.
- Yfirumsjón með eldhúsi.
- Ábyrgð á starfsmönnum eldhússins.
- Innkaup og birgðastýring.
- Gerð matseðla.

### Hæfniskröfur:

- Menntun og reynsla í matreiðslu.
- Hæfni í mannlegum og jákvæðum samskiptum.
- Geta til að vinna í teymi.
- Góð þekking á næringarfræði.
- Þekking á rekstri mótuneyta.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Frumkvæði í starfi, reglusemi og stundvísi.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Tölvukunnátta.

Um er að ræða fullt starf í dagvinnu.

### Frekari upplýsingar um starfið

Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og Eflingar. Starfshlutfall 100%. **Umsóknarfrestur 01.11.2017**  
Ráðningarform: Ótímabundin ráðning

Nánari upplýsingar um starfið veitir S. Ingibjörg Jósefsdóttir í síma 535-6500 og tölvupósti s.ingibjorg.josefsdottir@rvkskolar.is

Hagaskóli - Fornhaga 1 - 107 Reykjavík

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

## Aðstoðarmenn dómara í Landsrétti

Landsréttur auglýsir lausar til umsóknar stöður fimm löglærðra aðstoðarmanna dómara við Landsrétt.

Landsréttur tekur til starfa 1. janúar 2018 á grundvelli laga nr. 50/2016 um dómstóla og ráðið verður í stöðurnar frá áramótum. Nánar um eðli starfs aðstoðarmanna og skilgreindar hæfniskröfur vísast til birtrar auglýsingar á Starfatorgi.

Umsóknarfrestur er til 30. október 2017. Áskilið er að umsóknir og fylgigögn berist með rafrænum hætti á [landsrettur@domstolar.is](mailto:landsrettur@domstolar.is). Umsóknir gilda í allt að sex mánuði

Dómsmálaráðuneytið  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík  
Sími 545 9000



DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ



prentmet  
HRADI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

## STARFSMAÐUR Í PÖKKUN

Prentmet ehf. í Reykjavík óskar eftir starfsmanni í pökkun og frágangsvinnu á prentverki.

Nánari upplýsingar veita framkvæmdastjóri mannauðsmála, [ingasteina@prentmet.is](mailto:ingasteina@prentmet.is), s. 856 0601.

Atvinnuumsókn er á [prentmet.is/um-okkur/atvinnuumsokn](http://prentmet.is/um-okkur/atvinnuumsokn)  
Umsóknarfrestur er til 27. október n.k.

Prentmet býður upp á heildarlausnir í prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg þjónusta fara vel saman í framleiðslunni. Lögð er rík áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustað.

### heildarlausnir í prentun



Prentmet er framsækin prentsmiðja með höfuðstöðvar að Lynghálsi 1 í Reykjavík og útibú á Akranesi og Selfossi

## SKJALASTJÓRI

LEX lögmansstofa óskar eftir að ráða jákvæðan og drífandi skjalastjóra til starfa. Leitað er að einstaklingi sem er tilbúinn að ganga í fjölbreytt verkefni og hefur áhuga á að starfa í lífandi umhverfi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafð störf sem fyrst.

### STARFSSVIÐ:

- Dagleg umsjón með skjalastjórn fyrirtækisins.
- Gerð og eftirfylgni verkferla á sviði skjalamála.
- Umsjón með rafrænni vistun skjala.
- Ráðgjöf og stuðningur til starfsmanna um verklag við skjalamál.
- Skráning og umsjón með bókasafni fyrirtækisins.
- Önnur verkefni í samráði við yfirmann.

### MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Reynsla af skjalastjórnun.
- Háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræði eða annað próf sem nýtist í starfi er æskilegt.
- Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði. Þekking á OneSystems er kostur.
- Góð tungumálakunnátta í ræðu og riti á íslensku og ensku.

Umsóknarfrestur er til **5. nóvember nk.**

Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir ([jona.sigurjonsdottir@capacent.is](mailto:jona.sigurjonsdottir@capacent.is)) og Andri Hrafn Sigurðsson ([andri.sigurdsson@capacent.is](mailto:andri.sigurdsson@capacent.is)) hjá Capacent.

LEX

LÖGMANNSSTOFA

Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Fax 590 2606

Sími 590 2600  
[lex@lex.is](mailto:lex@lex.is)  
[www.lex.is](http://www.lex.is)

LEX er ein stærsta lögmansstofa landsins með um 40 lögmenn innan sinna raða og sinnir verkefnum fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins.




## Leitar að starfsmanni á verkstæði.

Um er að ræða framtíðarstarf og er vinnutími frá 9:00 – 18:00.

### Hæfniskröfur:

- Viðkomandi þarf að hafa menntun eða mikla reynslu af störfum tengdum bifvéla- eða vélvirkjun.
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Almenn tölvukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Stundvísi.
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni, framtakssemi og almennt hreysti.
- Lyftararéttindi eru kostur.



TERRAIN DOMINATION  
POLARIS



## Laus störf hjá Kópavogsbæ

### Grunnskólar

- Forfallakennari í Salaskóla
- Frístundaleiðbeinendur í félagsmiðstöðvar Kópavogs
- Frístundaleiðbeinendur í Kársnesskóla
- Frístundaleiðbeinendur í Lindaskóla
- Frístundaleiðbeinendur í Smáraskóla
- Frístundaleiðbeinendur í Vatnsendaskóla
- Húsvörður í Smáraskóla
- Kennari á yngsta stig í Vatnsendaskóla
- Kópavogsskóli óskar eftir frístundaleiðbeinendum

### Velferðarsvið

- Starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk
- Starfsmaður í félagslega heimaþjónustu

### Leikskólar

- Aðstoðarleikskólastjóri, leikskólakennari, leikskólasérkennari og deildarstjóri í Austurkór
- Deildarstjóri á Læk
- Deildarstjóri og leikskólakennari á Álfatúni
- Leikskólakennari á Marbakka
- Leikskólakennari á Sólhvörfum
- Leikskólakennari og þroskaþjálfari á Fífusölum
- Leikskólakennari vegna stuðnings á Sólhvörfum
- Leikskólakennari/Þroskaþjálfari á Kópastein
- Leikskólasérkennari á Kópahvol
- Sérkennari á Álfatúni
- Sérkennari-þroskaþjálfari á Baug
- Starfsmaður í félagslega heimaþjónustu
- Starfsmaður í sérkennslu á Læk

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is), þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

## Hefur þú leiðtogahæfni?

### Arion banki leitar að öflugum útibússtjóra í Borgartún 18

Útibú Arion banka í Borgartúni er stærsta útibú bankans og veitir einstaklingum og fyrirtækjum fjölbreytta fjármálaþjónustu. Þar starfar samstilltur hópur um 30 starfsmanna sem kappkostar að veita viðskiptavinum góða þjónustu.

Útibússtjórinn þarf að vera framsækinn, metnaðarfullur og hafa brennandi áhuga á að veita viðskiptavinum góða þjónustu ásamt því að vera tilbúinn að leggja sitt af mörkum á vegferð bankans inn í stafræna framtíð.

Hlutverk útibússtjóra er að vinna í samræmi við stefnu og markmið Arion banka í nánu samstarfi við svæðisstjóra á höfuðborgarsvæðinu. Viðkomandi leiðir teymi stjórnenda útibúsins sem bera ábyrgð á þjónustu við viðskiptavini.

#### Helstu verkefni

- Ábyrgð á þjónustu og viðskiptatengslum
- Ábyrgð á mannauðsmálum í útibúinu í samvinnu við aðra stjórnendur
- Framfylgir stefnu bankans og tryggja sterka liðsheilid
- Stefnumótandi verkefni í samvinnu við svæðisstjóra og útibússtjóra á svæðinu

#### Hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Haldbær þekking á lánamálum fyrirtækja og einstaklinga
- Jákvætt viðmót og rík þjónustulund
- Framúrskarandi leiðtoga- og samskiptafærni
- Umbótahugsun, frumkvæði og drifkraftur
- Reynsla af stjórnun
- Áhugi á stafrænum lausnum

Nánari upplýsingar um starfið veita Hafdís Hansdóttir svæðisstjóri, sími **580 2207**, netfang [hafdís.hansdottir@arionbanki.is](mailto:hafdís.hansdottir@arionbanki.is) og Hildur Sigurðardóttir mannauðsstjóri, sími **444 6364**, netfang [hildur.sigurdardottir@arionbanki.is](mailto:hildur.sigurdardottir@arionbanki.is).

Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember. Sótt er um starfið á [arionbanki.is](http://arionbanki.is).



Arion banki er líffegur og spennandi vinnustaður. Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að búa í hagninn fyrir framtíðina. Við ræktum jákvæðan starfsanda og leggjum áherslu á að starfsfólk okkar þroskist og þróist í starfi með markvissri fræðslu og þjálfun. Straumlinustjórnun er hluti af daglegri menningu með stöðugum umbótum og samvinnu allra starfsmanna. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans máli og síðan árið 2015 höfum við árlega fengið Jafnlaunavottun VR. Saman látum við góða hluti gerast.



### 365 óskar eftir góðu fólki

## BLAÐAMAÐUR Á FRÉTTABLAÐIÐ

VILTU SLÁST Í HÓP ÖFLUGUSTU BLAÐAMANNA LANDSINS?

Áhugavert starf á skemmtilegum vinnustað í stöðugri sókn

Umsækjandi þarf:

- að hafa góða þekkingu á íslensku samfélagi
- og brennandi áhuga á málefnum líðandi stundar
- að hafa gott vald á íslenskri tungu
- að vera fær í mannlegum samskiptum
- að geta unnið undir álagi

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á Sunnu Karen Sigurþórsdóttur í gegnum netfangið [sunnak@365.is](mailto:sunnak@365.is)

Reynsla af fréttamennsku er skilyrði.

Umsóknarfrestur er til 25 október

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lífandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 400 manns.

**365**

# Bifvélavirki



## Við hjá HEKLU leitum að hæfileikaríkum bifvélavirkja á þjónustuverkstæði.

### Starfslýsing

- Viðgerðir og viðhald á bifreiðum í háum gæða- og tækniflokki.
- Þátttaka í námskeiðum og símenntun á vegum HEKLU.

### Hæfniskröfur

- Menntun á sviði bíla-, véla- eða rafmagnsviðgerða.
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, metnaður og vandvirkni.
- Liðlegheit í samskiptum og létt lundarfar.
- Stundvísi og almenn reglusemi.
- Reynsla af viðgerðum á Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi er kostur.

Yfir 150 manns starfa hjá HEKLU hf. en félagið er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu við nýjar og notaðar bifreiðar.

Félagið er með umboð fyrir Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi og annast þjónustu við þessar tegundir.

Höfuðstöðvar HEKLU eru við Laugaveg 170-174 í Reykjavík.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Dröfn Ámundadóttir, mannauðsstjóri í síma 590 5000 eða sigridur@hekla.is

Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2017. Umsókn óskast fyllt út á [www.hekla.is](http://www.hekla.is)



## Umsóknir um dvöl í íbúð fræðimanns í Kaupmannahöfn 2018



Íbúð fræðimanns í Kaupmannahöfn, skv. reglum um hús Jóns Sigurðssonar, er laus til afnota tímabilið 3. janúar til 18. desember 2018.



Elsku hjartans eiginmaður minn,  
faðir okkar, sonur og bróðir,  
**Eyþór Grétar Birgisson**  
leigubilstjóri,  
lést mánudaginn 16. október.  
Jarðarförin verður fimmtudaginn  
26. október kl. 13.00 í Fella- og Hólakirkju.  
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem  
vilja minnst hans er bent á styrktarreiðing ungrar dóttur  
hans, 0115-26-010079, kt. 231003-2150  
**Ásdis Ásgeirsdóttir**  
**Sölvi Þór Eyþórsson** **Amanda Rosa Egholm**  
**Elvar Örn Eyþórsson**  
**Kristín Viðja Harðardóttir**  
**Karen Ósk Eyþórsson**  
**Póra Sigurjónsdóttir**  
**Sigurjón Birgisson** **Mjóll Kristjánsdóttir**  
**Guðlaug Birgisdóttir** **Sigvaldi Einarsson**  
**Birgir Birgisson** **Elin Rós Hansdóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,  
**Björg S. Jónasdóttir**  
lést 18. október á hjúkrunarheimilinu  
Dyngju, Egilsstöðum. Útförin  
verður gerð frá Egilsstaðakirkju  
miðvikudaginn 25. október kl. 14.00.  
Þeim sem vildu minnst hinnar látnu er bent á  
Hollvinsamtök hjúkrunarheimilisins Dyngju.  
**Málfríður Þórarinsdóttir** **Sigurgeir Þorgeirsson**  
**Hrafnhildur S. Þórarinsdóttir** **Borgþór Gunnarsson**  
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,  
**Ólafur Jóhann Jónsson**  
læknir,  
Eiríksgötu 27, Reykjavík,  
andaðist 14. október á  
hjúkrunarheimilinu Skjóli. Hann  
verður jarðsönginn frá Hallgrímskirkju miðvikudaginn  
1. nóvember klukkan 13.  
**Ingibjörg Þóra Ólafsdóttir**  
**Gylfi Ólafsson** **Ingibjörg Sigrún Einisdóttir**  
**Vala Ólafsdóttir**  
**Kristján Ívar Ólafsson** **Heba Helgadóttir**  
**Jón Ívar Ólafsson** **Ingunn Ásta Sigmundsdóttir**  
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli  
og útfarir má senda á netfangið  
**timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is**  
eða hringja í síma 512 5000.



Sonardóttirin, Marsibil Mogensen Bragadóttir, með afa sínum á myndinni og syngur líka með honum lag í afmælinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Allri þjóðinni var boðið

Bergþór Pálsson söngvari er höfðinglegur þegar hann fagnar sextugsafmælinu. Hann tók Eldborg í Hörpu á leigu, lét boð út ganga og miðarnir runnu út á örskotsstund.

Þú hittir á hárrétta augna-  
blikkið. Það hefur staðið yfir  
æfing hér frá klukkan eitt en  
henni er lokið," segir Albert  
Eiríksson vingjarnlega þegar  
hann heyrir erindi mitt, og réttir manni  
sínun, Bergþóri Pálssyni, símann. Berg-  
þór bregst líka vel við, er til í afmælis-  
spjall vegna sextugsafmælisins á morgun  
enda búinn að bjóða 1.500 gestum í  
Eldborg í Hörpu. „Veislan verður í formi  
tóna, það er tíu ára gamall draumur.  
Þegar ég varð fimmtugur hélt ég venju-  
lega veislu og skemmtiatriðin fólust í að  
ýmsir vinir mínir, söngvarar og píanó-  
leikarar tóku með mér dúetta. Mörgum  
fannst það skemmtilegt og ég fékk þá  
fluglu í höfuðið að endurtaka þetta að tíu  
árum liðnum og bjóða helst allri þjóð-  
inni í þakklætisskyni fyrir kynnin. Ég  
lét svo boð út ganga á fésbókinni fyrir  
skemmtu og í viðtalsþætti á RÚV og  
miðarnir runnu út á örskotsstundu.“

Stífar æfingar? „Ég er á æfingum fyrir  
óperuna Toscu alla daga, og skýtt inn  
æfingum hér heima á milli. Þær voru til

Ja, þeir sem voru í  
kringum mig segja að ég  
hafi, sem krakki, haft tilhneig-  
ingu til að vera á sviði.

dæmis hér áðan Brynhildur Guðjóns og  
Margrét Eir og tóku lag með mér. Svo  
fengum við okkur köku og kaffi. Þetta  
verður vöðu heimilislegt í Hörpu líka,  
ekki eins og tónleikar, bara örðuvísi  
afmæli en venjulega.“

Þegar Bergþór ákvað þetta afmælis-  
gigg fyrir tíu árum sá hann auðvitað ekki  
fyrir að hann yrði að frumsýna óperu  
daginn áður. Hann kveðst verða að láta  
frumsýningartímið eiga sig að miklu  
leyti og fara heim að sofa. „Ég vona bara  
að mér takist að festa blund fyrir spenn-  
ingi. Annars eru lögín í afmælinu þau  
sömu og ég hef verið með á skemmt-  
unum undanfarna áratugi svo ég er bara  
að dusta af þeim rykið.“

Bergþór ólst upp í Hlíðunum í Reykja-  
vík, man eftir Klömburum á Klambtratúni

og ilmi frá reykkofa þar sem hangi-  
kjöt og silungur hengu. Síðar var nafni  
svæðisins breytt í Miklatún og búin til  
brekka í einu horninu, þar steig hann  
sín fyrstu skref á skiðum. En var snemma  
sýnt hvað úr honum yrði? „Ja, þeir sem  
voru í kringum mig segja að ég hafi, sem  
krakki, haft tilhneigingu til að vera á  
sviði og í gagnfræðaskóla hafði ég gaman  
af að standa upp á göngunum og leika  
bæði konur og karla. Ég var eiginlega  
þessi skritni á tímabili en slapp þó alveg  
við einelti.“

Tónlistin tók snemma mestan tíma  
að sögn söngvarans. „Ég lærði á fiðlu  
mér til gamans en það hvarflaði ekki að  
mér í uppveitinum að ég mundi starfa  
við tónlist. Fór þó í tónmenntakennara-  
deild því ég ætlaði að verða kennari og  
þá þurfti ég að taka söngtíma. Svo varð  
þróunin sú sem allir þekkjá,“ segir Berg-  
þór. Hann biður fólk vinsamlega að láta  
miðasölu Hörpu vita ef það geti af ein-  
hverjum orsökum ekki notað miða sína  
á afmælistónleikana á morgun, til að  
aðrir komist að. **gun@frettabladid.is**



Ástkær eiginmaður, faðir,  
tengdafaðir, afi og langafi,  
**Helgi Guðmundsson**  
úrsmiður, Söltúni 1, Reykjavík,  
áður Melgerði 39, Kópavogi,  
lést mánudaginn 16. október á  
Landspítalanum í Fossvogi. Jarðarförin fer  
fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 27. október kl. 13.  
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst  
hans er bent á Barnaheill.

**Nina Björg Kristinsdóttir**  
**Guðmundur Helgason** **Inga Þóra Þórisdóttir**  
**Helga Bogadóttir** **Hilmar Malmquist**  
**Halla Bogadóttir** **Eiríkur G. Guðmundsson**  
**Jóhann S. Bogason** **Dagný Björgvinsdóttir**  
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir og amma,  
**Herdis Matthildur  
Guðmundsdóttir**  
Úthlíð 33, Hafnarfirði,  
verður jarðsöngin frá Viðistaðakirkju  
fimmtudaginn 26. október kl. 15.  
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim  
sem vilja minnst hennar er bent á Minningarsjóð  
kvenlækningadeilda eða Minningarsjóð líknaðeilda  
og heimahlynningar Landspítalans.

**Árni Brynjólfsson**  
**Sigbór Árnason** **Hulda Helga Þráinsdóttir**  
**Brynjólfur Árnason** **Inga Þóra Ásdisardóttir**  
**Hrönn Árnadóttir** **Óskar Meldal Gíslason**  
**og ömmubörn.**



# HELLINGUR AF GÓÐU STÖFFI

## MARABON NOW OG 11GB Á 3.990 KR.\*

Fáðu 11 gígabæt í símann, endalaust mörg símtöl og sms ásamt aðgangi að Marabon Now.

Marabon Now inniheldur sumar af fremstu þáttaröðum heims ásamt helling af góðu stöffi sem þú getur notið í hvaða snjalltæki eða sjónvarpi sem er.

Nánari upplýsingar um tilboðið á [365.is](http://365.is) eða í síma 1817.



\*á mánuði





HÚSASMÍÐJAN

blómaval

Þitt með fyrirvara um þrennvíkur og myndavíki. Úrval getur verið ísjálfnt milli verslana.



## Jólaalandið opnar í dag

Jólaalandið í Skútuvogi hefur glatt börn og fullorðna í áratugi.

## Glæsileg seríudeild

opnar í Skútuvogi í dag.

# Jólaalandið

opnar í dag

## Erika og Calluna

Síðasta sending haustsins komin í verslanir

3 stk. veljið sjálf

990 kr



## 30% afsláttur

af ÖLLUM haustlaukum

LOFORÐ UM LITRÍKT VOR



## Dagskrá í dag

í Skútuvogi

12:00-16:00:

Allir fá gómsætan ís í brauðformi.

14:00-14:30:

Jólasveinar skemmta börnunum.

13:00-16:00:

Kynning á jólagjöfum fyrir gæludýr.

13:00-15:00:

Chihuahua hundar kíkja í heimsókn í gæludýradeildina.



Allir fá ís

á laugardag í Skútuvogi kl. 12-16.

Jóla-sveinar

skemmta börnunum kl. 14-14:30.

Hundar

Chihuahua hundar kíkja í heimsókn í gæludýradeildina kl. 13-15.



# LADY litur mánaðarins

2782 DECO PINK

Einstaklega góður rósartónn. Passlega gylltur og dempaður, virkar ótrúlega vel með gráum, grænum og töfrandi rauðum tónum.

## 25% afsláttur

af ALLRI LADY málningu frá



Arnar Már Þorsteinsson  
vörustjóri málningar.



## LADY Pure Color Algjörlega mött veggmalning

Lady Pure Color frá Jotun er algjörlega mött málning, einstök litaupplifun. Ein vinsælasta málningin okkar í dag. Þekur vel og er mjög slitsterk.



Blöndum alla liti

HITACHI  
Inspire the Next



30% afsláttur

**22.995 kr**

~~32.995 kr~~

Hleðsluborvél + 54 aukahlutir  
2x10,8V li-ion rafhlöður, hersla 35Nm,  
led ljós, þyngd 1 kg.  
5246785



38% afsláttur

**9.995 kr**

~~15.995 kr~~

Topplyklasett  
1/2"-1/4", 73 stk, toppar  
4-27 mm, skrall, 72 tanna.  
5052569



• KLUDI •  
damixa™  
GROHE  
LAUFEN+

## Glæsilegur sýningarsalur

fyrir eldhús og bað í Skútuvogi



35% afsláttur

TILBOÐ

**25.930 kr**

~~39.895 kr~~  
Sturtuhorn  
900x900x1965x6,  
boga rennihurð.  
7920924



30% afsláttur

damixa™  
**33.595 kr**

~~47.995 kr~~  
Sturtusett  
Damixa Akita, hitastíllt  
blöndunartæki með  
ömmustöng, 200 mm  
höfuðsturtu ásamt  
handsturtubarka og  
sápuskál. Stíllanleg  
lengd á stöng.  
8000582



GROHE

GOTT VERÐ

**5.790 kr**

Strutusett  
Grohe sturtusett.  
7910827



Allt PARKET  
**25-40%**  
afsláttur

40% afsláttur

**1.195 kr/m²**

~~1.990 kr/m²~~

Harðparket  
Ljós eik, 3ja stafa, 8 mm,  
borðastærð 1285x192x8 mm.  
147100

Byggjum á betra verði

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR

## Lausnarorð síðustu viku var SÚRDEIGSBRAUÐ

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| B | R | Ú | A | R | G | Ó | L | F | H | B | V | E | U |   |
| L | T | A | S | Ó | L | Á | T | A | B | E | L | G | I | N |
| A | F | H | E | N | D | A | S | T | L | R | R | G | D |   |
| D | A | G | M | P | R | E | K | M | I | K | I | L | L | A |
| A | Ð | F | A | L | L | I | N | U | I | A | L | E | N |   |
| F | S | Æ | N | R | A | S | Í | S | K | U | I | H |   |   |
| U | M | S | E | T | I | N | R | A | S | T | K | N | E | K |
| L | I | I | A | S | K | V | A | Ð | A | N | D | I | L |   |
| L | A | G | A | S | Y | R | P | U | R | E | I | K | A | N |
| T | L | N | U | M | F | E | R | Ð | I | N | A | I |   |   |
| R | E | I | S | U | G | A | N | R | Á | S | T | A | R | O |
| Ú | N | I | A | L | A | U | Ð | A | S |   |   |   |   |   |
| A | U | G | L | Ý | S | U | M | L | L | A | N | D | K | A |
| P |   |   | S | E | Y | R | N | A | D | I | A | L | L |   |
| A | P | A | K | E | T | T | I | E | G | E | I | S | P | U |
| H | R | Ú | S | E | I | G | I | R | E | T | Á |   |   |   |
| H | L | J | Ó | Ð | L | Á | T | K | I | S | P | J | Ó | L |
| A | M | K | A | R | N | A | R | N | E | S | L | T |   |   |
| D | U | L | I | N | N | A | R | U | D | A | F | T | U | R |
| P | Ð | A | A | L | M | Ú | G | I | N | N | R | Ð |   |   |

**LAUSNARORÐ** Ef f. lausnarorð: Ef bókstofunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist vinsælt afþreyingarefni (12). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 27. október næstkomandi á [krossgata@frettabladid.is](mailto:krossgata@frettabladid.is) merkt „21. október“.



FORLAGIÐ  
**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Gestir utan úr geimnum** eftir **Ævar visindamanns** frá Forlaginu. Vinningshafsi síðustu viku var **Þorsteinn S. Guðjónsson, Reykjavík**.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

- 1 Hef krækt nögl í postulins-sæti (11)
- 11 Knúsar og kálar þar sem malbik endar (10)
- 12 Ættlar hvers mannsaldurs (9)
- 13 Finn næstum tíu æsta sem rata ekki neitt (10)
- 14 Glettin spinnur sprell af reyfi (9)
- 15 Hand(leggs)leiðsla Öldu og sorgarinnar miklu (10)
- 19 Banabrokk milli klefa hinna fordæmdu (11)
- 20 Snjókúlukastið af himnum ofan (10)

- 21 Setjum naglann á oddinn (7)
- 22 Ræktarland fyrir tvítænna varablómið sem við það er kennt (14)
- 24 Stamar það sem aumast er í uppnámi (6)
- 29 Snör leita fangaðrar og trúlofaðrar (11)
- 31 Sálmur um fullkomið ástand (8)
- 32 Pikka í smámáf og skeglunef (9)
- 33 Les tíðindin um landsins forna fjanda (10)
- 34 Jörð hins opna og mikla svæðis (9)

- 35 Vil að Áki róti í samhljóða (3)
- 38 Ógreidd næturðöl á gisti-húsi skapanonar (9)
- 40 Inngrip í álandsvind (8)
- 41 Lasin ljóðaði: U – vor-kenndu mér! (8)
- 42 Fóru með skott úr skorðum (4)
- 43 Misum æða áfram með dílasóttina (10)

### LÓÐRÉTT

- 1 Bolir hinna minniháttar búandkarla (11)
- 2 Lýsi stöku sinnum eftir draumatímum (11)
- 3 Stakur steinn þessa fráþæra gengis (11)
- 4 Er þriðji maður í rafrænu spili forritara (10)
- 5 Uppræti stilka, svo rústum við rest (11)
- 6 Stjórnbeinar leita leiða til lögsögu (12)
- 7 Skiptum pörtum (6)
- 8 Há, löng og breið, breið, breið! (6)
- 9 Skiturinn og kjaftæðið sem

- boðið er upp á! (6)
- 10 Las um himnadverg í gömlu héraðsblaði (6)
- 16 Þjota þandar taugar og leiðslur í laufblöðum (11)
- 17 Um fyrir og eftir renning með landafjöldum (11)
- 18 Sægurinn af s-afrískum seðlum borgar strípustráin (11)
- 23 Leita merkingar meginlagnar í hús (7)
- 25 Gröm stofnumum sem kenna á klára (10)
- 26 Vil að hinn spili, annað væru kynjar (10)
- 27 Hún passar upp á fri-

- hafnarbúsið, þessi (10)
- 28 Átta mig á hlutum úr frá drögnum (9)
- 29 Ummerki elli og umgangspestar (9)
- 30 Var mikið að veiða í þessu fljóti (9)
- 36 Þrýsta á mannfólkið að halda í norðaustur (5)
- 37 Indverskur guð er íslensk kona og Andri bara í ruglinu! (5)
- 39 Þrýsta fola í uppnámi (4)

### LÉTT

|   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 |   |   |   | 5 |   |   | 6 |
|   |   | 5 | 9 | 6 |   |   |   |
| 8 |   | 3 |   |   | 2 |   | 5 |
| 3 | 7 | 1 |   | 5 |   |   |   |
| 4 |   |   | 2 |   | 9 |   | 6 |
|   |   |   | 6 | 3 | 8 |   |   |
|   |   |   | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 |
|   | 3 |   | 7 |   |   | 5 | 1 |
|   |   |   |   |   |   |   | 2 |

### MIDLUNGS

|   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
|   |   |   | 4 | 6 | 9 | 3 |   |
| 6 | 8 |   |   | 5 |   |   | 4 |
|   |   |   | 1 |   |   | 5 |   |
| 7 | 2 |   | 6 |   |   | 4 |   |
| 5 | 6 | 8 | 9 |   |   | 1 |   |
|   |   |   |   | 1 | 2 |   | 8 |
| 4 |   |   |   | 5 |   |   | 1 |
| 8 |   | 7 |   |   |   | 6 |   |
|   |   |   | 4 | 9 |   |   | 7 |

### PUNG

|   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
|   | 7 |   |   |   | 1 |   | 8 |
| 5 | 8 |   |   |   | 9 |   | 1 |
|   |   | 2 | 3 |   |   |   |   |
| 4 | 5 |   |   |   |   |   |   |
|   |   |   |   |   |   |   | 1 |
|   |   |   |   |   | 9 | 7 | 2 |
|   | 3 | 6 |   | 2 |   |   | 9 |
|   | 9 |   |   | 4 |   | 3 |   |
|   |   |   |   |   |   |   |   |
|   | 8 |   |   |   |   |   |   |

### Skák Gunnar Björnsson



Björn Ívar Karlsson (Skákkfélagi Akureyrar) átti leik gegn Margeiri Péturssyni (Taflfélagi Reykjavíkur) í fyrstu umferð Íslandsmóts skákkfélaga.

**Hvítur á leik**  
25. Rf6+! Bxf6 26. Dg6+ 1-0. Framhaldið hefði getað orðið 26... Kh6 27. Dxf6 Kg8 28. Dxe5 og svartur er varnarlaus. Vikingaklúbburinn hóf keppnina með með miklum látum þegar þeir lögðu KR-inga 8-0. Tvær umferðir tefldar í dag.  
[www.skak.is](http://www.skak.is): Íslandsmót skákkfélaga

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 4 | 5 | 9 | 8 | 1 | 6 | 3 | 2 |
| 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 5 | 4 | 9 | 8 |
| 3 | 8 | 9 | 2 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 3 | 8 | 4 | 1 | 7 | 2 | 6 | 5 |
| 1 | 6 | 2 | 5 | 9 | 8 | 7 | 4 | 3 |
| 4 | 5 | 7 | 3 | 6 | 2 | 8 | 1 | 9 |
| 8 | 7 | 3 | 6 | 5 | 4 | 9 | 2 | 1 |
| 2 | 9 | 6 | 1 | 7 | 3 | 5 | 8 | 4 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 3 | 7 | 6 |

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 7 | 4 | 2 | 3 | 5 | 1 | 6 |
| 4 | 6 | 2 | 5 | 1 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 1 | 3 | 5 | 6 | 7 | 9 | 2 | 4 | 8 |
| 5 | 2 | 8 | 7 | 3 | 1 | 9 | 6 | 4 |
| 3 | 4 | 9 | 8 | 5 | 6 | 1 | 2 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 2 | 9 | 4 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 5 | 3 | 9 | 6 | 7 | 4 | 8 | 1 |
| 7 | 1 | 4 | 3 | 8 | 5 | 6 | 9 | 2 |
| 9 | 8 | 6 | 1 | 4 | 2 | 7 | 5 | 3 |

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 | 5 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 3 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 7 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 2 | 1 | 9 | 3 |
| 6 | 7 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 |
| 2 | 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 2 | 7 | 8 | 1 | 9 |
| 5 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 2 | 8 | 1 |
| 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 1 | 9 | 6 | 5 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 6 | 5 | 3 | 7 | 4 |

### Bridge Ísak Örn Sigurðsson LIGHTNER DOBL

Íslandsmótið í einmenningi fór fram um síðustu helgi og eftir mikla baráttu um efsta sætið stóð Kristján B. Snorrason uppi sem Íslandsmeistari. Hann var með 57,4% skor. Sigurjón Harðarson varð í öðru sæti á hæla hans með 57,1% skor en Akureyringurinn Frimann Stefánsson endaði í þriðja sæti með 56,1% skor. Allir þeir þrjú voru efsta sætið um tíma í baráttunni þó Kristján hafi haft betur á endanum. Athyglisvert spil kom fyrir í síðustu umferð mótsins. Norður var gjafari og AV á hættu:

|  |   |   |
|--|---|---|
| <p><b>Vestur</b></p> <p>♠ ÁG10</p> <p>♥ -</p> <p>♦ ÁD96</p> <p>♣ ADG1052</p> | <p><b>Norður</b></p> <p>♠ D8543</p> <p>♥ DG10753</p> <p>♦ G8</p> <p>♣ -</p> | <p><b>Austur</b></p> <p>♠ 9</p> <p>♥ ÁK64</p> <p>♦ K742</p> <p>♣ K842</p> |
| <p><b>Suður</b></p> <p>♠ K762</p> <p>♥ 982</p> <p>♦ 1053</p> <p>♣ 964</p>    |   |   |

Á borðinu þar sem Frimann sat í vestur passaði Arnar Geir Hinriksson á norður-höndina. Austur opnaði á einum tigli og Frimann var með hálf- eða alslemmu í huga. Hann sagði 2 ♣ og Arnar Geir doblaði til að sýna hálitina. Austur sagði þá 3 ♣ og Frimann valdi rölega 3 ♦ sem var að sjálfsgöngu krafa. Þá valdi Arnar Geir 4 ♦ sem austur doblaði. Austur sagði 4 ♣ og Frimann tók ákvörðun um að stökkva í 7 ♦, þar sem hann bjóst við fleiri niðurköstum í þeim samningi heldur en laufum. Arnar Geir gaf svokallað „Lightner dobl“ (biður um trompun) sem barst óhindrað til Frimanns. Hann sá laufatrompun en vissi ekki hvort félagi ætti hjartaááinn og óhætt væri að segja 7 grönd. Hann valdi loksins pass og suður var svo vinsamlegur að spila út hjarta og samningurinn rann auðveldlega heim og hreinn toppur. Eitt þar spilaði 7 grönd. Ekkert þar spilaði minna en hálfslému í öðrum hvorum láglitanna. Sigurvegarinn Kristján var einnig í 7 ♦ og fékk sama útspil – en ódöbluðum.





# 100 ÁRA AFMÆLIS TILBOÐ

## Invite

- Margmiðlunartæki með skjá
- Leðurklætt aðgerðastýri fyrir útvarp, hraðastilli og Bluetooth
- USB tengi
- 6 hátalarar
- DAB+ (Digital Audio) útvarpstæki
- LED dagljós
- Regn- og ljósaskynjarar
- Rafdrifnar rúður
- Þokuljós að framan
- Hæðarstillanlegt bílstjórasæti
- 7 SRS loftþúðar
- ASTC spólvörn
- Brekkuaðstoð (Hill Start Assist)
- Rafmagnshandbremsa með sjálfvirkri biðstöðu
- Aflendurheimt á hemlum fyrir rafmótor
- AVAS hljóðviðvörðunarkerfi
- Bakkmyndavél
- Samlitir, aðfellanlegir, rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar
- Lyklalaus ræsing
- Skyggðar afturrúður
- Hiti í sætum
- Hraðastillir
- 18" álfelgur 225/55 R18
- App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu
- Tvískipt miðstöð með forhitara

## Invite+

- Umfram Invite:**
- Smartlink margmiðlunartæki með tengingu fyrir Android Auto og Apple Carplay
  - Hiti í stýri
  - LED þokuljós
  - LED aðalljós
  - 360° myndavél

## Intense

- Umfram Invite:**
- MME margmiðlunartæki með íslensku leiðsögukerfi
  - Hiti í stýri
  - 8 fjarlægðarskynjarar í fram- og afturstuðara
  - LED þokuljós
  - LED aðalljós
  - Neyðarhæmlun til varnar aftanákefslum
  - Fjarlægðartengdur hraðastillir
  - Akreinavari
  - Vöktunarkerfi að aftan (Rear Cross Traffic Alert)
  - Blindhornaviðvörn
  - 360° myndavél
  - Rafdrifinn afturhleri

## Instyle

- Umfram Invite:**
- MME margmiðlunartæki með íslensku leiðsögukerfi
  - Hiti í stýri
  - 8 fjarlægðarskynjarar í fram- og afturstuðara
  - LED þokuljós
  - LED aðalljós
  - HID aðalljós með sjálfvirkri hæðarstillingu
  - Neyðarhæmlun til varnar aftanákefslum
  - Fjarlægðartengdur hraðastillir
  - Akreinavari
  - Vöktunarkerfi að aftan (Rear Cross Traffic Alert)
  - Blindhornaviðvörn
  - 360° myndavél
  - Rafdrifinn afturhleri
  - Rafhituð framrúða
  - Rockford Fossgate 710W hljómkerfi með 9 hátölurum
  - Leðursæti með rafstýringu fyrir öikumann
  - Sóllúga



Outlander Invite PHEV 4x4  
**4.390.000**  
Verðlistaverð: 4.890.000



Ný sending væntanleg!

Outlander Invite+ PHEV 4x4  
**4.590.000**  
Verðlistaverð: 4.990.000



GENGUR BÆÐI FYRIR  
RAFMAGNI OG BENSÍNI

Outlander Intense PHEV 4x4  
**4.890.000**  
Verðlistaverð: 5.690.000



Outlander Instyle PHEV 4x4  
**5.290.000**  
Verðlistaverð: 6.190.000

Nú fer 100 ára afmælishátíð Mitsubishi að ná hámarki og því höfum við ákveðið að bjóða enn fleiri gerðir af Outlander PHEV á ótrúlegu afmælistilboði. Notaðu tækifærið og skiptu yfir í nýjan Outlander PHEV. Hann gengur bæði fyrir rafmagni og bensíni og kemur með fimm ára ábyrgð. Komdu í reynsluakstur og finndu út hvaða típa passar þér best. Við hlökkum til að sjá þig!



FYRIR HUGSANDI FÓLK

Verð og tilboðsverð eru háð gengi erlendra gjaldmiðla á hverjum tíma og geta breyst án fyrirvara.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is  
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ


## KRAKKAR

# Konráð

272

## og félagar

### á ferð og flugi



„Er næsta þraut þá að þekkja þennan skýhnoðra?“ spurði Kata þegar hún sá næstu mynd. „Nei, ekki alveg,“ sagði Lísaloppa. „Hér stendur: Hvaða íslenski jökull er þetta? Athugið að búið er að snúa myndinni af honum.“ „Búið að snúa

myndinni af honum,“ át Kata hneyksluð upp eftir Lísuloppu. „Þessi þraut á ekki að vera auðveld.“ Svo tautaði hún fyrir munni sér. „Það þýðir víst ekki að fást um það, bara snúa myndinni á alla kanta og þá hljótum við að finna út hvaða jökull þetta er.“

Sérð þú  
hvaða jökull  
þetta er?



## Listaverkið



Þessi mynd er eftir Ara Jökul Óttarsson í 3. bekk sem var að prófa nýju tússlitina.

## Leikurinn



## Nú fellur laufið

Nú fellur laufið af flestum trjánum því fyrr en varir er komið haust. En krakkar syngjandi tipla' á tánum og tralla lagið sitt endalaust. Tra la la..... (lagið endurtekið á tralli)

Í 1. og 2. línu standa þátttakendur fyrir aftan stóla og leika tré sem laufin falla af.

Í 3. og 4. línu og trallinu breytast þeir í krakka og tipla á tánum um stofuna en eiga að vera komnir aftur fyrir stólinn sinn á síðasta trallinu.



Hér er hún Selma Briet með úkúlelið sem hún er að æfa sig að spila á.  
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Dreymir um að taka þátt í Eurovision

Hún Selma Briet Andradóttir er átta ára gömul og er í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði en hver er upphaldsnámsgreinin hennar?

Mér finnst lestur skemmtilegastur af því það er alltaf eitthvað spennandi að gerast í bókum.

**Æfir þú eitthvað utan skólans?** Ég er að æfa handbolta í FH, söng í Söngskóla Maríu Bjarkar og svo er ég líka að læra á úkúlele.

**Hvert er upphaldslagið þitt?** Já, það heitir Vetur og ég samdi það sjálf með vinkonu minni Erlu Lilju í fyrra. Lagið Ást með Ragnheiði Gröndal er líka upphaldslagið mitt og Augnablik með Öldu Dís er líka mjög skemmtilegt lag.

**Hvaða söngvarar finnst þér bestir?** Upphaldssöngkonurnar mínar eru Alda Dís, Ragnheiður Gröndal og upphaldssöngvarinn minn er Páll Óskar.

**Hvað gerir þú helst í frístundum?** Þegar ég á frí elska ég að föndra, leika við vinkonur, æfa mig að

**ÉG LABBAÐI ÚT Á SOKKUNUM OG SETTIST INN Í BÍLINN OG MAMMA KEYRDI AF STAÐ. ALLT Í EINU FATTAÐI ÉG AÐ ÉG VÆRI EKKI Í NEINUM SKÓM.**

syngja og svo er ég stundum að semja tónlist.

**Dreymir þig um eitthvað sérstakt í framtíðinni?** Já, mig dreymir um að taka þátt í Eurovision og mig dreymir líka um að allir í heiminum séu vinir.

**Hvað er það skritnasta sem hefur komið fyrir þig?** Það er þegar ég var einu sinni að fara í afmæli og ég gleymdi að fara í skó. Ég labbaði út á sokkunum og settist inn í bílinn og mamma keyrði af stað. Allt í einu fattaði ég að ég væri ekki í neinum skóm. Það var mjög skrytið.

**Hvað langar þig að verða þegar þú ert orðin stór?** Þá langar mig að verða söngkona.

## Lausn á gátunni

Langjökull

# Um LAND ALLT



HEFST MÁNUDAGINN 23. OKTÓBER  
KLUKKAN 19:25

## Um land allt

Kristján Már Unnarsson ferðast vítt og breitt um landið, heilsar upp á fólk í leik og starfi og heyrir þau sjónarmið sem helst brenna á fólki í ólíkum byggðum.




MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 1817

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur



Hægir vindar og skýjað með köflum, en norðankaldi og fer að rigna fyrir austan seinnipartinn, jafnvel slydda til fjalla. Fremur milt í veðri.

## Heimurinn

|                 |               |                |               |              |              |            |
|-----------------|---------------|----------------|---------------|--------------|--------------|------------|
| Kaupmannah. 14° | Oslo 7°       | Stokkhólmur 9° | Gautaborg 11° | Helsinki 5°  | Bórshöfn 11° | Nuuk -5°   |
| London 15°      | Amsterdam 16° | Paris 17°      | Berlin 13°    | Madrid 20°   | Brussel 17°  | Róm 24°    |
| Boston 11°      | New York 12°  | Orlando 21°    | Moskva 3°     | Singapúr 28° | Tókýó 17°    | Sydney 14° |

## Reykjavík

|  |                             |                            |                              |                               |                               |
|--|-----------------------------|----------------------------|------------------------------|-------------------------------|-------------------------------|
|  | <b>Sunnudagur</b><br>6° ← 6 | <b>Mánudagur</b><br>9° ↖ 7 | <b>Þriðjudagur</b><br>8° ← 7 | <b>Miðvikudagur</b><br>7° ↙ 8 | <b>Fimmtudagur</b><br>7° ↙ 12 |
|--|-----------------------------|----------------------------|------------------------------|-------------------------------|-------------------------------|

## Ísafjörður

|  |                             |                             |                              |                                |                               |
|--|-----------------------------|-----------------------------|------------------------------|--------------------------------|-------------------------------|
|  | <b>Sunnudagur</b><br>2° ↖ 2 | <b>Mánudagur</b><br>4° ← 10 | <b>Þriðjudagur</b><br>4° ↙ 4 | <b>Miðvikudagur</b><br>3° ↙ 14 | <b>Fimmtudagur</b><br>3° ↙ 11 |
|--|-----------------------------|-----------------------------|------------------------------|--------------------------------|-------------------------------|

## Akureyri

|  |                             |                            |                              |                                |                              |
|--|-----------------------------|----------------------------|------------------------------|--------------------------------|------------------------------|
|  | <b>Sunnudagur</b><br>2° ↖ 1 | <b>Mánudagur</b><br>7° ← 9 | <b>Þriðjudagur</b><br>4° ↖ 3 | <b>Miðvikudagur</b><br>4° ↓ 10 | <b>Fimmtudagur</b><br>4° ↓ 7 |
|--|-----------------------------|----------------------------|------------------------------|--------------------------------|------------------------------|

## Egilsstaðir

|  |                             |                             |                              |                               |                              |
|--|-----------------------------|-----------------------------|------------------------------|-------------------------------|------------------------------|
|  | <b>Sunnudagur</b><br>3° ↓ 4 | <b>Mánudagur</b><br>7° ← 11 | <b>Þriðjudagur</b><br>5° ↓ 5 | <b>Miðvikudagur</b><br>5° ↓ 4 | <b>Fimmtudagur</b><br>6° ↓ 7 |
|--|-----------------------------|-----------------------------|------------------------------|-------------------------------|------------------------------|

## Kirkjubæjarklaustur

|  |                             |                             |                              |                               |                              |
|--|-----------------------------|-----------------------------|------------------------------|-------------------------------|------------------------------|
|  | <b>Sunnudagur</b><br>6° ↙ 2 | <b>Mánudagur</b><br>8° ← 10 | <b>Þriðjudagur</b><br>8° ← 6 | <b>Miðvikudagur</b><br>7° ↘ 4 | <b>Fimmtudagur</b><br>8° ↓ 2 |
|--|-----------------------------|-----------------------------|------------------------------|-------------------------------|------------------------------|

## Pondus

**Det irske oprøret**

Irland kan betragtes som den ældste britiske koloni, og ingen steder var nationalistenes bitterhed stærre. I 1922 blev landet den femte britiske domæne, og i 1937 forlod det Samveldet og fik fuld selvstændighed. Det var den forebyggende avlætningen på en strid som havde vart i et halvt århundrede, og som havde sat dybe spor efter sig i begge land. I 1914 vedtog det britiske parlament den lange omstridte "Home Rule Bill", som gav begrænset selvstændighed til Irland. I løbet af sommeren 1916 oprettede den irske republikanske hær i Dublin et irsk parlament, valgte en regering og udtalte Sinn Féin's leder Eamon de Valera som præsident.

**Republikken Éire**

De blodige tilstandene ved selvstændigheden skabte et fredsønske som holdt de moderate ved makten i ti år, men næste sandt bitterhed overfor alt som var britisk. Irene forsøgte at erstatte det engelske talerskab ved å gjenopplive gælisk, og de britiske politiske ledere blev demonstrativt modstandere af den nye økonomiske fornia oppretttholdt. Det irske

de seg som irsk parlament, valgte en regering og udtalte Sinn Féin's leder Eamon de Valera som præsident.

ble avvist av de Valera og hans republikanske fløy. I en forlengelse av kampen mot britene innledet de en terrorbølge mot de irskere som hadde gått inn for avtalen, og blant annet ble Collins myrdet. Rødt for borgerkrig ble avvirket da de moderate i 1922 vant en overveldende seier over de tilhengere, som like etter gav opp terrort.

Eftir Frode Øverli

Ég gæti bara hætt í skóla! Höfuð á mér er alveg fullt!

Hvað er Darlington F.C. kallað?

Já, þá ættirðu að geta hæ...

The Quakers!

Biðdu nú við!

## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Mamma? Hvað?

Mamma? Hvað??

Mamma? HVAÐ?!

Mamma? HVAÐ?!

HVAÐ!?!?!?!?!?

Hvað? HVAÐ? HVAÐ?

Hvað? Ég held ég fari snemma í vinnuna í dag.

## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Úff! Hvílikur dagur!

Enginn myndi trú því hversu erfitt er að sitja í stól heilan dag.

Enginn hérna megin allavega!

**theater**  
**mogul**  
kynnir

„Salurinn EMJADI úr hlátri“  
-Fjarðarpósturinn

Bæjarbíó Hafnarfirði

Gamla Bíó Reykjavík

# HELLISBÚINN

Leikari: **Jóel Sæmundsson**  
Leikstjórn: **Emma Peirson**

MIÐASALA Á MIÐI.IS

## TILBOÐ Á ÖLLUM SÓFUM 10-25% AFSLÁTTUR



MODESTO LEÐURHORNSÓFI  
Stærð: 300X210cm  
Verð: 399.900,-  
**TILBOÐSVERÐ: 359.910,-**



ARES 4RA SÆTA SÓFI  
Breidd: 278cm  
Verð: 188.000,-  
**TILBOÐSVERÐ: 159.800,-**

CANNON TUNGUSÓFI  
Stærð: 216X163cm -færanleg tunga  
Verð: 169.900,-  
**TILBOÐSVERÐ: 127.425,-**



DICE 4RA SÆTA LEÐURSÓFI  
Breidd: 303cm  
Verð: 285.000,-  
**TILBOÐSVERÐ: 256.500,-**  
DICE SKEMILL  
Verð: 49.500,-  
**TILBOÐSVERÐ: 44.550,-**

**HALLOWEEN**



**219**  
kr. kg

Grasker



**1,2kg**

**1.195**  
kr. 1,2 g

Mackintosh Konfekt  
1,2 kg

**BÓNUS ALLRA  
LANDSMANNA**



**298**  
kr. 350 g

ES Salamipizza  
Frosin, 350 g



**198**  
kr. 300 g

ES Ostapizza  
Frosin, 300 g



**298**  
kr. 400 g

Bónus Piparkökur  
400 g

**BONUS**  
**Smáratorgi**

Höfum opnað endurbætta og stærri verslun við Smáratorg



**Rýmri  
opnunartími**

aðeins í Bónus Smáratorgi

Mánudaga - Fimmtudaga

**10:00 - 19:00**

Föstudaga - Laugardaga

**10:00 - 19:30**

Sunnudaga

**11:00 - 18:00**



# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Sykurlaus  
**ORKUDRYKKUR**  
Engar hitaeiningar



**59**

kr. 250 ml

**ES Orkudrykkur**  
Sykurlaus, 250 ml

**300g**



**298**

kr. 300 g

**Heima Suðusúkkulaði**  
300 g

**38%**  
afsláttur



**198**

kr. 462 g

**Stjörnuegg Stórstirni**  
6 stór egg, 462 g - Verð áður 322 kr.

**PRÓTEINBOMBA**



**200kr**  
verðlækkun

**1.398**

kr. 200 g

**Gullfiskur Bitafiskur**  
200 g - Verð áður 1.598 kr.



**398**

kr. 750 ml

**Sollu Rauðrófusafi**  
750 ml, lífrænt



**RÍFUR VEL Í**

**498**

kr. 200 ml

**Sollu Engifersköt**  
200 ml, lífrænt

**4stk.**

**NÝBAKAÐ!**



**198**

kr. 4 stk.

**Bónus Kringlur**  
4 stk.

**4stk.**

**NÝBAKAÐ!**



**359**

kr. 4 stk.

**Bónus Kjallarabollur**  
Með osti, 4 stk.



**398**

kr. 400 g

**Bónus Gulrórtarkaka**  
400 g

# BONUS EKKERT BRUÐL

Opunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00  
Bónus Smáratorgi: Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Ein allra áhugaverðasta Tosca sem ég hef sungið

**Sópransöngkonan Claire Rutter hefur sungið fjölda hlutverka víða um heiminn við góðan orðstír. Hennar uppáhald er þó alltaf Tosca, hlutverkið sem kveikti ást hennar á óperutónlistinni strax á unga aldri.**

Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is



Þetta er besta græna herbergi heimi," segir enska óperusöngkonan Claire Rutter og horfir yfir úfið hafið og bætir við: „Mér líður eins og ég sé í hafinu sjálfu og það er engu líkt," og er greinilega heilluð af útsýninu fyrir utan gluggana í Hörpu þar sem Íslenska óperan frumsýnir í kvöld eina vinsælustu óperu allra tíma, Toscu eftir Giacomo Puccini, þar sem Claire Rutter fer með samnefnt aðalhlutverk. Önnur einsöngshlutverk eru í höndum Kristjáns Jóhannssonar, Ólafs Kjartans Sigurðarsonar, Ágústs Ólafssonar, Bergþórs Pálssonar, Þorsteins Freys Sigurðssonar, Fjölnis Ólafssonar og Sigurbjarts Sturlu Atlasonar. Leikstjórn er í höndum Gregs Eldridge en hljómveitarstjóri er Bjarni Frimann Bjarnason.

En nú sest Claire Rutter með bakið í höfnina en sjórinn er enn í huga hennar. „Upprunalega er ég frá Newcastle, fædd í bænum South Shields, þannig að sjávarsíðan stendur mér nærri. Móðurættin mín er svo frá Shetlandseyjum og Færeyjum, þannig að ég finn fyrir tengingu við bæði Ísland og fólk. Og það sem gleður mig allra mest er að Íslendingar eru með sama hómor og ég og fólk mitt."

#### Stóra ástin

„Ég byrjaði að syngja þegar ég var 12 ára gömul þegar móðir mín fór með mig í leikhús þar sem vantaði

fleiri krakka í kórinn við látbragðs-sýningu. Ég sagði að ég gæti hvorki leikið né sungið en væri alveg til í að koma með þrátt fyrir það og þarna komst ég að því að ég gat alveg sungið. Í framhaldinu fór ég að sækja söngtíma og tók svo þátt í Gilbert og Sullivan uppfærslu, G&S eins og við köllum það heima, og það var þar sem ég byrjaði fyrir alvöru," segir hún og brosir við tilhugsunina.

Claire Rutter stundaði síðan söngnám við Guildhall School of Music and Drama í ein sjö ár en skyldi hún hafa vitað það snemma að óperusöngurinn yrði hennar viðfangsefni? „Já, algjörlega, ég var fjórtán ára þegar ég tók þá ákvörðun. Ég ákvað reyndar þá að ég ætlaði að syngja Toscu eftir að ég heyrði upptöku af Renótu Scotto syngja þetta dásamlega hlutverk. Þá vissi ég reyndar ekki hvort ég væri með rödd sem hæfði Toscu en ég vonaði það svo innilega, enda var þetta þegar ég varð ástfangin af óperunni."

En hvers vegna óperusöngur, var það alltaf draumurinn? „Nei, hreint ekki, fyrst ætlaði ég mér að vera í söngleikjatonlistinni, syngja West Side Story og My Fair Lady, en svo var mér sagt að ég væri með óperurödd. Röddin var orðin þannig strax á táningsárunum að kennarnir heyrðu að ég hljómaði eins og óperu- en ekki söngleikjasöngkona. Það er í raun ótrúlega mikill munur á þessu tvennu og þó svo að það séu stöku hlutverk söngleikjamegin sem ég gæti sungið þá er þetta allt önnur ógun og ólík tækni þar sem er notast við hljóðnema sem er ekki í óperuheiminum. Ég elska samt að fara í leikhúsið og sjá góðar söng-



Claire Rutter óperusöngkona er full eftirvæntingar að flytja Toscu fyrir íslenska áhorfendur í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

leikjauppfærslur en óperan er stóra ástin."

#### Með James Bond

Claire Rutter segir að hún hafi verið afar heppin að loknu námi og að þaðan hafi leiðin legið í The National Opera Studio en á námsárunum hafi hún verið til vara í nokkrum óperuhlutverkum. „Ég var svo heppin að af þeim fjórum hlutverkum þar sem ég var til vara þá kom til þess að ég fékk að syngja þrjú þeirra. Það allra besta fyrir ungan söngvara er að sjást á sviðinu og sumir lenda í því að vera alltaf til vara en koma aldrei fram og það jafnvel árum saman. Í eitt skiptið var ég í hlutverki Alice Ford í Falstaff á Edinborgarhátiðinni og stjórnandinn, Sir Richard Armstrong, heyrði mig syngja og réð mig í framhaldinu til þriggja ára við The Scottish Opera."

Ferill Claire Rutter hefur vissulega verið glæsilegur allt síðan þá. Hún hefur sungið mikið í Bandaríkjunum, m.a. við óperuna í Dallas þar sem hún var tilnefnd til Mariu Callas verðlaunanna fyrir túlkun sína á Fiordiligi í Così fan tutte. Tosca hefur þó lengi verið eitt af hennar helstu hlutverkum og hún segir að þetta sterka samband hennar við þetta hlutverk snúist ekki einvörðungu

um tónlistina. „Það er sú staðreynd að maður verður að vera jafn fær sem leikkona og söngkona til þess að takast á við þetta hlutverk. Þegar ég byrjaði að syngja þá lagði ég mikla áherslu á leiklistina og seinna tók ég mér reyndar árs fri frá söngnum og einbeitti mér að því að leika. Mig langaði til þess að vita hvernig það væri að vinna í sjónvarpi en svo sneri ég mér aftur að söngnum. Ég reyndar valdi mér skóla út frá því að geta lært hvort tveggja því þarna er afskaplega góð leiklistardeild og ég útskrifaðist þaðan 1998 með Daniel Craig, James Bond sjálfum, sem er mín besta atlaða að heimsfræðinni," bætir hún við og skellihlær.

#### Einstök uppfærsla

Um hlutverkið sjálf segir hún: „Tosca er ástríðufull og kærleiksrik. Trygglýnd og afbrýðisöm. Sterk kona sem ég finn til samsvörunar með og nýt þess að takast á við." En hvernig er að fara með sama hlutverkið á milli uppfærslna þar sem er stundum mikill áherslumunur á milli leikstjóra og hljómveitarstjóra? „Að syngja Toscu er nánast fastmótað. Áherslur hljómveitarstjóra varðandi hraða og styrk breyta í sjálfu sér ekki svo miklu hvað það varðar. En það sem nýr leikstjóri kemur með snýst um

annað. Í þessu tilviki hér erum við með ungan og gríðarlega hæfileikaríkan leikstjóra, Greg Eldridge, sem hefur fengið mig til þess að velja Toscu meira fyrir mér en nokkra sinni áður. Greg gefur okkur frelsi og við leggjum áherslu á tilfinningaþáttinn og mögulega er þetta áhugaverðasta Tosca sem ég hef sungið á ferlinum. Greg er hæfileikaríkur og spennandi leikstjóri sem ég held að eigi eftir að ná langt.

Ég held að íslensku áhorfendurnir geti leyft sér að hlakka til því að upp færslan hér er einstök. Ég er líka þakklát fyrir að hafa unnið hér með dásamlegum kollegum því það gefur manni svo mikið. Kristján Jóhannsson kemur með alla sína reynslu, þekkingu og persónutöfra en er líka opinn fyrir hugmyndum og að þróa þetta áfram. Óli er líka yndislegur og í raun alltof góð manneskja til þess að syngja Scarpia en hann syngur einn allra fallesta Scarpia sem ég hef heyrt. Það besta er að við erum öll samstíga í því að tónlistin og tilfinningarnar eru kjarninn í því sem við erum að gera og ég vona alveg heitt og innilega að íslensku áhorfendurnir eigi eftir að njóta sýningarinnar til fulls. Ef ég finn sanna ánægju koma frá salnum þá gefur það því sem maður er að gera gildi."

„Svo öflugt er ljós einingarinnar að það getur upplýst alla jörðina."

-Bahá' u' lláh

200 ára

200 ÁRA FÆÐINGARHÁTÍÐ  
**BAHÁ' U' LLÁH**  
1817-2017

**Bahá' íar um allan heim fagna á þessu ári  
200 ára fæðingarhátíð Bahá' u' lláh,  
Höfundar bahá' í trúarinnar.**

Við bjóðum þér/ykkur innilega að fagna með okkur.

www.bahai.is



## Gæsa húð aftur og aftur

### TÓNLIST



**Jóhann Kristinsson barítón og Ammiel Bushakevitz pianóleikari fluttu lög eftir Schumann, Mahler, Rossini og fleiri.**

**Salurinn í Kópavogi**  
fimmtudaginn 19. október

Ég las einhvers staðar að það séu fjögur leiðarstef í kántrísöngvum. Þau eru: 1. „Ást og trygglýndi“, 2. „Hvernig á að lifa lífinu“, 3. „Það gengur ekki“ og 4. „Þetta er búið.“ Þegar litið var yfir söngtextana á tónleikum Jóhanns Kristinssonar barítóns og Ammiel Bushakevitz pianóleikara á tónleikum í Salnum á fimmtudagskvöldið þá sá maður eitthvað af þessum stefnum, sérstaklega það síðastnefnda. En umfjöllunarefnið var miklu fjölbreyttara, þarna voru líka ævintýri og goðsagnir, náttúrustemningar og heimspekilegar vangaveltur.

Jóhann söng fyrst Liederkreis (Söngvasveig) op. 39 eftir Schumann. Hann gerði það fjarskalega vel. Röddin var björt og hljómmikil, afar tær á efstu tónunum. Túlkunin var full af blæbrigðum, í senn óguð og tilfinningarík.

Píanóleikurinn var ekki síðri. Í þessum lögum, sem eru tólf, stendur píanórullan jafnfætis röddinni. Þetta er ekkert undirspil af þeirri gerðinni sem oft er að finna í íslenskum lögum. Nei, hér bætir píanóið við því sem vantar í sönginn og ófugt. Saman mynda söngvari og píanóleikari eina heild. Píanóið skapar stemninguna, umhverfið, rammann utan um sönginn. Umfjöllunarefni ljóðanna endurspeglast í píanóleiknum. Þar er að finna alls konar myndmál, og það undirstrikar það sem söngvarinn syngur um hverju sinni. Bushakevitz gerði þetta meistaralega. Leikur hans var margbrotinn, allt frá ofurviðkvæmum hljómunum upp í magnaða hápunkta. Tónmyndunin var sérlega falleg, gegnsæ og fókuseruð, rétt eins og söngurinn.

Eftir hlé var Mahler á dagskránni. Fyrst komu Söngvar fírusveinsins, sem segja frá ástarsorg og eru í fjórum hlutum. Túlkunin var ákaflega sannfærandi, þrungin tilfinningaofsa, sérstaklega þriðja ljóðið sem var einkar áhrifamikil. Í því fjórða, sem fjallar um ferðalag út í nóttina og er gætt ólýsanlegu, himnesku andrúmslofti, var stemningin slík að það er ógleymanlegt. Hvilik raddfegurð, hvilíkur tófrakennndur píanóleikur. Hvilik upplifun!

Fjögur lög úr Des Knaben Wunderhorn eftir Mahler fylgdu í kjölfarið. Það fyrsta, Revelge, er saga úr hernum. Það var svo yfirmáta glæsilegt, bæði hjá söngvara og píanóleikara að nokkrir tónleikagestir stóðu upp þegar það var búið til að láta í ljós hrifningu sína, þótt tónleikunum væri ekki lokið. Stígandin í laginu var ótrúlega spennuþrungin; sívaxandi, ógnandi hergöngutakturinn í píanóinu og karlmannlegur, en örvaentingarfullur söngurinn framkallaði gæsa-húð.

Þeir félagar tóku nokkur aukalög, og þar vakti mesta lukku Largo al factotum út Rakaranum frá Sevilla eftir Rossini. Það var því lík flugeldasýning að fólk æpti af hrifningu. Hinn ógnarhraði söngur þar sem orðunum var skotið út eins og úr vélbyssu var fullkomlega skýr, hvergi heyrðist feilnóta. Ljóst er að Jóhann er ekkert síðri á óperusviðinu en í ljóðasöngnum og er nú þegar kominn í hóp fremstu tónlistarmanna þjóðarinnar.

Jónas Sen

**NIDURSTADA:** Magnaður söngur og



Ammiel Bushakevitz pianóleikari og Jóhann Kristinsson barítón slógu ærlega í gegn í Salnum.

**KALT STRÍÐ  
OG HEITAR  
TILFINNINGAR**

GERÐUR  
KRISTNÝ

**SMARTÍS**

Skáldsaga

Reykjavík á  
9. áratugnum

Unglingur fótar sig  
í tilverunni

Meitluð og áleitn  
skáldsaga

**FYRIR  
AÐSTOÐ  
INNANLANDS**

gjofsemgefur.is  
907 2002

Hjálparstarf  
kirkjunnar



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | laugardaga 11-15 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

**LAUGARÁS BÍÓ** - bara lúxus -

**midí.is** Miðasala og nánari upplýsingar

**HAPPY DEATH DAY**  
FÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARIKJUNUM!  
SÝND KL. 8, 10.10

**Hnetu ranið 2**  
SÝND KL. 1.50, 4, 6

**THE SNOWMAN**  
MICHAEL FASSBENDER  
SÝND KL. 8, 10.30

**Kingsman**  
SÝND KL. 10

**SONUR STÓRFÓTAR**  
SÝND KL. 1.50

**UNDIR TRÉNU**  
SÝND KL. 4, 6, 8

**MY LITTLE PONY**  
SÝND KL. 1.50, 3.50, 5.50

**SAMBÍÓINN SAMBIO.IS**

Frá þeim sömu og færðu okkur Independence Day Hörkuspennandi hamfaramynd

REESE WITHERSPOON  
★★★★★  
ENTERTAINMENT WEEKLY  
★★★★★  
NEW YORK POST  
★★★★★  
CHICAGO TRIBUNE  
Starting over is not for beginners.  
**Home Again**  
Besta rómantíska gamanmynd ársins!

**GEOSTORM**  
GERARD BUTLER, JIM STURGESS, ABIE CORNISH, ED HARRIS, JANDY GARCIA

**BLADE RUNNER 2049**  
RYAN GOSLING, HARRISON FORD  
★★★★★  
88%  
Ein besta mynd ársins

Byggð á metsölubók Jo Nesbø  
Michael Fassbender  
**THE SNOWMAN**

LEGO NINJAGO MOVIE  
★★★★★  
USA TODAY  
★★★★★  
INDIEWIRE  
Sýnd með íslensku tali

Úr smíðu Stephen King  
★★★★★  
CHICAGO SUN-TIMES  
★★★★★  
SAN FRANCISCO CHRONICLE  
85%

| SAMBÍÓINN                   | ÁLFABAKKA                      | EGILSHÖLL                       | KRINGLUNNI                          |
|-----------------------------|--------------------------------|---------------------------------|-------------------------------------|
